



Þakklát þjóðinni Kastriot Pepaj faðmar Hermann Ragnarsson múrarameistara og góðvín Pepaj- og Phellum-fjölskyldnanna. Fjölskyldurnar sneru aftur til Íslands frá Albaníu í gær eftir að hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt. Fjölskyldunum var vísað úr landi í desember eftir að hafa dvalist hér um nokkurt skeið. **Sjá síðu 4** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Prefalt fleiri mæta í ræktina í janúar en í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Allt að 40% fleiri í ræktinni

VIÐSKIPTI Fólki sem stundaði líkamsrækt fyrstu vikuna í janúar fjölgaði um allt að 40 prósent milli ára. Líkamsræktarstöðvar segjast finna fyrir bæði meiri sölu á líkamsræktarkortum og fleirum á námskeið.

Sala korta hjá Hress í janúar jókst um tólf til fimmtán prósent milli ára að sögn Lindu Hilmarsdóttur, eiganda og framkvæmdastjóra og Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri Hreyfingar, segir að venjulega komi þrisvar sinnum fleiri í janúar en í desember. – **sg / sjá Markaðinn**

Margra mánaða bið í krabbameinseftirlit

Sjúklingur varð sjálfur að þrýsta á um að fá skoðun eftir þriggja mánaða bið.

HEILBRIGÐISMÁL Kona sem lauk meðferð vegna brjóstakrabbameins fyrir ári hefur þurft að bíða svo mánudum skipti til að komast í eftir meðferð á Landspítalanum.

Konan segist vera eingöngu eitt dæmi af mörgum en hún átti að mæta í eftirlit í október síðastliðnum. Hún var aftur á móti ekki boðuð til læknisins og hringdi að lokum rétt fyrir jól til að óska eftir viðtali við lækinn sinn. Þá var henni sagt að biðin væri allt fram í apríl.

„Okkur þykir mjög leitt að fólk þurfi að bíða eftir eftirliti. Það er þó verið að vinna að því að koma þessu

Það er ekkert launungarmál að álagið er komið yfir þolmörk starfandi lækna á deildinni.

Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítalanum



í betri farveg,” segir Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítalanum.

Krabbameinlæknum hefur fækkað um helming frá árinu 2008 vegna mikils álags og ýmissa annarra þátta, svo sem launa. Gunnar segir það vissulega hafa áhrif á starfsemi. „Það er ekkert launungarmál að álag á lækna deildarinnar er komið vel yfir þolmörk,” segir hann.

Gunnar segir ástæður lækna-skorts á deildinni vera margþættar, meðal annars vegna of mikils álags og að læknum bjóðist bæði betri laun og vinnuáðstæður erlendis. – **ebg / sjá síðu 6**

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN

Hætta á **kínverskri** fjármálakreppu. Niðursveifla í Kína hefði áhrif um alla heimsbyggðina. Skuldir hafa margfaldast í landinu frá 2007.



SKOÐUN Snorri Baldursson skrifar um auglýsingaherferð Norðuráls. **12-16**

SPORT Hafðís Sigurðardóttir flytur til Svíþjóðar. **18**

MENNING Þrjár ólíkar og spennandi ljósmyndasýningar verða opnaðar í Þjóðminjasafninu á laugardaginn. **24-26**

LÍFID Hver leikur hvern í söngleiknum Djöflaeyjunni? **30-34**

PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

STORSÝNING

Í HEKLU 16/1/16

Veður



Í dag og fimmtudag verður áfram köld norðanátt og él eða dálítil snjókoma, en léttskýjað sunnan- og vestanlands.

SJÁ SIÐU 22



Lögreglumenn fylgjast með mótmælendum í Leipzig. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hundrað handtekin í mótmælum

ÞÝSKALAND Óeirðir brutust út í tengslum við mótmæli gegn „íslamsvæðingu Vesturlanda“ í þýsku borginni Leipzig á mánudagskvöld.

Kveikt var í bifreiðum og skemmdir unnar á byggingum. Meira en tvö hundruð voru handteknir en alls tóku um tvö þúsund manns þátt í mótmælunum.

Mótmælendurnir kenna stefnu þýskra stjórnvalda um árásir og kynferðisbrot gegn fjölda kvenna í miðborg Kölnar um áramótin. Árásarmennirnir voru flestir úr hópi flóttafólks frá Sýrlandi.

Þýsk stjórnvöld boða nú hertar reglur um brottflutning flóttafólks.

Ofbeldið í Köln hefur einnig kynt undir ótta og andúð á flóttafólki og útlendingum almennt. Það hefur meðal annars brotist út í árásum á útlendinga, meðal annars í Köln um síðustu helgi þar sem flytja þurftu þrjá menn á sjúkrahús. - gb

200

manns hið minnsta voru teknir höndum þegar út brutust mótmæli í þýsku borginni Leipzig gegn „íslamsvæðingu Vesturlanda“.

Spjallað fyrir skóflustungu



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, og Páll Matthíasson, forstjóri LSH, slá á léttu strengi áður en sá siðarnefndi tók í gær fyrstu skóflustunguna að nýrri byggingu sem hýsa á jáeindaskannann sem Íslensk erfðagreining hefur fært þjóðinni að gjöf. Verðmæti gjafarinnar er um 840 milljónir króna og verður skanninn tekinn í gagnid í lok árs. Í fyrra fóru um 200 sjúklingar í jáeindaskanna í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skýrsla kostaði 4,8 milljónir

ALÞINGI Svanbjörn Thoroddsen fékk greiddar 3,6 milljónir króna fyrir nefndarstörf við gerð skýrslu um starfsemi og rekstur Ríkisútvarpsins frá árinu 2007 sem kynnt var í lok október síðastliðins. Eypör Arnalds, formaður starfshópsins, fékk greitt frá menntamálaráðuneytinu öllu minni fjárhæð eða 750.000 krónur.

Þetta kemur fram í svari Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra við fyrirspurn Bjarkeyjar Olsen Gunnarsdóttur, þingmanns VG.

Almannatengslafyrirtækið KOM fékk einnig tæplega 98 þúsund vegna undirbúnings fjölmiðlafundar þar sem skýrslan var kynnt. Alls kostaði skýrslan því rúmlega 4,8 milljónir króna. - sa



Eypör Arnalds

Vill fá skýringar á aðförum lögreglunnar

Ekki var hringt í sólarhringsvakt barnaverndar á Akranesi þegar sextán ára stúlka var handtekin í ágúst og henni gert að afklæðast. Bæjarstjóri segir málið koma sér í opna skjöldu. Lögreglustjórinn á Vesturlandi tjáir sig ekki um málið.

LÖGREGLUMÁL Bæjarstjórinn á Akranesi, Regina Ásvaldsdóttir, hefur óskað skýringa frá lögreglunni á Vesturlandi vegna þess að barnavernd eða foreldrar voru ekki kölluð til þegar sextán ára stúlka var handtekin og henni gert að afklæðast svo hægt væri að leita að fíkniefnum. Atvikið átti sér stað síðla í ágúst í fyrra en greint var frá því í Fréttablaðinu í gær.

„Við erum með bakvakt allan sólarhringinn. Það á að kalla barnaverndarstarfsmenn út þegar barn er handtekið en hefur ekki verið gert í þessu máli,“ segir Regina. „Við höfum átt gott samstarf við lögregluna í þessum málum og því kemur þetta á óvart.“

Sigurður Tómas Magnússon, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir að lögreglan hafi lagalega skyldu til að hafa samband við barnavernd þegar einstaklingur undir lögaldr er handtekinn.

Hann segir að lögreglu beri að fá dómsúrskurð fyrir líkamsleit sé þess kostur. „Hún má hins vegar framkvæma líkamsleit án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum.“

Samkvæmt lögregluskýrslu í málinu, sem rituð var 22 dögum eftir atvikið, fékk lögreglan á Vesturlandi nafnlausu ábendingu þess efnis að fíkniefni væri að finna í bíl sem stúlkan var farþegi í og að öku maður bílsins væri undir áhrifum fíkniefna. Í kjölfarið var hún og aðrir í bílnum færðir á lögreglustöð þar sem stúlkunni var sagt að afklæðast og beygja sig fram svo hægt væri að skoða kynfæri henni og rass án snertingar. Engin fíkniefni fundust.

Það á að kalla barnaverndarstarfsmenn út þegar barn er handtekið en hefur ekki verið gert í þessu máli.

Regina Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Akraness



Í fíkniefnabrotamálum er algengt að það sé látið nægja að lögreglan vísi til þess að nafnlaus heimildarmaður, eða heimildarmaður sem lögreglan treystir, hafi haft samband með upplýsingar.

Sigurður Tómas Magnússon, prófessor við Háskólann í Reykjavík



„Þarna finnst mér mestur vafi leika á hvort það var rökstuddur grunur og hvort ekki hafi mátt biðja eftir dómsúrskurði. Í fíkniefnabrotamálum er algengt að það sé látið nægja að lögreglan vísi til þess að nafnlaus heimildarmaður, eða heimildarmaður sem lögreglan treystir, hafi haft samband með upplýsingar,“ segir Sigurður. Hann spyr sig hvort svo rík þörf hafi verið fyrir skjóttum viðbrögðum að ekki hefði mátt biðja eftir dómsúrskurði.

„Ef þú samþykkir leit þá kemur það í stað úrskurðar. Þegiandi samþykki dugir ekki og það er ekki hægt að segja að hún hafi ekki mótmælt leit og þar með samþykkt hana,“ segir Sigurður. Samkvæmt stefnu á hendur íslenska ríkinu sem liggur fyrir í málinu hlýddi stúlkun lögreglu og „laut boðvaldi lögreglunnar í einu og öllu“ en samþykki lá ekki fyrir.

Hann segir að lögreglan hafi heimildir til að rannsaka en ef ekkert finnst séu góðar líkur á bótum. „Þetta er auðvitað ofsalega niðurlægjandi framkvæmd, það getur hver séð í hendi sér.“

Lögreglustjórinn í umdæmi lögreglunnar á Vesturlandi kys að tjá sig ekki um málið. snaeros@frettabladid.is

Bætur fyrir ólöglega sýnatöku

Árið 2011 fékk kona bætur frá íslenska ríkinu vegna þess að lögreglan á Selfossi tók þvagsýni úr henni án samþykkis hennar. Valdi var beitt til að koma fyrir þvaglegg hjá konunni og var henni haldið niðri á meðan sýnið var tekið. Í bréfi umboðsmanns Alþingis vegna málsins kom fram að lögreglan hefði ekki gætt meðalhófs og auk þess gerst brotleg við 3. grein Mannréttindasáttmála Evrópu sem kveður á um bann við pyndingum eða annarri „ómánnúðlegri eða vanvirðandi meðferð“.

Ertu með MYNDhug?



4G

Heimanagerið hjá Nova

Einfalt og fljótlegt að taka í notkun, bara stinga í samband!

50 GB
4.990 kr.

100 GB
6.990 kr.

250 GB
8.990 kr.



4G box Wi-Fi router

11.990 kr. stgr.

Verð m.v. 6 mán. þjónustu-
samning í áskrift í 50 GB
eða stærri pakka.

Fullt verð: 22.990 kr.
með áskrift og frelsi.



Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

6 mánaða þjónustusamningur: Mánaðarlegur reikningur greiddur með kreditkort.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

Mælingar úr háloftunum sagðar skila nákvæmari veðurspám

VEÐUR „Það hefur sýnt sig að villur í langtíma veðurspám eiga oft rætur sínar að rekja til háloftanna,“ segir Haraldur Ólafsson veðurfræðingur en Veðurstofa Íslands sleppti í gær loftbelg upp í háloftin sem ætlað er að mæla vind, hita, raka, loftþrýsting og ryk í um tuttugu kílómetra hæð.

Haraldur segir sambærilegar mælingar á ryki undanfarið hafa sýnt um tuttugu þúsund rykagnir í hverjum lítra lofts. „Þetta er töluvert mikið meira en í sambærilegri hæð yfir jörðu sunnar á hnettinum. Það staðfestir þann grun sem fyrir lá um að það væri fullt af ryki í

Margt bendir til þess að þessar agnir séu þarna fastar og að þær geti hangið þarna árum saman.

Haraldur Ólafsson veðurfræðingur



háloftalægðinni sem er yfir norður-skautinu á veturna, og fimm til tíu sinnum meira en sunnar á hnettinum,“ segir Haraldur.

Þá segir hann koma fyrir að magn rykmengunar í veðurspálikönum

kunni að vera rangt með farið og það valdi skekkjum í langtíma veðurspám. Það gerist af því að rykagnirnar stöðva hluta af orku sólarinnar sem breytir hitastigi í háloftunum. Hitinn stýrir síðan vindakerfinu. Mæling á magni rykmengunar mun að sögn Haraldar hjálpa til við að skila nákvæmari veðurspám.

„Margt bendir til þess að þessar agnir séu þarna fastar og að þær geti hangið þarna árum saman,“ segir Haraldur og bendir á að meðal þess sem yti undir þá tilgátu sé sú staðreynd að agnirnar séu þéttari en sunnar á hnettinum. – þea



Loftbelg til veðurathugana sleppt. MYND/VEÐURSTOFAN

Segja að kerfið hafi klikkað

FANGELSISMÁL „Við treystum dómstólum og treystum því að Hæstiréttur myndi að lokum dæma eftir lögum. Það voru okkar mistök. Við áttum að ganga út frá því frá byrjun að kerfið virkaði ekki,“ sagði Ólafur Ólafsson, fangi á Kvíabryggju, í viðtali við kvöldfréttir Stöðvar 2 í gær.

Ólafur Ólafsson, Magnús Guðmundsson og Sigurður Einarsson, fyrrverandi bankamenn í Kaupþingi, afplána nú dóm á Kvíabryggju. Þeir segja kerfið ekki hafa verið þeim nægilega hliðhollt og ekki verið farið eftir lögum þegar þeir voru dæmdir til fangelsisvistar. Reka þeir allir mál fyrir endurupp-tökunefnd sem og fyrir Mannréttindadómstólum í Strasbourg.

Töldu þeir Pál Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar, hafa ekki gætt nægilega vel að sér í ummælum í fjölmiðlum um þeirra mál.

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, sagði ummæli Páls Winkel um þá í fjölmiðlum ekki sönn og hafa þeir kvartað til umboðsmanns Alþingis vegna þeirra. Hefur embætti umboðsmanns óskað eftir skýringum Fangelsismálastofnunar vegna málsins. –sa

Við treystum dómstólum og treystum því að Hæstiréttur myndi að lokum dæma eftir lögum. Það voru okkar mistök. Við áttum að ganga út frá því frá byrjun að kerfið virkaði ekki

Ólafur Ólafsson, fyrrverandi bankamaður í Kaupþingi



Tap gæti orðið átján milljarðar

Innflutningsbann Rússa á íslenskar sjávarafurðir hefur staðið yfir síðan í ágúst. Skýrsla um efnahagsleg áhrif bannsins var kynnt í gær. Einhugur ríkir innan ríkisstjórnarinnar um að halda áfram að styðja efnahagsþvinganir gegn Rússlandi. Tap þjóðarbúsins gæti numið þremur til átján milljörðum króna á næstu árum.

UTANRÍKISMÁL Efnahagsleg áhrif innflutningsbanns Rússlands hér á landi geta orðið umtalsverð. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu fyrirtækisins Reykjavík Economics um efnahagsleg áhrif innflutningsbannsins á íslenska hagsmunum.

Innflutningsbann Rússlands á íslenskar sjávarafurðir hefur staðið yfir síðan í ágúst og stafar af því að íslensk stjórnvöld hafa tekið þátt í efnahagsþvingunum Bandaríkjamanna og ESB gagnvart Rússlandi. Hingað til hafa alþjóðlegar deilur haft lítil áhrif á viðskiptatengsl þjóðanna. Að mati skýrsluhöfundar getur tap íslenska þjóðarbúsins vegna bannsins hlaupið á þremur til átján milljörðum króna á næstu árum.

Mikill samdráttur ríkir í efnahagsmálum í Rússlandi, kaupmáttur fer minnkandi og mikil óvissa ríkir um hvaða áhrif efnahagslögðin hefur á eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum. Þó kemur fram í niðurstöðum skýrslunnar að bannið hefur mun meiri áhrif á smærri hagkerfi en þau sem stærri eru og skýrsluhöfundar telja ljóst að innflutningsbannið komi hlutfallslega verst niður á Íslendingum miðað við aðrar þjóðir sem bannið nær til.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segja að einhugur ríki innan ríkisstjórnarinnar um að halda áfram að styðja efnahagsþvinganir gegn Rússlandi. Gunnar Bragi segir að skýrslan sjálf breyti engu varðandi afstöðu ríkisstjórnarinnar og hann telur ljóst að mögulegt tap sé minna en haldið var í upphafi.

Erfitt þykir að ætla með mikilli nákvæmni hver heildaráhrif innflut-



Innflutningsbannið hefur staðið yfir síðan í ágúst sl. Makrill og sild eru mikilvægustu útflutningsvörur Íslands til Rússlands. FRÉTTABLAÐID/JSE

Ég held hún [skýrslan] staðfesti það sem við höfum sagt hvað varðar tjón vegna tapaðra viðskiptahagsmuna.

Kolbeinn Arnason, framkvæmdastjóri SFS



ingsbannsins verða á íslenskt hagkerfi en fram kemur í skýrslunni að ljóst sé að staðbundin áhrif þess í sumum sveitarfélögum geta verið alvarleg, sér í lagi ef bannið mun halda áfram til lengri tíma.

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir að mikilvægt sé að styðja þær byggðir sem verða fyrir mestu tjóni út af innflutningsbanninu. Hann segir þó að ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu sammála um að halda áfram að styðja aðgerðirnar gegn Rússlandi.

Kolbeinn Arnason, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

(SFS), segir að skýrslan staðfesti áhyggjur og fyrri yfirlýsingar útgerðarmanna.

„Ég held hún staðfesti það sem við höfum sagt hvað varðar tjón vegna tapaðra viðskiptahagsmuna. Við erum svo líka með skýrslu frá Bygðastofnun frá því í september sem sýnir fram á tjón fyrir einstök byggðarlög og starfsfólk sjávarútvegsfyrirtækja þar sem við erum að horfa á að þetta hefur bein áhrif á um þúsund manns,“ segir Kolbeinn.

Skýrslan var unnin að beiðni samráðshóps stjórnvalda og hagsmunasamtaka á Rússlandsmarkaði. thordis@frettabladid.is

Kraftaverk að vera komin til Íslands

SAMFÉLAG Albönsku Pepaj- og Phellumb-fjölskyldurnar komu til Íslands á ný í gær og sögðust íslensku þjóðinni afar þakklátar fyrir þann stuðning sem þeim hefur verið sýndur.

Fjölskyldurnar voru sendar heim til Albaníu í desember síðastliðnum eftir að hafa dvalið hér á landi um nokkurt skeið. Við komuna til Albaníu sóttu fjölskyldurnar um íslenskan ríkisborgararétt og fengu hann stuttu síðar.

Kastriot og Xhulia Pepaj sögðu það ólýsanlega tilfinningu að fá stuðning íslensku þjóðarinnar. Enn fremur sögðu þau það draumi líkast að koma aftur til Íslands. „Börnin eru mjög ánægð yfir að vera komin aftur og eru spennit fyrir leikskólunum. Kevi er líka spennit fyrir að hitta vini sína,“ sagði Xhulia í samtali við fréttastofu en sonur þeirra hjóna, Kevi, er með ólæknandi slímseigisjúkdóm.

Sonur Phellumb-hjónanna, Arjan, er aftur á móti með hjarta-



Kevi Pepaj í fangi Hermanns Ragnarssonar, vinar fjölskyldnanna, við komuna til landsins. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

galla og sagði faðir hans að Arjan þyrfti líklega að fara í skurðaðgerð á næstunni. Hann sagði fjölskylduna hins vegar mjög hamingjusama að vera komna aftur til Íslands. „Þið hafið breytt lífi okkar. Nú erum við

íslensk. Við munum gera allt sem við getum til að aðlagast menningunni hér. Við bjuggumst aldrei við því að koma hingað aftur en þetta er kraftaverk. Nú ætla ég að leita mér að vinnu.“ – þea

Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði



tths.is

Tækniþróunarsjóður

LÁNSHÆFT NÁM

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI



FJARKENNSLA
Í BEINNI



LÁNSHÆFT
NÁM

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

- L** Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að gera sér frama á upplýsingatækni sviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein.

VIÐFANGSEFNI

Meðal viðfangsefna: • Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA • MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar

STÍGDU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

Hefst: **25. og 26. janúar 2016** • Lýkur: **janúar 2017**
Lengd: **546 std.** • Dag- og kvöldhópar • Verð án prófa: **899.000 kr.**
Verð með 8 alþjóðlegum prófum: **1.099.000 kr.**

AÐRAR LÁNSHÆFAR NÁMSBRAUTIR TÆKNINÁMS

- L** Netstjórnun – CCNA
Hefst **25. janúar** • **250 std.** • **649.000 kr.**

- L** Kerfisstjórnun: MCSA+O365
Hefst **25. janúar** • **250 std.** • **649.000 kr.**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

TÆKNINÁM

Fimmtudaginn
14. janúar kl. 17:30

VIÐURKENNDUR BÓKARI

Þriðjudaginn
19. janúar kl. 18:00

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- L** Markmiðið er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar
- L** bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Nemendur læra einnig námstækni í MindManager hugarkortshugbúnaðinum.

Námið skiptist í fimm hluta: • **Bókhald – grunnur** • **Bókanám fyrir lengra komna** • **Skattskil einstaklinga með rekstur** • **Viðurkenndur bókari.**

Námsbrautin er unnin í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ).

Hefst: **3. feb.** • Lýkur: **19. des. 2016** • Lengd: **413 std.**
Morgun- og kvöldhópar • Verð: **544.000 kr.**

LÁNSHÆFT NÁM

NÝTT

Sérstakur samstarfssamningur Promennt og Framtíðarinnar námslána-sjóðs gerir nemendum Promennt á völdum námsbrautum nú mögulegt að sækja um námslán (skólagjöld) og framfærslulán.

FJARKENNSLA

NÝTT

Þessar námsbrautir bjóðast bæði í stað- og fjarnámi. Fjarkennslan okkar fer fram í beinni útsendingu sem þýðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslustundinni algjörlega óháð staðsetningu. **Nú fá nemendur einnig upptökur af völdum hluta námsins á ákveðnum námsleiðum.**


PROMENNT

Dreglar og mottur

á frábæru verði!

25%

Útsölu-afsláttur
af gúmmi-
takka- og gata-
mottum




1.643

Gúmmimottur margar
gerðir og stærðir,
verðdæmi 66x99cm
~~2.190~~

3mm gúmmidúkur finrifflaður

1.990 pr.lm.



1.590

PVC mottur 50x80 cm

66x120 cm kr **2.890**
100x150 cm kr **5.590**



Breidd: 1 metri
Verð pr. lengdarmeter

1.890

Breidd: 67 cm
Verð pr. lengdarmeter

1.595

Margar
stærðir
og gerðir

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ



MURBUDIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Vistun barna á Kópavogshæli

Viðtöl á vegum vistheimilaneftndar

Vistheimilaneftnd óskar vinsamlegast eftir því að þeir sem vistaðir voru sem börn á Kópavogshæli, eða aðstandendur þeirra, og hafa áhuga á því að veita nefndinni viðtal og upplýsa hana um vistunina, hafi samband við nefndina fyrir 1. febrúar 2016 í síma 545 8461 eða á netfangið vistheimilaneftnd@for.is

Jafnframt óskar vistheimilaneftnd vinsamlegast eftir því að þeir sem störfuðu á Kópavogshæli á umræddu tímabili, og búa yfir upplýsingum sem varpað geta ljósi á þau atriði sem nefndinni ber að kanna, hafi samband með sama hætti.

Samkvæmt erindisbréfi forsætisráðherra frá 4. júlí 2012, á grundvelli laga nr. 26/2007, um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn (vistheimilaneftnd), ber nefndinni að kanna hver hafi verið tildrög þess að börn voru vistuð á Kópavogshæli, hvernig opinberu eftirliti hafi verið háttáð með starfsemi stofnunarinnar og hvort börn sem þar voru vistuð hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð.

Könnun vistheimilaneftndar tekur til einstaklinga sem vistaðir voru á Kópavogshæli fyrir 18 ára aldur á árunum 1952-1993.

Syrgja merkan listamann



Aðdáendur hugsa til fallins átrúnaðargoðs við veggmynd af breska tónlistarmanninum David Bowie í Brixton í Lundúnum þar sem hann var fæddur. Fjöldi manns hefur lagt leið sína að veggmyndinni eftir að fregnir bárust af andláti Bowies, en hann lést eftir baráttu við krabbamein 10. janúar síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Læknum fækkað um helming á átta árum

Mikil mannekla á krabbameinsdeild Landspítalans veldur seinkunum í reglubundnu eftirliti. Erfiðlega hefur gengið að fullmanna deildina og er nú leitað út fyrir landsteinana eftir fólki. Yfirlæknir segir álagið vera komið yfir þolmörk.

HEILBRIGÐISMÁL Krabbameinssjúklingar sem hafa lokið meðferð eru reglulega kallaðir inn í eftirlit hjá krabbameinsdeild Landspítalans.

Kona sem lauk meðferð við brjóstakrabbameini fyrir ári bjóst við innköllun í október. Fyrir júl hafði hún ekki enn fengið simtal og hafði því samband við krabbameinsdeildina í lok desember. Þá fékk hún þau svör að hún þyrfti að bíða í allt að þrjú mánuði í viðbót eftir tíma hjá lækni. Í samtali við Fréttablaðið segist konan að lokum hafa „grenjað út“ viðtal enda hafi hún verið full kviða vegna óvissunnar og biðarinnar.

Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina, staðfestir að mikið álag sé á deildinni enda sé undirmannað. Hann er sjálfur í krabbameinsmeðferð og fór í veikindaleyfi í sumar. Þar með hafi krabbameinlæknum fækkað um helming frá árinu 2008.

„Krabbameinlæknum hefur farið fækkandi undanfarin ár vegna

Krabbameinslæknum hefur farið fækkandi undanfarin ár vegna ýmissa ástæðna. Það er mikið álag og þeim bjóðast betri laun og vinnuáðstæður erlendis.

Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítalanum



ýmissa ástæðna. Það er mikið álag og þeim bjóðast betri laun og vinnuáðstæður erlendis,” segir Gunnar.

Til að bregðast við undirmönnun og auknu álagi hefur verið einblínt á að sinna krabbameinssjúklingum. „Í samvinnu við aðrar faggreinar höfum við komið eftirlitinu í aðrar hendur. Hins vegar er brjóstá-

krabbameinseftirlitið enn í okkar höndum og okkur þykir mjög leitt að fólk þyrfti að bíða eftir eftirliti. Það er þó verið að vinna að því að koma þessu í betri farveg.“

Tekist hefur að sinna krabbameinssjúklingum með því að leggja meira á krabbameinlækna og auka þverfaglega teymisvinnu með öðrum heilbrigðisstéttum. „En það er ekkert launungarmál að álag á lækna deildarinnar er komið vel yfir þolmörk.“

Gunnar segir ráðningar vera í forgangi en því miður hafi gengið erfiðlega að fullmanna deildina. Auglýst hafi verið eftir starfsfólki og leitað út fyrir landsteinana. Hann segist þó vera bjartsýnn á að það náist að finna lausn á málunum.

„Hin þverfaglega teymisvinna mun skila miklu með frekari reynslu og álagið mun minnka talsvert þegar ég get farið að sinna sjúklingum að fullu aftur. Við erum líka bjartsýn á að nýir lækningar muni ráða sig við deildina,” segir hann. erlabjorg@frettabladid.is

nicorette

Fæst í næsta
apóteki

THE TECHNO SPACE

5 EÐA 7 MANNA

NÚ FÁANLEGIR
SJÁLFSKIPTIR

NÝ, ÖFLUG OG
SPARNEYTIN VÉL

ÞRjú AFTURSÆTI
Í FULLRI STÆRÐ

ÓHINDRAÐ
ÚTSYNI



CITROËN C4 PICASSO
5 MANNA
Beinskiptur frá 3.790.000 kr.
Sjálfskiptur frá 4.090.000 kr.



CITROËN GRAND C4 PICASSO
7 MANNA
Beinskiptur frá 4.190.000 kr.
Sjálfskiptur frá 4.490.000 kr.

KOMDU OG SKOÐAÐU CITROËN C4 PICASSO OG GRAND C4 PICASSO

Hvort sem þú velur 5 eða 7 manna útgáfu er tæknin framúrskarandi og rýmið nánast takmarkalaust. Með snertiskjánunum stjórnar þú öllum aðgerðum og fylgist með lágri eyðslunni. Þökk sé óvenju hárrí framrúðu er innanrýmið baðað ljósi og útsýnið óhindrað. Allar breytingar á sætum eru einkar fljótlegar og auðveldar. Þrjú sæti í fullri stærð eru í sætaröð fyrir aftan framsæti. Báðir bílarnir eru nú fáanlegir með nýrri sjálfskiptingu og nýrri BlueHdi dísilvél sem í senn er öflug og sparneytin.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR

CRÉATIVE TECHNOLOGIE



citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshófa 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050





Mikið líf er í Norðfjarðarhöfn vegna umsvifa Síldarvinnslunnar. MYND/KSH

Hjá Síldarvinnslunni fór verðmæti yfir 10 milljarða

SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti skipa Síldarvinnslunnar og dótturfélaga hennar jókst um 23,8 prósent á milli árinna 2014 og 2015 en aflinn jókst um 35 prósent í tonnum talið og ræður þar aflaukning uppsjávarskipa langmestu. Heildaraflaverðmætið var 8.523 milljónir króna á árinu 2014 en 10.548 milljónir króna á árinu 2015.

Dótturfélög Síldarvinnslunnar eru Gullberg á Seyðisfirði sem gerir út togarann Gullver NS og Bergur-Huginn í Vestmannaeyjum sem gerir út togarana Bergey VE og Vestmannaey VE. Um er að ræða hæsta aflaverðmæti í sögu félagsins, en aflaverðmæti skipanna, Vestmannaeyjar og Bergeyjar, reyndist 2.285 milljónir króna. — há



Ólafur Þór Hauksson á skrifstofu sinni. Hann er bjartsýnn á stöðuna þrátt fyrir málafljóðann og segir einhuga hóp starfsmanna starfa hjá embætti héraðssaksóknara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flytja hátt í fjögur hundruð mál yfir til héraðssaksóknara

Héraðssaksóknari rannsakar mál lögreglufulltrúa sem var færður til í starfi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Miklar annir blasa við hjá embættinu. Hátt í fjögur hundruð mál eru á borði héraðssaksóknara. Starfsmenn embættisins verða um 50 talsins. Nýr héraðssaksóknari er bjartsýnn þótt verkefni séu mörg.

SAKAMÁL Ólafur Þór Hauksson tók við nýju starfi héraðssaksóknara þann 1. janúar síðastliðinn. Embætti héraðssaksóknara mun fara með rannsókn á brotum starfsmanna lögreglu. Ólafur Þór staðfestir að mál lögreglufulltrúans sem var færður til í starfi vegna þráláts orðrómis um brot í starfi sé til rannsóknar hjá embættinu. „Málið er til meðferðar, ég get ekki gefið upplýsingar um það,“ segir Ólafur Þór.

Ásakanir um brot lögreglufulltrúans í starfi voru hvað háværastar árið 2011. Karl Steinar Valsson, þáverandi yfirmaður fíkniefnadeildar, sagði í viðtali við Fréttablaðið á laugardaginn að hann hefði sjálfur framkvæmt ákæðna grunnsköðun sem þó mætti ekki kalla rannsókn. Um væri að ræða almenna skoðun þeirra gagna sem liggja fyrir. Ut frá því hafi hann útbúið greinargerð sem hann hafi sent til yfirmanna sinna og þannig fylgt öllum reglum.

Ákvarðanir um formlega rannsókn mála hafi ekki verið hans að taka, heldur þáverandi yfirmanna Karls, Friðriks Smára Björgvinsónar, sem nú gegnir stöðu yfir-lögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, og Jóns H.B. Snorrasonar, sem gegnir stöðu saksóknara og varalögreglustjóra hjá sama embætti.

Mál lögreglumanns í fíkniefna-

Við verðum allt í allt um fimmtíu talsins. Lunginn af starfsmönnum kemur frá Embætti sérstaks saksóknara.

Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari

deild sem sætti gæsluvarðhaldi kemur ekki á borð héraðssaksóknara. „Málið verður klárað hjá ríkissaksóknara, línan er sú, þær rannsóknir sem ríkissaksóknari hefur hrint af stað, hann klárar þær.“

Embætti héraðssaksóknara tekur við öllum verkefnum Embættis sérstaks saksóknara, sem lagt er niður frá sama tíma, en einnig verkefnum frá öðrum löggæsluembættum og ríkissaksóknara. Alls flytjast 174 verkefni til embættisins frá ríkissaksóknara. Í ákærumeðferð eru 47 mál, mál fyrir héraðsdómi 22, til rannsóknar 54 og mál í bið eru 80 talsins. Ólafur er bjartsýnn á stöðuna þrátt fyrir verkefnafjóðann. „Þetta er einbeittur hópur og er alveg einhuga um það að reyna að fara í gegnum þetta allt saman. Þetta er mikill fjöldi verkefna, ég viðurkenni það.“

Héraðssaksóknari mun hafa ákærvald og sjá um rannsóknir skatta- og efnahagsbrota og í öðrum sakamálum auk þess að rannsaka brot gegn valdstjórninni. Hjá emb-

ættinu verður einnig rannsakað peningabætti.

Héraðssaksóknari hefur hvort tveggja ákærvald og fer með lögreglustjórn á sínu verkswiði og hefur þannig stöðu og almennar heimildir lögreglustjóra.

„Við verðum allt í allt um fimmtíu talsins. Lunginn af starfsmönnum kemur úr Embætti sérstaks saksóknara, þrjú koma frá ríkissaksóknara með þekkingu á ákærhlutanum. Við fáum líka starfsmann frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og þá mun starfsmaður hjá ríkislögreglustjóra, Björn Halldórsson, sjá um rannsóknir á peningabætti.“

Miklar annir eru fram undan hjá embættinu. „Í þessu er fölginn heilmikil áskorun. Við erum annars vegar með töluvert mikið af verkefnum sem snúa að efnahagsbrotum og svo bæst við ný. Það er verið að taka við þessum málum, skrá þau og ganga frá þeim og úthluta þeim til meðferðar. Það má segja að það séu mikil verkefni á stofnuninni núna.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

Lagerstarf hjá Imtex

Imtex óskar eftir drífandi starfsmanni í 80 til 100% vinnu. Í starfinu felst tiltekt pantana, útkeyrsla og annað sem til fellur.

Áhugasamir sendi umsókn merкта „100% lagerstarf“ á starf@10-11.is.

imtex
warehouse

Klettagarðar 6
104 Reykjavík

15% afsláttur af 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmii

- Allar bragðtegundir
- 2 mg og 4 mg

Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint



Gildir til 17. jan 2016

Apótekarinn+

- lægra verð

www.apotekarinn.is

Spennandi námskeið um efni Biblíunnar

byrjar **fimmtudaginn 14. janúar kl. 20**, og verður á sama tíma alla fimmtudaga í Boðunarkirkjunni, Álfaskeiði 115, Hafnarfirði. Húsið opnar kl. 19 og verður boðið upp á súpu og brauð.

Fyrirlesari verður Steinþór Þórðarson sem í áratugi hefur leiðbeint fólki að kynna efni Biblíunnar. Fólk er boðið að spyrja og spjalla um einstök atriði er varða Biblíuna og boðskap hennar. Sérstök áhersla verður lögð á efni Opinberunarbókarinnar, sem boðar orlagaríka viðburði nútímans. Þetta verða athyglisverðar stundir sem allir hafa gagn og blessun af.

Biblíutextar og myndskýringar verða birtar með Powerpoint á veggnum, svo að allir geti fylgst vel með. **Allir eru velkomnir og þátttaka er ókeypis.**

Verkefni héraðssaksóknara

- Ákærvald og rannsóknir skatta- og efnahagsbrota
- Ákærvald í öðrum sakamálum
- Rannsókn á brotum starfsmanna lögreglu
- Rannsókn á brotum gegn valdstjórninni
- Peningabættisskrifstofa
- Endurheimt og upptaka ólöglegs ávinnings



LOGOCLIC®

20 ára ábyrgð



Bara í **BAUHAUS**

Trendtime Parket
25 ára
Gæðisábyrgð
Ráðgjöf

PARADOR
Aktion Rustik parket
Eik 3ja stafa. Þykkt 13 mm,
plankastærð 185 x 2200 mm.
Verð á m².

3.795.-
~~4.190.-~~



Vinto plastparket, Paola fura
Þykkt 8 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m².

2.495.-
~~2.995.-~~

Fagleg ráðgjöf og þjónusta

- ekki bara byggingavöruverslun

Beyki

895.-

Easyloc plastparket
Þykkt 6 mm, plankastærð 193 x 1380 mm. Afar auðvelt að leggja. Fæst í beyki og ítalskri hnotu. Verð á m².

LOGOCLIC® 15 ára ábyrgð

Bara í **BAUHAUS**

1.495.-
~~1.995.-~~

Edition plastparket, hnota
Þykkt 7 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m².

LOGOCLIC® 20 ára ábyrgð

Bara í **BAUHAUS**

3.995.-
~~4.995.-~~

Elegancia Ash Salerno plastparket
Þykkt 12 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m².

Auglýst verð gildir til og með sunnudeginum 31. janúar 2016.
Gildir á meðan birgðir endast.





Flutningaskip í höfn. Nokkra daga tekur að draga Hoffellið til hafnar á Íslandi.


FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Þór með Hoffell í togi til landsins

LANDHELGISGÆSLAN Varðskipið Þór er nú komið með flutningaskip Samskipa, Hoffell, í tog eftir um sólarhrings siglingu að skipinu.

Hoffellið varð vélarvana um 160 sjómílar suðvestur af Færeyjum, að því er fram kemur í tilkynningu Landhelgisgæslunnar.

Fram kemur að Þór hafi komið að Hoffellinu rétt fyrir ellefu í gærmorgun og að aðeins hafi tekið áhöfnina á Þór tæpa tvo tíma að koma taug á milli skipanna þrátt fyrir töluverða ölduhæð. „Þór er nú kominn á stefnu til Reykjavíkur með Hoffellið í drætti og er áætlað að varðskipið komi með Hoffellið til hafnar í vikulokin.“ – óká



Skrifstofa B'Tselem varð illa úti í brunnum. FRÉTTABLAÐID/ÉPA

Stórbruni á skrifstofum B'Tselem í Ísrael

ÍSRAEL Slökkviliðsstjóri Jerúsalem-borgar, Eli Peretz, segir að líklegast hafi ekki verið um íkveikju að ræða aðfaranótt mánudags þegar skrifstofa mannréttindasamtakanna B'Tselem brann til kaldra kola. Enginn slasaðist í eldsvoðanum.

B'Tselem heldur skrá yfir mannréttindabrot Ísraels gegn Palestínómönnum á hernumdum svæðum og var upphaflega óttast að ísraelskir öfgahópar hefðu kveikt í skrifstofunni en ofbeldisalda slíkra hópa hefur gengið yfir undanfarnar vikur þar sem skemmdarverk hafa verið unnin, meðal annars á moskum og palestínskum skólum.

„Rannsóknarlið okkar fann engin merki um íkveikju. Líklegast kom eldsvoðinn til vegna skammhlaups,“ sagði Eli Peretz. – þea

Íslamska ríkinu kennt um sjálfsvígsárásina í Istanbul

Sjálfsvígsárásarmaður, sem sprengdi sig í loft upp í Istanbul í gær, varð tíu manns að bana og særði fimmtán.

TYRKLAND Að minnsta kosti níu af þeim 25 sem létust eða særðust í sjálfsvígsárásinni í Istanbul í gær voru Þjóðverjar. Þýskir ráðamenn segja líklegt að einhverjir Þjóðverjar séu meðal hinna látnu.

Recep Tayyip Erdogan forseti fullyrðir að árásarmaðurinn hafi verið af sýrlenskum uppruna. Ahmet Davutoglu forsætisráðherra segir hann hafa verið liðsman Daish-samtakanna, eða Íslamska ríkisins svonefnda.

Tíu manns voru sagðir látnir og fimmtán særðir, þar af voru tveir enn í lífshættu.

Árásarmaðurinn sprengdi sjálfan sig í loft upp á fjölförnum ferðamannastað í gamla hluta borgarinnar, skammt frá Bláu moskunni og kirkjunni Hagia Sophia, sem nú er safn. Þetta gerðist klukkan rúmlega tíu að staðartíma, eða laust upp úr klukkan átta að íslenskum tíma.

Fyrir rúmu ári sprengdi kona sig í loft upp við lögreglustöð á sömu slóðum. Einn lögreglumaður lét þar lífið.

Undanfarna mánuði hafa nokkrar mannskæðar sprengjuárásir verið gerðar í Tyrklandi. Meira en hundrað manns létu lífið í höfuðborginni Ankara í október, þegar tvær sjálfsvígsárásir voru gerðar þar samtímis. Þá létu meira en 30 manns lífið í júlí í sprengjuárás í bænum Suruc, sem er skammt frá landamærum Sýrlands.

Tyrknesk stjórnvöld hafa kennt Daish-samtökunum um þessar árásir.

Í suðausturhluta Tyrklands, þar sem Kúrdar búa einkum, hafa enn fremur verið harðnandi átök undanfarna mánuði, eða allt frá því vopnahlé milli Kúrda og Tyrkja var rofið í júlí síðastliðnum.

Vopnahléið hafði staðið í tvö ár og vakið vonir um að sættir væru smám saman að takast eftir meira en tveggja áratuga vopnaða baráttu Kúrda fyrir sjálfstjórn.

Í sumar sem leið fengu tyrknesk stjórnvöld stuðning frá NATO til að hefja árásir á hryðjuverkamenn, og tilgreindu Tyrkir í rökstuðningi sínum til NATO að hætta stafaði bæði frá Kúrdum og frá Daish-samtökunum.

Tyrkir hafa þó verið sakaðir um að beina árásu sínum frekar að Kúrdum en að Daish-samtökunum, sem um leið gefur undan baráttu Kúrda gegn Daish í Sýrlandi.

gudsteinn@frettabladid.is



Fólk kemur sér burt af svæðinu sem var afgirt í Istanbul eftir árásina í gær. FRÉTTABLAÐID/ÉPA

Sjálfsvígsárás í Istanbul

Að minnsta kosti tíu létust og fimmtán særðust þegar maður sprengdi sig upp á torgi í Istanbul í gær skammt frá Bláu moskunni, þar sem töluvert er jafnan um ferðafólk.



Heimildir: Fréttastofur

25

hið minnsta létust eða særðust í sprengingu á fjölförnum ferðamannastað í gamla hluta í Istanbul í Tyrklandi í gær. Sjálfsvígsprengjumanni á vegum Íslamska ríkisins er kennt um. Fyrir rúmu ári sprengdi kona sig í loft upp við lögreglustöð á sömu slóðum.

» Undanfarna mánuði hafa nokkrar mannskæðar sprengjuárásir verið gerðar í Tyrklandi. Meira en hundrað manns létu lífið í höfuðborginni Ankara í október, þegar tvær sjálfsvígsárásir voru gerðar þar samtímis. Þá létu meira en 30 manns lífið í júlí í sprengjuárás í bænum Suruc, sem er skammt frá landamærum Sýrlands.

ÍSÞÚÍ

HERRALEGUR

Ísbúi hefur verið framleiddur frá árinu 1989 en fyrirmyndin var hinn vinsæli Danbo-ostur frá Danmörku, bragðmikill ostur með flauelsmjúka áferð og margslungið bragð sem er í senn grösugt og kjötkennt með ávaxtasætu í endann. Ísbúi parast jafn vel með sætu og söltu meðlæti og er virkilega skemmtilegur eftir matinn.



www.odalsostar.is

F&F
active



5.420kr



3.940kr



2.950kr



4.930kr



5.810kr



2.460kr



5.910kr



5.910kr



5.810kr



5.910kr



16.780kr



10.850kr



10.560kr



2.750kr



2.950kr



10.560kr



16.780kr



10.850kr

 Finndu okkur á
Facebook

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.
ATH! Allt vöruúrval fæst í Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum.

Enn bætist í misskiptinguna



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl. er dálitið forvitnileg. Frumvarpið, sem tekið var til fyrstu umræðu í desemberbyrjun, kveður á um afnám banns við gengislánnum og er lagt fram vegna þess að núverandi fyrirkomulag brýtur í bága við ákvæði Samningsins um evrópska efnahagssvæðið (EES) um frjálst flæði fjármagns á milli landa.

„Með hliðsjón af því markmiði frumvarpsins að bregðast við rökstuddu áliti Eftirlitsstofnunar EFTA frá 22. maí 2013, um að bann við gengistryggingu fjárskuldbindinga í íslenskum krónum í lögum um vexti og verðtryggingu samrýmist ekki 40. gr. EES-samningsins um frjálst fjármagnsflæði, og setningu varúðarreglna með neytendavernd og fjármálastöðugleika að leiðarljósi gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og styður framgang þess,“ segir í umsögninni.

Hagsmunir Íslands af aðildinni að EES eru ríkir og þeir líkast til fáir sem að lokinni smáumhugsun myndu leggja það til að því samstarfi yrði slitíð. Þess vegna er það hin ábyrga afstaða að láta af þessum hömlum á frjálsum fjármagnsflutningum, að því tilskildu að hér verði lagaumgjörð og heimildir Seðlabanka til inngrípa þannig að gengistryggð lán ögni ekki þjóðarhag.

Stöð 2 hefur í fréttum sínum um helgina og nú í byrjun vikunnar fjallað um frumvarpið og kemur í ljós að innan stjórnarinnar mætir frumvarpið nokkurri andstöðu. Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, sem og reyndar þingmenn stjórnarandstöðu, veltir upp spurningunni um misskiptingu nái frumvarpið fram að ganga. Þá hafa einhverjir brugðist reiðir við í athugasemdum á netinu. Í frumvarpinu er nefnilega gert ráð fyrir því að þeir sem svo vel eru staddir að standast sérstakt greiðslumat fái að taka lán í erlendri mynt, og losna þar með undan innlendum ofurvöxtum.

„Allur almenningur getur ekki gert það en hann þarf hins vegar að lifa við áhættuna sem þetta skapar. Þá er spurningin hvernig þjóðar það almannahagsmunum að innleiða slíkt ákvæði?“ spurði Frosti um helgina.

Svarið við því er líklega að hagar almennings er ríkari af því að við hrökkumst ekki út úr EES-samningnum vegna brota á honum. Misskiptinguna þarf fólk bara enn um sinn að búa við, eins og það gerir nú þegar, því þeir sem best settir eru í landinu þurfa ekki að hafa af því áhyggjur að fá greidd laun í óverðtryggðri krónu um leið og þeir bera skuldir í verðtryggðri útgáfu sömu myntar.

Með öðrum orðum þá er hér komin fram ein birtingarmynd þess kostnaðar sem þjóðin tekur á sig við að halda úti örmyntinni krónu, kostnaðar misskiptingar og óhóflegar vaxtabyrði. Auðvitað væri hægt að leysa vandann með því að kasta krónunni og þá stæðu allir jafnt og sæi fyrir endann á séríslenskri vaxtaþjáfn. En illu heilli er lítil sátt um einu raunhæfu leiðina að því marki.



Hagsmunir Íslands af aðildinni að EES eru ríkir og þeir líkast til fáir sem að lokinni smáumhugsun myndu leggja það til að því samstarfi yrði slitíð.

Halldór



Frá degi til dags

Ósáttur formaður

Formaður stærstu hagsmunasamtaka íslensks atvinnulífs, SFS, sagði í Útvarpinu í fyrradag að utanríkisráðherra væði í villu. Sök hans væri mikil því skaði sjávarbyggða væri gríðarlegur af ákvörðun ráðherra um viðskiptaþvinganir gegn Rússum. Ráðuneytið skoðaði orð formannsins og kom upp úr dúrnum að fátt stæðist. Nú er formaður SFS varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins og gerir sér fullvel grein fyrir því að utanríkisráðherra er ekkert eyland þegar kemur að þessari ákvörðun. Ríkisstjórnin hefur lagt blessun sína yfir þvinganirnar. Áhugavert að formaðurinn segi ekki allri ríkisstjórninni til syndanna í þessum efnunum.

Icesave lokið

10. janúar 2016 hafði Icesave-skuldin verið gerð upp að fullu þegar þrotabú Landsbankans greiddi um 210 milljarða króna. Nú fer í hönd sá tími að andstæðingar í þessu máli munu þurfa að finna önnur bitbein til að rifast um í íslenskri stjórnmaláumræðu. Það hljóta allir að gleðjast yfir því. Steingrímur J. Sigfússon sagði hins vegar í gær að Svavarssamningarnir hefðu skilað sömu niðurstöðu. Jóhannes Þór, útskýrari forsætisráðherra, var fljótur að kalla það auma tilraun til að skrifa söguna. Kannski rifrildinu sé ekki með öllu lokið. sveinn@frettabladid.is

Boltinn hjá Alþingi



Silja Dögg Gunnarsdóttir fulltrúi Framsóknarflokksins í velferðarnefnd Alþingis.

Stjórnmál hafa lagt mikla vinnu í að greina stöðu húsnæðismála síðustu misserin. Einnig hefur verið öflugt samráð um frumvarpsgerð við fjölda aðila á þessu sviði. Aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt til málanna eins og yfirlýsingin í tengslum við kjarasamningana sl. vor sýnir. Í henni eru mikilvægir þættir húsnæðismála tilgreindir. Ekki fer fram hjá neinum að félags- og húsnæðismálaráðherra hefur borið hitann og þungann af undirbúningi fjögurra frumvarpa til að bæta úr stöðunni með nýrri húsnæðisstefnu.

Tekjulágir á leigumarkaði

Húsnæðisfrumvörpin komu öll til Alþingis fyrir jól og velferðarnefnd er nú með þau til umfjöllunar. Mikilvægt er að þingmenn leggi kraft í nefndarstarfið þannig að unnt verði að lögfasta húsnæðisfrumvörpin. Félagsvisarnir, sem Hagstofan gefur út reglulega, gefa góðar vísendingar um velferð á Íslandi. Þeir sýna að stór hluti þeirra sem eru undir lágtekjumörkum hér á landi eru á leigumarkaði. Stærstu hóparnir þar eru tekjulágir einstaklingar og einstæðir foreldrar og börn þeirra. Ný húsnæðisstefna gagnast m.a. þessum hópum.

Lægra verð

Mikilvægt er að ná fram áherslunni sem er lögð á fleiri og ódýrari íbúðir. Stefnan er að félagslega leigukerfið verði fjármagnað með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga sem nema um þrjátíu prósentum af stofnkostnaði. Framlög, auk annarra þátta, ættu að leiða til þess að húsnæðiskostnaður tekjulágra einstaklinga nemi ekki herra hlutfalli en um 25 prósentum af tekjum þeirra. Því ætti einstaklingur með 300 þús. kr. í laun að greiða að hámarki um 65 þús.kr. í húsnæðiskostnað í nýja kerfinu. Byggja á 2.300 íbúðir á næstu fjórum árum. Þegar forsendur eru skoðaðar kemur í ljós að útreikningar gera m.a. ráð fyrir einföldun á byggingarreglugerð og lækkun lóða- og gatnagerðargjalda. Það mun skila sér í lægri byggingarkostnaði. Þannig verður unnt að veita tekjulágum fjölskyldum, sem hingað til hafa ekki átt kost á íbúðum í félagskerfi sveitarfélaganna, aðgang að ódýru og öruggu leiguhúsnæði.

Ég treysti á að þingmenn liði fyrir framgangi húsnæðisfrumvarpanna. Það er til mikils að vinna.

BRÉFABINDI EGLA

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FRÁ MÚLALUNDI

31% afsláttur

8 CM KJÖLUR
VERÐ 789 KR.
Verð áður: 1.149 kr.

5 CM KJÖLUR
VERÐ 789 KR.
Verð áður: 1.149 kr.

Sími: 540 2050 | pontun@penninn.is

Ósvífin auglýsingaherferð Norðurláls



Snorri Baldursson
formaður Landverndar

Barátta íslensku stóriðjufyrirtækjanna og samtaka þeirra fyrir lægra orkuverði hefur vakið athygli. Í því sambandi má minnst orða Harðar Árnasonar, forstjóra Landsvirkjunar, rétt fyrir jólin um að Norðurlál beiti kjara-deilunni í Straumsvík fyrir sig í samningaviðræðum um nýjan raforkusamning, en núverandi samningur fyrirtækisins rennur út árið 2019.

Ein birtingarmynd þessarar hagsmunabaráttu var býsna ósvífin auglýsingaherferð Norðurláls í prent- og ljósvakamiðlum yfir hátíðarnar þar sem m.a. komu fyrir slagorð eins og „Álið okkar“, „Álið eða áldósir“ má endurvinnna nánast endalaust / allt að hundrað sinnum“ og ál er „einhver grænasti málmur í heimi“. Landvernd hefur kært þessa auglýsingaherferð fyrirtækisins á grunni laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu á þeim forsendum að um sé að ræða, villandi, ófullnægjandi eða beinlínis rangar upplýsingar.

„Álið okkar“

Auglýsingar Norðurláls hafa reynt að byggja upp hreinleikamynd og þá tilfinningu að ál sé á einhvern hátt norrænn eða íslenskur málmur. Þetta er auðvitað blekking. Ef hægt er að tala um íslenskan málm yfir höfuð væri það væntanlega helst járn eða mýrarrauði. Þótt ál sé eitt algengasta frumefni Jarðarinnar finnst það ekki í vinnanlegu magni nema í málmgrýtinu baxíti (bauxite) sem verður til við veðrun bergs í hitabeltisloftslagi. Baxít er unnið frekar í svokallað súrál sem er hráefni álveranna. Árið 2011 flutti Norðurlál inn tæplega 550.000 tonn af súráli hingað til lands, um og yfir 6.000 km sjóleið frá m.a. Jamaíku og Suður-Ameríku. Álið sem unnið er á Grundartanga og annars staðar á landinu getur því traúla kallast íslenskt. Álverin nýta sér aftur á móti íslenska orku og íslenskt vinnuafli við álbræðslu. Norðurlál er heldur ekki í eigu Íslendinga, frekar en önnur álver á landinu.

„Álið má endurvinnna nánast endalaust /... allt að hundrað sinnum“

Þessar staðhæfingar í auglýsingum Norðurláls eru stolnar fjadrir, til þess fallnar að blekkja almenning. Það er rétt að ál er endurvinnanlegt. Hins vegar stundar Norðurlál ekki endurvinnslu heldur frumvinnslu á áli úr súráli. Fyrirtækið hefur heldur ekki sérstakan hag af endurvinnslu heldur þvert á móti hag af því að ál sé tekið út af markaðnum, að það sé ekki endurunnið. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfisstofnun BNA eru áldósir urðaðar þar í landi árlega í magni sem nemur ársframleiðslu áls á Íslandi (um einni milljón tonna). Sem sagt ef allar áldósir sem falla til í BNA væru endurnýttar hundrað sinnum mætti loka álverum á Íslandi miðað við núverandi framboð og eftirspurn áls í heiminum.

„Álið okkar er“ einhver grænasti málmur í heimi“

Þetta er líklega alvarlegasta blekkingin í auglýsingum Norðurláls. Það stenst ekki skoðun að ál eða álvinnsla sé græn/hrein í þeim skilningi að framleiðsla þess sé umhverfisvæn, eða að ál sé einhver grænasti málmur í heimi.

Vinnsla áls er gríðarleg orku-, vatns- og landfrekur iðnaður. Frumvinnsla á baxíti og súráli, hráefni

álverksmiðjanna, veldur afar neikvæðum umhverfisáhrifum. Miklar baxít námur finnast í Ástralíu, Brasilíu, Kína, Jamaíka, Rússlandi og víðar. Margar þeirra eru á landi sem þakið er hitabeltisökugi. Eðli málsins samkvæmt er þessum skógum eytt við vinnsluna. Úr baxíti er unnið súrál með aðferð sem nefnist Bayer-ferli. Í ferlinu verður til hættulegur úrgangur, svokallaður rauður leir, sem er viðurkenndur umhverfisskaðvaldur og hefur valdið miklum og mannskæðum meng-




Það er fjarri sanni að „Álið okkar“ sé einhver grænasti málmur í heimi.

unarslysum, sbr. slysið í Kolontár í Ungverjalandi í október 2010.

Síðasti hlekkurinn í framleiðslu-keðju áls, sjálf álbræðslan eins og Norðurlál stundar á Grundartanga, er einnig langt frá því að vera umhverfisvæn. Álver Norðurláls losar um 500.000 tonn af koltvisýringi árlega og umtalsvert magn brennisteinssambanda og flúors sem bændur á þynningsvæði álversins telja að hafi haft slæm áhrif á heilsu búfjár undanfarin ár, meðal annars valdið veikindum í hrossum á Kúludalsá við Hvalfjörð.

Líklega skákar Norðurlál í því skjólinu að það noti svokallaða græna orku. En er hægt að fullyrða að orkuframleiðsla, sem m.a. kaf-færir gróðurvinjar á hálendinu, ofnýtir háhitasvæði og spillir landslagi og víðernum, sé græn? Eftir Parísarsamkomulagið dregur vonandi hratt úr uppsöfnun koltvisýrings í andrúmslofti en örin á fjallkonunni sitja eftir um aldur og ævi. Það er fjarri sanni að „Álið okkar“ sé einhver grænasti málmur í heimi.



Munið að skila launamiðunum

Launamiðum ber að skila á rafrænu formi.
Skilafrestur vegna framtalsgerðar 2016 er til

20. janúar

Launamiðum og öðrum gögnum er eingöngu hægt að skila á rafrænu formi á þjónustusíðunni **skattur.is**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

✉
rsk@rsk.is

442 1000
þjónustuver 9:30-15:30



Nánari upplýsingar á www.rsk.is

BEINT TIL KA

NÝIR ÁFANGASTAÐIR — SUMAR 2016

LOS ANGELES
SAN FRANCISCO *frá*
19.999kr.*



ÞÚ FLÝGUR LENGRA MEÐ WOW AIR

Í sumar hefjum við beint flug til vesturstrandar Bandaríkjanna frá Íslandi.


Það eru sannkölluð stórtíðindi í íslenskri ferðaþjónustu. **Bókaðu flug til San Francisco eða Los Angeles, suðupott mannlífs og brakandi veðurbliðu — á verði sem fer beint í sögubækurnar.**

*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

ALIFORNÍU!



ÞÚ FINNUR RÉTTA RÚMIÐ HJÁ OKKUR



ÚTSALA
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

**Betra
BAK**

HEFST 31. JANÚAR

ÍSLAND GOT TALENT

vodafone HÁMARK
PRÓTEINRYKKUR

Íslenskt, já takk?



**Einar Freyr
Elinarson**
sauðfjörðbóndi
og formaður
Samtaka ungra
bænda

Eins og margir vita eru væntanlegir nýir búvörusamningar milli ríkis og bænda. Þessir samningar munu ákvarða starfskilyrði landbúnaðarins og bændur hafa beðið þeirra með nokkurri eftirvæntingu.

Það hefur verið mörgum bændum erfitt að vita ekki hvað tekur við þegar skrifað verður undir nýja samninga. Margir hafa haldið að sér höndum við framkvæmdir og sérstaklega við kaup á kvóta. Óvissan gerir áætlanagerð til langs tíma í búrekstrinum erfiða og ómarkvissa.

Það ríkir því mikil spennan hjá okkur bændum um þessar mundir.

Er forstjóri Haga nýr talsmaður neytenda?

Forstjóri Haga, Finnur Árnason, hljóp nokkuð harkalega á sig í grein í áramótablaði Viðskiptablaðsins. Þar skrifar hann um nýja búvörusamninga milli ríkis og bænda. Við lok lestursins þarf maður að minna sig á að þarna skrifar forstjóri stórrar verslunar því þar virtist frekar fara sjálfskipaður talsmaður neytenda. Þau hlutverk fara ekkert sérstaklega vel saman.

Forstjórinn gerist þar meira að segja svo djárfur að líkja búvörusamningum við Icesave-samningana sem þjóðin felldi. Það er í besta falli barnalegt og í versta falli rættin tilraun til að slá ryki í augun á fólki. Forstjórinn lætur sem hann skilji ekki muninn á samningi sem heldur fjármunum innan íslenska hagkerfisins eða samningi sem felur í sér að hundruð milljarða flæði út úr hagkerfinu. Svona skrifar nifaldur meðalmaður þegar kemur að launum. Maður vonar að menn séu skyldaðir til þess að vera heiðarlegir í skrifum sínum þegar þeir þiggja ofur-

laun. Þetta er ekki beinlínis til að ýta undir þá von.

Forstjórinn fullyrðir líka að með samningnum sé verið að viðhalda úreltu landbúnaðarkerfi. Staðreynd málsins er hins vegar sú að allar líkur eru á því að nýr samningur umbylti landbúnaðarkerfinu. Enda ekki vanþörf á.

Það þarf að reyna að vinda ofan af kerfi sem fylgir háfræmiskostnaður og stendur í vegi fyrir aukinni nýliðun. Um þetta eru flestir bændur sammála, þó við getum deilt um leiðirnar.

Samningaviðræðunum er hins vegar ekki lokið og engar tölur ennþá á hreinu. Það er því erfitt að gefa sér hvort samningurinn verði góður eða slæmur, þó margt bendi til þess fyrirnefnda.

Framtíðarhagsmunir eða skammtimagróði

Íslenskir bændur eru stoltir af vörinum sem við þjóðum neytendum. Við höldum því ekki fram að við séum endilega mikið betri bændur en erlendir kollegar okkar. Við erum hins vegar vel í sveit settir, þó að við leyfum okkur að bölvá veðrinu með reglulegu millibili.

Dýrin okkar eru heilbrigð og landið okkar er ómengað, eins og tölur um notkun lyfja og illgresiseyða sýna. Viða stefnir í óefni vegna ótæpilegrar notkunar sýklalyfja og víða er jarðvegur illa farinn vegna mikils álágs. Áherslan á okkar sérkenni mun því að öllum líkum aukast þegar fram líða stundir.

Það er þó ekki svo að okkar landbúnaður sé fullkominn. Viða má gera betur þegar kemur að aðbúnaði skepna. Samtök ungra bænda hafa lagt sérstaka áherslu á að endurskoða þurfi nálgun og eftirfylgni þegar kemur að málum er varða dýravelferð.

Þessu umhverfi getum við viðhaldið og betrubætt vegna þess að íslenska ríkið styður við landbúnað, eins og flest ríki heims. Við getum viðhaldið bústofnunum og landinu okkar með góðum starfsháttum.

Hvoru tveggja væri hins vegar hægt að forna ef sjónarmið verslunarinnar um að hámarka gróða til skemmri

Friðhelgin rofin



Karl Garðarsson
Þingmaður Framsóknarflokksins



Elin Hirst
Þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Börnin læra það sem fyrir þeim er haft. Fram til þessa hefur ríkt samstaða um það að stjórnmalasamtök stundi ekki pólitískan áróður gegn börnum í gegnum stofnanir ríkisins. Það er einfaldlega svo að börn hafa oft ekki þroska eða getu til þess að mynda sér sjálfstæðar skoðanir og enn síður til að meta það samhengi pólitískur áróður er settur fram í.

Þessi hugsanaháttur – um friðhelgi barna gegn pólitískum áróðri ríkisins, sést til að mynda glögglega í íslensku menntakerfi. Fram til þessa hefur verið talið mikilvægt að menntun sé óhlutdræg og byggja á rökhyggju og visindalegri þekkingu og sé að sama skapi ósnert af starfsemi og hugmyndafræði stjórnmalasamtaka. Það er vel, en í því samhengi ber þó að halda því til haga að ymsir hópar innan stjórnmalanna hafa sótt mjög að þessari friðhelgi undanfarin ár og krafist þess að sinni hugmyndafræði verði fundinn staður innan skólakerfisins.

Pólitísk slagsíða fær byr undir báða vængi

Þessi friðhelgi hefur fram til þessa gilt um starfsemi Ríkisútvarpsins – í það minnsta hvað börn snertir, enda hvílir á stofnuninni lagaskylda um hlutlægni og sanngirni. Hér er því ekki haldið fram að valdhafar hverju sinni þurfi ekki að þola neina gagnrýni, eða jafnvel háð, enda hvílir einnig á Ríkisútvarpinu skylda um að rýna störf yfirvalda á vandaðan og gagnrýninn hátt. Allir þurfa þó að fá að njóta sannmælis, en það er önnur og ólík umræða.

Í gegnum tíðina hafa loðað við Ríkisútvarpið kenningar um pólitíska slagsíðu í starfsemi þess. Það er óhætt að segja að þær hafi fengið byr undir báða vængi á gamlársgögnum. Í barnaþættinum Stundinni okkar gaf að sjá nokkur innslög sem lituðust mjög af pólitískum áróðri, en áttu á sama tíma lítið sem ekkert skylt við barnaefni. Þátturinn er tilefni þessara skrifa.

Óásættanlegur áróður á barnatíma

Í barnaþættinum mátti sjá forsætisráðherra og fjármálaráðherra þeysast um á gjöreyðingarskipinu „einkavæðarinn“ og tortíma bæði Landspítalanum og Ríkisútvarpinu, á milli þess sem þeir gerðu lítið úr heilbrigðisstarfsmönnum. Á öðrum stað í þættinum mátti heyra hvað Eyþór Arnalds hefði verið „leiðinlegur“ á árinu, en þannig vildi til að hann sat í nefnd sem skilaði af sér svartri skýrslu um fjárhag Ríkisútvarpsins í fyrra. Í barnatímanum var þeim skilaboðum komið áleiðis til barna að ríkjandi valdhöfum væri ekki treystandi og að þeir vildu eyði-



Vonandi skilja sem flestir að stuðningur við landbúnað er kerfi sem flestar þjóðir heims velja sér til þess að tryggja innlenda matvælaframleiðslu, ekki séríslenskt fyrirbrigði.

tíma yrðu ofan á. Ótakmarkaður innflutningur gæti á stuttum tíma gengið frá ákveðnum greinum landbúnaðarins. Ef við hins vegar hugsum til framtíðar er ekki óhugsandi að við munum græða á því að eiga hér heilbrigðar skepnur og ómengað land. Eftirspurn eftir matvælum sem framleidd eru án sýklalyfja mun að öllum líkindum aukast. Þegar sá veruleiki blasir við okkur getum við meira að segja rætt hvort ríkisstuðningur sé nauðsynlegur. En þangað til eru það allra hagsmunir að tryggja innlenda framleiðslu.

Vonum hið besta

Nýir samningar verða vonandi til þess að ungt fólk getur látið drauminn um að hefja búskap rætast. Það er nefnilega heilmikill áhugi fyrir búskap hjá ungu fólki. Ásókn í búfræðinám er mikil og þaðan er útskrifað fólk sem hefur metnað til þess að framleiða góðan mat á sem hagkvæmasta hátt.

Vonandi verða nýir búvörusamningar til þess að starfsumhverfi bænda verði þannig að búskapur standi undir mannsemandi launum.

Vonandi verður samhliða þessu farið í að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni, t.a.m. með ljósleiðaravæðingu og bættum samgöngum.

Vonandi skilja sem flestir að stuðningur við landbúnað er kerfi sem flestar þjóðir heims velja sér til þess að tryggja innlenda matvælaframleiðslu, ekki séríslenskt fyrirbrigði.

Vonandi voru allir ánægðir með afurðir okkar bænda á seinasta ári. Við munum að sjálfsögðu reyna að gera enn betur á því nýja.



Við köllum hér með eftir því að stjórnendur og starfsfólk Ríkisútvarpsins svari því með afgerandi hætti hvort þau telji ásættanlegt að pólitískum áróðri sé komið fyrir í barnaþáttum þess.

leggja grunnstoðir samfélagsins.

Pólitískur áróður af hálfu Ríkisútvarpsins sem beinist að börnum er með öllu óásættanlegur, óháð því hvaða stjórnmalamenn eða flokkar eru þar gerðir að bitbeini. Börn eru móttækileg fyrir skilaboðum sem þau hafa ekki fullar forsendur til að gaumgæfa á gagnrýninn hátt. Þetta endurspeglast til dæmis í því að ymsar tegundir auglýsinga eru bannaðar á barnatíma, einmitt vegna þess hve móttækileg börn eru fyrir þeim.

Hlustendur verðskulda svör

Ríkisútvarpið rauf með þessu áróðursbragði sínu friðhelgi um pólitískt afskiptaleyfi sitt gagnvart börnum, og brást um leið lagalegum og siðferðislegum skyldum sínum. Við köllum hér með eftir því að stjórnendur og starfsfólk Ríkisútvarpsins svari því með afgerandi hætti hvort þau telji ásættanlegt að pólitískum áróðri sé komið fyrir í barnaþáttum þess. Hlustendur Ríkisútvarpsins, og ekki síður foreldrar, verðskulda svar við því hver afstaða stofnunarinnar er til slíks áróðurs.



Innovation
that excites

WWW.NISSAN.IS

NISSAN QASHQAI ER VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS



TIL AFGREIÐSLU STRAX

Nissan Qashqai er einn tæknilegasti sportjeppi sem völ er á og hlaðinn aukabúnaði svo sem sjálfvirkum aðalljósum, 17" álfelgum, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, Google og Facebook samþættingu við snjallsíma svo eitthvað sé nefnt. Verið velkomin í reynsluakstur.

Verð: **3.990.000 kr.**

NISSAN QASHQAI ACENTA
Framhjóladrifinn, 1,5 dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*

Verð: **4.590.000 kr.**

NISSAN QASHQAI ACENTA
Framhjóladrifinn, 1,6 dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 4,6 l/100 km*

Verð: **4.990.000 kr.**

NISSAN QASHQAI ACENTA
Fjór hjóladrifinn, 1,6 dísil, beinskiptur
Eyðsla 4,9 l/100 km*



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516




Fyrst ég var að yfirgefa Akureyri yfirhöfuð þá langaði mig að fara eitthvert lengra.

Hafdis Sigurðardóttir

TANDRI SKILINN EFTIR

Tandri Már Konráðsson fer ekki með íslenska landsliðinu á EM í Póllandi en þetta kom fram í tilkynningu frá HSI í gær.



Tandri er eini leikmaðurinn í átján manna hópnum sem var valinn til að spila æfingaleikina gegn Þýskalandi um helgina sem ekki fer til Póllands. Mótið hefst á föstudaginn.

Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari Íslands, má hafa sextán leikmenn á skýrslu og mun ekki skýra frá því fyrr en annað kvöld hver verði sautjándi maðurinn í íslenska hópnum og standi fyrir utan liðið til að byrja með. Eftir að mótið hefst má hvert lið gera þrjár breytingar á leikmannahópi sínum.

Hópin má sjá í heild sinni á Vísi.

Ekki kom á óvart í vali á íslenska landsliðinu í handbolta fyrir EM í Póllandi. Eins og ég spáði. Menn gefa ekki tækifæri á EM. Eina.

Guðjón Guðmundsson
@gaupinn

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Þetta verður mitt ár

Hafdis Sigurðardóttir frjálsíþróttakona flytur til Svíþjóðar í dag. Breytir um umhverfi og vonast til að ná sentimetrinum 14 sem vantar til að komast á ÓL.

FRJÁLSAR Hafdis Sigurðardóttir, frjálsíþróttakona og Íslandsmethafi í langstökki, flaug út til Svíþjóðar í morgun þar sem hún mun búa að minnsta kosti fram á næsta haust.

Hafdis hefur verið einn fremsti frjálsíþróttamaður Íslands undanfarin ár og raðað inn verðlaunum á innlendum vettvangi, en hún keppti einnig fyrir Íslands hönd á EM í Zürich 2014.

Ekki til Reykjavíkur

Eftir að Gíslur Sigurðsson, þjálfari hjá UFA, hætti, fannst Hafdís kominn tími til að hugsa út fyrir kassann í leit að nýrri æfingaaðstöðu.

„Ég var þjálfaralaus og stóð bara ein. Þá ákvað ég að horfa í kringum mig og horfa út fyrir landsteinana. Ég er búin að vera á Akureyri í tólf ár og ellefu ár hjá Gísla og árangurinn verið góður. Aðstaðan er ekki sú besta en hann er góður þjálfari,“ segir Hafdís við Fréttablaðið, en að æfa og búa í Reykjavík kom ekki til greina hjá henni.

„Mig langaði bara ekkert til Reykjavíkur ef ég á að segja satt og rétt frá. Fyrst ég var að yfirgefa Akureyri yfirhöfuð þá langaði mig að fara eitthvert lengra. Ég talaði því við Vésteinn Hafsteinsson sem býr í Svíþjóð, en hann hjálpaði mér að finna þjálfara og æfingaaðstöðu.“

Vésteinn fann þjálfara fyrir Hafdís í Gautaborg, en um er að ræða öflugan eistneska konu sem þjálfar besta stökkvara Svíþjóðar og fleiri afreksíþróttamenn.

„Ég fór til Gautaborgar í desember og leist mjög vel á. Þessi þjálfari er alveg ótrúlega flott kona. Ég verð

þarna að æfa með besta stökkvara Svíþjóðar og fleiri íþróttamönnum sem hún er með,“ segir Hafdís, sem er virkilega spennit fyrir nýju og breyttu umhverfi.

„Þetta er alveg rosalega spennandi. Kærastinn minn fer með mér og hann er kominn með vinnu þannig að allt er að ganga upp. Við fengum íbúð í gær þannig að ég ætla bara að drífa mig út núna, koma mér fyrir og koma svo aftur heim til að keppa á RIG [Reykjavík International Games].“

Hver sentimetri erfiður

Stóra markmiðið með flutningunum til Svíþjóðar og æfa þar eins og atvinnumaður er Ólympíulágmark. Íslandsmet Hafdisar í langstökki er 6,56 metrar en hana vantar 14 sentimetra upp á lágmarkið til Ríó.

„Ég held að þetta auki möguleika mína á að komast alla leið þangað fyrst ég er ekki lengur með minn toppþjálfara,“ segir Hafdís og heldur áfram:

„Ég ætla bara að byrja upp á nýtt í rauninni og það á Ólympíuári. Þetta er auðvitað smá áhætta en nýir hlutir geta líka leitt til hins betra. Ég hugsa þetta þannig að þetta verði mitt ár.“

Hafdis hefur mikla trú á sjálfri sér og sér sig klára þessa 14 sentimetra fyrir júlí þegar lágmarkafrestur rennur út.

„Auðvitað er þetta mjög langt og hver sentimetri er bara helvíti þegar maður er kominn í þennan klassa. Fólk heldur að einn sentimetri sé ekki neitt en í raun er það rosalegt stökk fyrir mann sjálfan,“ segir Hafdis Sigurðardóttir. tomas@365.is

GRINDAVÍK FÉKK HEIMALEIKI

Íslandsmeistarar KR mæta Grindavík á útivelli í undanúrslitum Powerade-bikarkeppni karla í körfubolta en dregið var í hádeginu í gær.

KR er í öðru sæti Domino's-deildar karla með átján stig, tveimur á eftir toppliði Keflavíkur. Grindavík, sem sló bikarmeistara Stjörnunnar úr leik í 16-liða úrslitunum, er í níunda sætinu með átta stig. Bikarmeistarar Grindavíkur, sem slógu topplið Hauka úr leik í 8-liða úrslitunum, fengu einnig heimaleik og mæta Stjörnunni í undanúrslitunum í kvennaflokki. Grindavík er í fjórða sæti deildarinnar en Stjarnan því sjötta.

Íslandsmeistarar Snæfells fengu hörkuleik á útivelli gegn Keflavík sem er komið með nýjan þjálfara, Sverri Sverrisson, eftir að Margræti Sturlaugsdóttur var sagt upp störfum á dögnum. Snæfellingar eru í öðru sæti Domino's-deildar kvenna en Keflavík því þriðja.

Undanúrslitaleikirnir fara fram dagana 23.-25. janúar.

Undanúrslit karla:

Grindavík - KR
Þór Þorlákshöfn - Keflavík
Undanúrslit kvenna:
Grindavík - Stjarnan
Keflavík - Snæfell



Í dag

19.05 Haukar - Stjarnan	Sport
19.50 Liverpool - Arsenal	Sport 2
19.35 Man. City - Everton	Sport 3
19.35 Chelsea - WBA	Sport 4
19.35 Swansea - Sunderland	Sport 5
19.35 Tottenham - Leicester	Sport 6
19.50 South. - Watford	Bravó
19.35 Man. City - Everton	Sport 3

Domino's-deild kvenna
19.15 Keflavík - Valur
19.15 Snæfell - Hamar
19.15 Haukar - Stjarnan

HALDA SKYTTURNAR TOPPSÆTINU?

LIVERPOOL-ARSENAL

SPORT 2 Skytturnar freista þess að tryggja stöðu sína á toppnum þegar þeir heimsækja **Rauða herinn** á Anfield. Klopp og félagar ætla sér þrjú stig og ekkert annað.

Ekki missa af þessum risaleik á Stöð 2 Sport 2 í kvöld.

OYSTER PERPETUAL
DATEJUST LADY 31




ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN


Miðvikudagur 13. janúar 2016

2. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Óttast kínverska fjármálakreppu



»2

Íslendingar hlaupa af sér jólaboðin

Prefalt meira er að gera í líkamsræktarstöðvum í janúar en desember.

»4

Verðstríð geisar á olíumarkaði

Flest olíuframleiðsluríki tapa á núverandi heimsmarkaðsverði.

»8

Svipmynd: Jónmundur Guðmarsson

Jónmundur er skýlmingakappi, rjúpnaskytta og á leið til GAMMA.

»10

Heimatilbúinn vandi stjórnvalda í Kína

Lars Christensen skrifar um efnahagsmálin í Kína.

»12

Netflix viðbót

Stjórnarmaðurinn segir komu Netflix aðáunarverða miðað við núverandi markaðshlutdeild hér á landi.

Sjónmælingar í Optical Studio

Tímapantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifstöð, 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

SKJÓÐAN



Samkeppni er óttalegt vesen

TVÖ AF stóru olíufélögunum þremur tóku ekki þátt í útboði Landssambands smábátæigenda á sjö milljónum lítra af eldsneyti seint á síðasta ári. Hvorki Olís né N1 sáu ástæðu til að senda inn tilboð. Fyrr á árinu hunsaði Olís annað útboð fyrir kaup á 23 milljónum lítra og N1 hefur neitað að gefa upp hvort það tók þátt. Skeljungur hreppti hnossid í báðum tilvikum. Samtals námu þessi útboð nálægt 20 prósentum af eldsneytiskaupum í sjávarútvegi á ári hverju þannig að eftir einhverju hefur væntanlega verið að slægjast.

SKÝRINGAR Olís og N1 á þátttökuleysi sínu er að útboðsskiðmálar hafi ekki hentað innra skipulagi fyrirtækjanna. Þá sögðust talsmenn alla vega annars fyrirtækisins vera ósáttir við að fyrirtækið sem sá um útboðið hefði tekjur af eldsneytiskaupum smábáta út samningstímamann.

SMÁBÁTAEIGENDUR eru margir og smáir og kaup hvers og eins vega ekki þungt í heildarmyndinni hjá olíufélögunum, en þegar þeir koma fram sem ein blokk er um stórvíðskipti að ræða.

ÞAÐ ER varla hægt að draga aðra ályktun af áhugaleysi stóru olíufélaganna á þessum eldsneytisútboðum en að þau séu enn við sama heygardhornið og á árum áður. Samkeppniseftirlitið rannsakadi meint ólöglegt samráð þeirra á markaði hérlandis 1993-2001. Það endaði með því að þau voru sektuð um 1,5 milljarða 2005. Héraðsdómur

felldi sektina niður mikið til af tæknilegum ástæðum. Í raun hefur engin endanleg niðurstaða fengist í þessu máli.

OLÍUFÉLÖGUNUM var á sínum tíma m.a. gefið að sök að hafa haft með sér samráð um að keppa ekki um viðskipti stórra viðskiptavina. Þetta lýsti sér m.a. í því að oft var það einungis eitt félag sem gerði tilboð þegar eldsneytisviðskipti stórfyrirtækja og opinberra aðila voru boðin út.

ÞETTA ER nákvæmlega það sem gerðist í útboðunum á síðasta ári. Full ástæða er fyrir Samkeppniseftirlitið að hefja þegar í stað rannsókn á því hvort olíufélagin höfðu með sér samráð um að einungis eitt þeirra byði í viðskiptin við smábátasjómenn. Slíkt samráð er ólöglegt.

FÁKEPPNI RÍKIR á ýmsum sviðum hér á landi. Okur bankanna og ófyrirleitni þeirra í garð viðskiptavina sinna talar sínu máli. Fallegar ímyndarauglýsingar breyta þar engu um.

STÓRU OLÍUFÉLÖGIN virðast nær enga samkeppni stunda. Kannski á það að líta út sem samkeppni að nokkrum sinnum í mánuði auglýsir eitt þeirra nokkurra króna afslátt af eldsneytislítranum til vildarvina og innan klukkustundar eru hin búin að bjóða sínum vildarvinum það sama. Þetta er hins vegar engin samkeppni. Það getur verið flókið að stunda samkeppni – kannski of flókið fyrir olíufélagin?

Kauphöllin

MESTA HÆKKUN
SÍÐUSTU VIKUNA

↑ Eik
0,6%

MESTA LÆKKUN
SÍÐUSTU VIKUNA

↓ TM
-6,3%

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Jón Hákon Halldórsson jonhakon@365.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir | Forsíðumynd Nordiphotos/Getty

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

Nú er tími til að
koma bókhaldinu
í lag

– hafðu samband og saman
finnum við lausnina.

Viðskiptaþjónusta PwC

pwc



Nú þegar mælist 15 prósent aukning frá áramótum hjá Reebok Fitness. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Þrefalt fleiri mæta í janúar en í desember

Fólki sem stundaði líkamsrækt fyrstu vikuna í janúar fjölgaði um allt að 40 prósent milli ára. Líkamsræktarstöðvar segjast finna fyrir bæði meiri sölu á líkamsræktarkortum og aukinni skráningu á námskeið, sem eru öll að fyllast.

Líkamsræktarstöðvar landsins hafa gjarnan fyllst fyrstu vikurnar í janúar eftir að fólk strengir áramótaheit um heilbrigðari lífsstíl, og er árið 2016 engin undantekning. Framkvæmdastjórn líkamsræktarstöðva sem Markaðurinn ræddi við segjast nær allir finna fyrir mikilli fjölgun milli ára, mest var hún tæplega fjórutíu prósent.

Sala líkamsræktarkorta hjá Hress í janúar jókst um 12 til 15 prósent milli ára að sögn Lindu Hilmarsdóttur, eiganda og framkvæmdastjóra Hress. „Þetta gekk vonum fram. Vinsælust eru almennu kortin en það eru öll námskeið sem við erum með í boði að fyllast.“ Undir þetta tekur Haraldur Dean Nelson, framkvæmdastjóri Mjólins. „Það eru öll námskeið stútfull hjá okkur núna

í janúar og komast færri að en vilja.“

Guðríður Erla Torfadóttir, framkvæmdastjóri Reebok Fitness, segir að nú þegar mælist 15 prósent aukningu frá áramótum. Aukningin milli ára sé meiri núna í ár vegna þess að á sama tíma í fyrra var einungis ein stöð en nú eru þær þrjár.

Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri Hreyfingar, segir að venjulega sé þrisvar sinnum fleiri mætingar í janúar en í desember. Á milli jóla og nýárs hafi allt farið af stað og var sala á námskeiðum um 25 prósentum meiri í desember 2015 en 2014. „Janúar lofar mjög góðu, það er kolbrjáláð að gera í kortasölu, námskeiðasölu og einkaþjálfun.“ Ágústa áætlað að söluaukning á milli ára verði á milli 15 til 20 prósent í janúar.

Kjartan Már Hallkelsson, rekstrarstjóri GYM heilsu, sem rekur tíu heilsuræktarstöðvar tengdar sundlaugum, segist ekki finna fyrir aukningu í janúar í ár samanborið við í fyrra. „Janúar er erilsamasti mánuður ársins, en desember hefur samt stækkað. Það eru færri að stoppa en ég myndi segja að janúar væri fimmtíu prósentum stærri en desember.“

Þróstur Jón Sigurðsson, eigandi Sporthússins, segir að fyrsta vikan í ár hafi verið mun stærri en sama vika í fyrra, bæði í Kópavogi og Reykjaneshæ. „Aukningin í Kópavogi var 39 prósent (en þar spilar vissulega inn að BootCamp er komið til okkar en var ekki í tölunum í fyrra) og í Reykjaneshæ var aukningin 17 prósent.“

saeunn@frettabladid.is

Vikan sem leið

2,03%

Lækkun á úrvalsvisitölu

Úrvalsvisitata kauphalla Nasdaq Iceland lækkaði um 2,03 prósent á mánudag, endaði í 1,855 stigum og hefur þá lækkað um 1,31% frá áramótum. Rauður dagur var í kauphöllum víða um heim á mánudaginn sem hafði áhrif á Íslandi.

93,8

milljóna tonna heimsaflí

Árið 2013 var heimsaflinn 93,8 milljónir tonna, sem er 1,4 milljónum tonna meira en árið áður. Íslendingar veiddu næstmest allra Evrópuþjóða og eru í 18. sæti á heimslistanum yfir mestan afla með 1,47 prósent af heimsaflanum.

30,43

dollarar á tunnu

Verðið á Brent hráolíu féll um þrjú prósent í gær og mældist 30,43 dollarar á tunnu. Þetta var lægsta hrávöruverð á olíu síðan í apríl 2004. Síðar hækkaði verðið upp í 31,12 dollara, jafnvirði rúmlega fjögur þúsund íslenskra króna.

Á döfinni

Föstudagur 15. janúar

HAGSTOFA ÍSLANDS - Fiskaflí í desember 2015

Þriðjudagur 19. janúar

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

Miðvikudagur 20. janúar

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu

HAGSTOFA ÍSLANDS - Samræmd vísitala neyslurverðs í desember 2015

HAGSTOFA ÍSLANDS - Vísitala byggingar-

kostnaðar fyrir febrúar 2016

Föstudagur 22. janúar

HAGSTOFA ÍSLANDS - Samræmd vísitala neyslurverðs í desember 2015

HAGSTOFA ÍSLANDS - Mánaðarleg launavísitala í desember

HAGSTOFA ÍSLANDS - Greiðsluþöfnunavísitala í febrúar 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS - Vísitala kaupmáttar launa í desember 2015

HAGSTOFA ÍSLANDS - Vísitala lífeyris- skuldbindinga í desember 2015

Mánudagur 25. janúar

HAGSTOFA ÍSLANDS - Kjöttframleiðsla í desember 2015

Þriðjudagur 26. janúar

HAGSTOFA ÍSLANDS - Vinnumarkaður í desember 2015

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Viðskipti með atvinnuhúsnæði

keldan
dagatal viðskiptalífis

visir Allar markaðsupplýsingar



Sófaborð 4 skúffur - verð 84.000
Tilboð **67.000**



Hliðarborð - verð 57.000
Tilboð **42.000**



Classic svefnsofi - verð 298.000
Tilboð **208.000**



Náttborð - verð 46.000
Tilboð **34.000**



VÆNTANLEGUR

Bow Front stofuskápur - verð 297.000
Tilboð **252.000**



Borðstofuborð og 6 stólar - verð 487.000
Tilboð **367.000**



Snyrtiborð - verð 129.000
Tilboð **105.000**



Melissa svefnsofi - verð 98.000
Tilboð **68.000**



Blómaborð - verð 34.000
Tilboð **25.000**



Glerskápur - verð 165.000
Tilboð **123.000**



Sheraton stóll - verð 42.000
Tilboð **31.000**



Glerskápur - verð 279.000
Tilboð **212.000**



Chipp. stóll - verð 55.000
Tilboð **41.000**



Glerskápur - verð 212.000
Tilboð **169.000**



Hægindastóll leður - verð 139.000
Tilboð **99.000**



Hægindastóll áklæði - verð 89.000
Tilboð **69.000**



Teborð - verð 66.000
Tilboð **49.000**



Skrífpúlt - verð 129.000
Tilboð **97.000**



Reynir Traustason, fyrrverandi ristjóri DV, seldi nýverið 13 prósent hlut sinn.

DV tapaði 124 milljónum

Á árinu 2014 tapaði DV ehf. 123,8 milljónum króna, samanborið við 37 milljónir árið 2013. Eignir í árslok námu 177,6 milljónum króna og skuldir námu 207 milljónum. Eigið fé félagsins í lok árs var neikvætt um 29,5 milljónir króna, en var jákvætt um 94,3 milljónir í byrjun árs.

Fram kemur í ársreikningi félagsins að árið 2014 var afar stormasamt í rekstri DV. Miklar deilur stóðu stóran hluta ársins um eignarhald blaðsins og bitnaði það mjög á útgáfunni, hafði áhrif á sölu auglýsinga, áskriftir og lausa-sölu. Pressan ehf. eignaðist síðla árs stærstan hluta hlutafjár í DV ehf. og tók formlega við stjórnar- taumunum rétt fyrir júlín 2014. Framkvæmdastjórnar voru þrjár á árinu og fjöldi starfsmanna á upp- sagnarfresti, sem kom óhjákvæmi- lega niður á afkomunni.

Stöðugildi hjá félaginu voru 37 á árinu og launagreiðslur félagsins námu 235,1 milljón króna. – sg

Verðskrá hækkad um 26,4 prósent

Verðskrá ríkisfyrirtækisins Íslands- pósts hefur hækkad um 16 til 26 prósent á síðustu níu mánuðum. Á þetta benda Samtök atvinnurek- enda en fyrirtækið hefur einkarétt á dreifingu bréfapósts. Sá flokkur sem mest er notaður, magnpóst- ur B, hefur jafnframt hækkad mest eða um ríflega fjórðung.

Á sama tíma hefur Póst- og fjar- skiptastofnun heimilað að draga úr þjónustu sinni í dreifibýli. „Það er með talsverðum ólíkindum að Póst- og fjar- skiptastofnun skuli ítrekað samþykkja tuga prósentu gjaldskrárhækkanir Íslandspósts þrátt fyrir að vita í raun ekki kost- aðargrunn fyrirtækisins eða hver afkoma einstakra þjónustubáttá þess er,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnu- rekenda. – ih

Hrávörumarkaður fer að hafa meiri áhrif hér með losun hafta

Hrávörumarkaðurinn hefur veruleg áhrif á hlutabréfamörkuðum heimsins og kemur því til með að hafa aukin áhrif hér þegar opnast fyrir höftin. Fjárfestingastjóri hjá VÍB segir stríð ríkja á olíumarkaði.

Fæst olíuframleiðsluríki geta staðið undir núverandi olíuverði, en það hefur fallið um yfir sjötíu prósent frá sumrinu 2014. „Það er olíustríð á mörkuðum,“ segir Vignir Þór Svær- rison, fjárfestingarstjóri hjá VÍB, en hann flutti erindi um hrávörumarkaðinn á fundi VÍB í gær.

Einungis þrjú lönd, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Kúveit, og Katar, geta staðið undir hrávöruverði á olíu undir fimmtíu dollurum, vegna gífurlegra varasjóða. Eins og sjá má á myndinni er framleiðslukostnaður á olíu mismunandi milli landa. Alþjóða- gjalddeyrissjóðurinn varaði við núna í nóvember að flest olíuríki í Miðaustur- löndum myndu klára varasjóði sína á fimm árum ef olíuverð heldist undir fimmtíu dollurum. Um þessar mundir er hrávöruverð á olíu rétt rúmlega þrjátíu dollarar. Þá er þetta orðin óhag- kvæm framleiðsla fyrir ríkisfjármálin hjá þessum löndum. Þrátt fyrir það leyfa þeir hjá OPEC verðinu að vera svona lágt. Það má nánast leida að því líkur að þeir séu að leysa af ákveðna framleiðendur áður en þeir finna jafn- vægi í verðinu.

Í erindi sínu fór Vignir almennt yfir hrávörumarkaðinn og hvað fælist í honum. „Það eru til dæmis ekki allir sem átta sig á því að sú hrávora sem er næstmest átt viðskipti með í heimi- num er kaffi,“ segir Vignir. Sérstaklega var einblínt á hráolíu, gull og silfur. „Þetta hafa verið fjárfestingarvörur að ákveðnu leyti. Gullið hefur verið vörn gegn verðbólgu, vörn gegn áföllum á markaði eða pólitískri óvissu. Þetta hafa verið fjárfestingarkostir sem bæði eignastýringar og eignastýringaraðilar hafa verið að nota í sínum sófnum,“ segir Vignir.

„Ef við horfum almennt á verð- bréfamarkaðinn og núna þegar fer að opnast fyrir höftin hjá okkur þá er hrávörumarkaðurinn einn af þeim þáttum sem hreyfa verulega við mörk- uðunum og ef við horfum til dæmis á óvissuna í kringum olíuverðið – þetta er allt leiðandi þáttur í bæði hagstöðu og hreyfingu markaða í heiminum,“ segir Vignir. Í heiminum eru áttatíu og sex kauphallir sem eiga viðskipti með hrávörur.

Vignir bendir á að áhrif hrávöru-



Vignir Þór Sværison telur það áhugavert að sjá hvað hrávöruverð á olíu muni haldast lágt lengi.

Hvaða hrávörur eru mest viðskipti með


- | | |
|-----------|----------|
| 1 Hráolía | 6 Bómull |
| 2 Kaffi | 7 Korn |
| 3 Gas | 8 Sykur |
| 4 Gull | 9 Silfur |
| 5 Hveiti | 10 Kopar |

uverðs á olíu fari eftir því hvort þú ert neytandi eða framleiðandi olíu. „Við erum að horfa á það að tuttugu dollara lækkun á olíu eykur heimshagvöxt um hálf prósent, þannig að þetta hefur töluvert áhrif á hagvöxt. Við erum til dæmis að njóta góðs af þessu á Íslandi fyrir skipaflotann.“

Erfitt er að spá um framtíð olíu- verðs. „Eftirspurnin hefur aukist töluvert í heiminum en síðasta árið hefur framboðið aukist mun meira. Þetta er framboðsdrifin lækkun á oliunni og það er spurning hvort það leiði að ein- hverju leyti til meiri eftirspurnar,“ segir Vignir. saeunn@frettabladid.is

Hvað kostar ríki að vinna olíu

60 Kostnaður í Bandaríkjadala á hverja tunnu



Heimild: Ucube, Rystad Energy nóv 2015; CNN

GOLFFERÐIR Á BELFRY

RYDER CUP HOST VENUE 1985, 1989, 1993, 2001

ÓTAKMARKAÐ GOLF
OG BEINT FLUG TIL BIRMINGHAM MEÐ ICELANDAIR

ICELANDAIR og GB FERÐIR kynna:

frá kr. pr. mann í tvíbýli **139.000**



Bókaðu golfferðina þína á www.gbferdir.is eða í síma 534 5000



GB FERÐIR
www.gbferdir.is

Póstdreifing


Við látum það berast



ÞÚ NÆRÐ TIL FJÖLDANS MEÐ OKKUR

FJÖLPÓSTUR er sterkur og áhrifaríkur auglýsingamiðill sem skilar ítarlegri upplýsingum til neytenda en hefðbundnar auglýsingar.

61% LANDSMANNA LESA FJÖLPÓST
22% AF ÞEIM KAUPA AUGLÝSTA
VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU



„Ég hef verið í viðskiptum við Póstdreifingu í árabíl og alltaf fengið fyrsta flokks þjónustu.“

Guðbjartur
Finnbjörnsson
Ritstjóri Lifandi vísinda

VIÐ GETUM
AÐSTOÐAÐ VIÐ
AÐ NÁ ÁRANGRI
VIÐ DREIFUM INN
Á 80.000 HEIMILI
SEX DAGA
VIKUNNAR

www.postdreifing.is



Tómar og hálfkláraðar byggingar í Tianjin. Svæðið átti að verða kínverskt Manhattan en er nú lýst sem draugaborg. Hætta er á að milljarðar sem lagðir voru í verkefnið tapist. FRÉTTABLAÐID/APP

Skuldir Kínverja fjórfaldast frá 2007

Aukin skuldaförnun í Kína eykur hættu á fjármálakreppu að sögn Jóns Danielssonar hagfræðings. Hlutabréfaverð í Kína hefur fallið um tugi prósent á nokkrum mánuðum. Gengisfellingar geti skapað vanda þar sem skuldir margra fyrirtækja eru í erlendri mynt.

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



Kínverskum hlutabréfamörkuðum var lokað tvívegis í síðustu viku eftir skarpt verðfall. Verðfallið hefur haldið áfram í þessari viku og hafa hlutabréf í Kauphöllinni í Sjanghai fallið um 14,6 prósent á fyrstu tólf dögum ársins og um 41 prósent frá síðasta sumri. Hvað er að gerast í þessu fjölmennasta ríki heimsins?

„Það sem hefur verið að gerast núna í vikunni er það að fjármálamarkaðurinn í Kína og verð á hlutabréfum endurspeglar væntan framfarhagvöxt og þegar það hægst á hagvexti þá gerir þú ráð fyrir því að það verði minni gagnadur hjá fyrirtækjum sem þýðir það að verð á hlutabréfum fellur mjög hratt. Það er undirliggjandi ástæða fyrir þessu verðfalli á hlutabréfamarkaðnum í Kína,“ segir Jón Danielsson, prófessor í hagfræði við London School of Economics.

„Kínverska hagkerfið hefur vaxið mjög hratt, allt að níu prósent á ári í mörg mörg ár og þeirra hagkerfi er aðlagð að því að vaxa svona hratt. Þú getur ekki vaxið endalaust með níu prósent hagvöxt,“ segir Jón.

Hægst hefur á hagvextinum en hann var 6,9 prósent á fyrstu þremur ársfjórðungum þessa árs samkvæmt opinberum tölum í Kína. Þá bendir Jón á að kínversku hagfélunum sé ekki endilega fyllilega treystandi. „Það er almennt talið að yfirvöld stýri þeim miklu meira en á Vesturlöndum.“

Vantrú á kínverskum stjórnvöldum
„Hitt kemur svo ofan á það að kínversk stjórnvöld, öðru vísi en yfirvöld almennt á Vesturlöndum, hafa talið að þau gætu spyrnt á móti kröftum markaðarins. Yfirvöld hafa reynt að handstýra upp að ákveðnu marki verðlagi á markaðnum en gengið mjög illa að gera það.“ Kínverjar afnámu á fimmtudaginn reglu sem tók gildi um áramótin og kvað á um að hlutabréfamörkuðum yrði lokað félli verð um sjö prósent á einum degi. Fyrr um daginn hafði Kauphöllinni í Sjanghai verið lokað innan við hálf tíma eftir opnun hennar.

„Á Vesturlöndum vita menn að það þýðir ekkert fyrir yfirvöld að gera þetta en í Kína hafa þeir reynt það og ekki með góðum árangri, segir Jón.

Þetta vekur einnig spurningar um hæfni stjórnvalda til að eiga við fjármálakreppu. „Við höfum aldrei séð fjármálakrisu í Kína en við höfum séð þær oft og mörgum sinnum á Vesturlöndum, þannig að það er miklu meiri reynsla hérna.“

„Það sem er líka að gerast er að verð er að falla og yfirvöld eru að reyna að koma í veg fyrir að verð falli of mikið en með því að gera það senda þau skilaboð um að þau séu ekki endilega með tók á málinu þannig að verð fellur enn þá meira. Þegar allt kemur saman veldur þetta miklu meiri vantrú á kínverska hagkerfinu og kínverskum fjármálamarkaði en fólk hafði fyrir kannski einu ári,“ bendir hagfræðingurinn á.

Hætta á fjármálakreppu aukist
Jón bendir á að skuldir Kínverja hafi aukist hratt sem auki hættuna á fjármálakreppu í Kína. „Hagvöxtur í Kína hefur verið að byggjast meira

●● Það sem er líka að gerast er að verð er að falla og yfirvöld eru að reyna að koma í veg fyrir að verð falli of mikið en með því að gera það senda þau skilaboð um að þau séu ekki endilega með tók á málinu þannig að verð fellur enn þá meira.

Jón Danielsson
hagfræðingur



og meira á skuldsetningu eftir því sem fram líða stundir og allur hagvöxtur sem er byggður á skuldsetningu eins og við Íslendingar þekkjum um mjög vel frá okkar eigin hrúni er mjög viðkvæmur fyrir því þegar hlutirnir fara að snúast á ranga vegu. Þannig að vegna þess hve kínverska hagkerfið er skuldsett þá er það miklu viðkvæmara fyrir áföllum.“

Heildarskuldir kínverska hagkerfisins fjórfölduðust á árunum 2007 til 2014, samkvæmt skýrslu McKinsey sem kom út í febrúar árið 2015. Skuldirnar námu jafnvirði 7.200 milljarða Bandaríkjadala árið 2007 en námu 28.200 milljörðum Bandaríkjadala um mitt árið 2014. Þá höfðu skuldirnar aukist sem hlutfall af landsframleiðslu úr 157 prósentum í 282 prósent.

Ný 2008-kreppa ekki í kortunum
Fjárfestirinn George Soros sagði í síðustu viku að annað hrun sambærilegt því sem varð árið 2008 gæti verið fram undan.

Óttast gengisfellingar á víxl

„Næstu misseri er meiri óvissa heldur en hefur verið lengi út af því að við vitum ekki nákvæmlega hvernig þetta mun spilast í Kína og það sem menn vita ekki heldur er hvernig önnur lönd muni bregðast við þegar kínverski gjaldmiðillinn tekur að falla,“ segir Jón. Kínverska júanið hefur fallið um sex prósent gagnvart Bandaríkjadala frá því í ágúst.

„Það sem menn eru hræddir við, er að þá muni önnur lönd líka leitast við að veikja gengi sitt til að halda í samkeppnishæfni sína. Lönd eins og Suður-Kórea, Malasía, Taívan. Þá fer þetta að hafa áhrif mjög víða í heiminum ef löndin fara að beita því að handstýra gengi niður á við.“

Þá skuldi mörg fyrirtæki háar upphæðir í erlendum gjaldeyri, aðallega í Bandaríkjadöllum. „Ef þau lækka gengið á sínum eigin gjaldmiðli á meðan skuldir eru í dollurum þá býr það til vanda mála í fyrirtækjageiranum hjá þeim.“


Lars Christensen hagfræðingur segir í pistli sínum í Markaðnum að búast megi við að kínverska júanið, sem hann kallar renminbi, muni halda áfram að veikjast. Kínverski seðlabankinn hafi gefið til kynna að hann muni leyfa júaninu að veikjast smám

saman. „En það er erfitt að stjórna hægfa gengissigi því þegar maður segir fjárfestum að maður ætli að hefja gengissig í smáum skrefum taka allir til fótanna.“

Útflæði gjaldeyris hafi aukist hratt sem setji þrýsting á enn frekari gengislækkun. Seðlabankinn hafi neyðst til að grípa inn í á gjald-eyrismörkuðum til að hægja á veikingu gjaldmiðilsins. „Hin undarlega afleiðing þessa er að kínverski seðlabankinn er nú að herða peningamarkaðs-skilyrði sín í aðstæðum þar sem hann ætli að vera að slaka á peningamálastefnunni.“

Lars segir óhjákvæmilegt að júanið falli frekar, eina spurningin sé hvort það verði skipulega eða ekki.

●● Það sem menn eru hræddir við, er að þá muni önnur lönd líka leitast við að veikja gengi sitt til að halda í samkeppnishæfni sína.





Æfa í 23 stiga frosti

Skiðakapparnir Hrannar Magnússon og Jakob Danielsson skemmta sér vel í æfingabúðum í Lillehammer. Þar er 23 stiga frost um þessar mundir. **SÍÐA 4**



Ganga eftir Inkaslóðinni að Machu Picchu var lengi eitt af því sem Dagnýju langaði að gera og rættist sá draumur nýlega.

Á FJÖGURRA MÁNAÐA FLAKKI

Mikill ferðalangur Dagný Valgeirsdóttir hefur komið til fjörutíu landa en hún er nýkomin heim úr Ameríkureisu með kærastanum sínum þar sem þau sóttu ellefu lönd heim. Þau hrifust mjög af Kólumbíu og ætla að fara þangað aftur.

Frá því Dagný Valgeirsdóttir tölunarfræðingur byrjaði að vinna fjórtán ára gömul hafa allar aukakrónur farið inn á sparnaðarreikning og næsta ferðalag verði áætlað. „Ef það líður of langt á milli þess að ég kemst í ferðalag þá fer mér almennt bara að líða illa,“ segir Dagný og hlær.

Hún og kærastinn hennar, Helgi Þórir Sveinsson hagfræðingur, eru nýkomin heim úr fjögurra mánaða reisu um Norður- og Suður-Ameríku. Þau fóru til ellefu landa og hófst ferðalagið í Vancouver í Kanada. Þaðan fóru þau yfir til Seattle í Bandaríkjunum þar sem þau leigðu bíl og keyrðu suður með vesturströndinni og inn

til Phoenix í Arizona. Þaðan var flogið til Mexíkóborgar þar sem þau dvöldu í nokkra daga áður en þau flugu áfram til Panamaborgar. Frá Panama sigldu þau Dagný og Helgi yfir til Kólumbíu í gegnum San Blas-eyjaklasann. Í Suður-Ameríku fóru þau svo til Kólumbíu, Perú, Bólívíu, Síle, Argentínu, Paragvæ og Brasilíu. »



Dagný upplifði margt í Kólumbíu og ætla þau Helgi að fara þangað aftur.

„Ef það líður of langt á milli þess að ég kemst í ferðalag þá fer mér almennt bara að líða illa.“

natures aid®

FJÁRFESTU Í HEILSUNNI ÞINNI

Nýtt

- Gæða ofurfæðisblanda
- 31 innihaldsefni
- Hátt næringargildi
- Aukin orka og úthald
- Ríkt af andoxunarefnum
- Hátt hlutfall vítamína, steinefna, ensíma og aminosýra
- 100% náttúrulegt og lífrænt

OFURFÆÐI í hylkjum

Öflug ofurfæðisblanda sem ásamt skynsamlegu mataræði tryggir að líkaminn fái öll þau næringarefni sem hann þarf til að viðhalda góðri heilsu.



natures aid

Trim-It

Fitubrennsla

Nýtt

Frábær blanda sem örvar meltingu, eykur brennslu og hjálpar til við hreinsun á eitur-efnum sem safnast fyrir í líkamanum.

Viltu losna við jólakílóin?

120 SOFTGELS

Fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum, stórmörkuðum og verslunum.




Þau Dagný og Helgi gerðu ýmislegt sér til dundurs í Amasonfrumskóginum - meðal annars veiddu þau piranafisk.

» Dagný segir þrennt helst standa upp úr ferðalaginu. Í fyrsta lagi var það siglingin frá Panama til Kólumbíu í gegnum San Blas-eyjaklasann. „Þessi staður er algjör paradís og það var einnig mjög áhugavert að kynna Kuna-þjóðflokknum sem býr á þessum eyjum. Ferðin tók fjóra daga og gistum við alltaf á nýrri eyju hverja nótt hjá Kuna-fólkinu. Fyrstu nóttina gistum við til dæmis á eyju þar sem einungis ein fjölskylda býr. Í lok ferðarinnar enduðum við svo í smábæ í Kólumbíu sem heitir Capurganá, hann er í miðjum Darién-frumskóginum og er því ekki hægt að nálgast hann öðruvísi en með bát eða flugvél - þangað liggja engir vegir,“ lýsir Dagný og heldur áfram: „Svo var það fimm daga upplifunin okkar af Amasonfrumskóginum. Þar fórum við og gistum í þorpi sem heitir Libertad, í búðum sem heita Libertad Jungle Lodge. Þetta lodge er rekið af innfæddum og sú upplifun var alveg dásamleg.“

Að síðustu var það Inkaslóðin í Perú sem var hvað eftirminnilegust en það er fjögurra daga ganga sem endar í Machu Picchu. „Þessi slóð er frá dögum Inkanna og nálagt henni leynast ýmsar aðrar rústir til að sjá á leiðinni. Landslagið þarna er eins og beint út úr ævintýri og minnti líka oft á Ísland. Þetta eru rúmír fjörutíu kílómetrar og er hæsti punktur um það bil 4.200 metrar yfir sjávarmáli. Þannig að þetta var engan veginn létt ganga, meirihlutinn er líka háar tröppur - svo kálfarnir og lærin voru nokkra daga að jafna sig eftir þetta ævintýri,“ segir hún og brosir.

KÓLUMBÍA HEFUR ALLT

Dagný og Helgi eru alls ekki búin að fá nóg af ferðalögum og grínaðist Dagný með það þegar það kom í fréttum síðasta haust að einhver Norðmaður væri sá yngsti til að



Helgi með letidýr í Amasonfrumskóginum.



Þessi kona í Perú var með ýmsan varning til sölu.

fara til allra landa í heiminum, að hún ætti kannski að stela metinu.

„Hingað til hef ég heimsótt um fjörutíu lönd, svo það eru ekki „nema“ um 160 stykki eftir. Sextán lönd á ári næstu tíu árin redda þessu,“ segir hún létt í bragði. Hún bætir við að þau Helgi séu búin að ákveða að þau muni snúa aftur til Kólumbíu en amma Helga er þaðan og á hann mikið af ættingjum þar. „Þetta er alveg dásamlegt land sem býr yfir svo miklu. Það hefur bæði

strönd að Karíbahafinu og Kyrrahafinu. Það hefur Andesfjöllin, Amasonfrumskóginn og Dariénfrumskóginn sem liggur að landamærum Panama. Þar er líka eyðimörk og snævi þakin fjöll. Það mætti eiginlega segja að þar sé eitthvað fyrir alla. Fólkið þarna er líka svo almennilegt og held ég að það sé að hluta til vegna þess að það er ekki vant ferðamannastraumnum. Það er horft á mann eins og manneskju en ekki dollaramerki.“ liljabjork@365.is

BÚRFELL

TILBOÐ: 25% LÆKKUN Á HEILDSÓLUVERÐI

NÝ TEGUND

NÝJAR UMBÚÐIR

HÍÐ SÍVINSÆLA BÚRFELLS BEIKON ER KOMIÐ Í NÝJAR BRAKANDI FERSKAR UMBÚÐIR SEM BERA KEIM AF VILLTA VESTRINU OG ÞEIR HUGUÐU GETA NÚ PRÓFAÐ NÝJA BÚRFELLS BBQ CHILI BEIKONIÐ.

BEIKON

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

RAUÐIR DAGAR

Margir skipuleggja ferðalög í kringum rauða daga en þannig er til dæmis algengt að lengja borgarferðir. Turisti.is hefur tekið saman lista yfir rauða daga 2016 en þar sem 1. maí lendir á sunnudegi verða þeir aðeins tíu í ár.

RAUÐU DAGARNIR 2016 ERU	Annar í páskum	17. júní - föstudagur	Þeir sem eru í ferðahug ættu að kanna málið sem fyrst. Sérstaklega ef ætlunin er að ferðast í kringum rauða dagana í vor enda sætin fljót að fyllast.
Nýársdagur	28. mars - mánudagur	Fridagur verslunarmanna	
1. janúar - föstudagur	Sumardagurinn fyrsti	1. ágúst - mánudagur	
Skírdagur	21. apríl - fimmtudagur	Annar í jólum	
24. mars - fimmtudagur	Uppstigningardagur	26. desember - mánudagur	
25. mars - föstudagur	5. maí - fimmtudagur		
	Annar í hvítasunnu		
	15. maí - mánudagur		
	Þjóðhátíðardagurinn		



HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR

HEFST 31. JANÚAR 



ÍSLAND GOT ★ TALENT

FYLGSTU MEÐ FRÁ BYRJUN

ÍSLAND GOT TALENT HEFST AFTUR



Hæfileikafólk stígur á sviðið þegar einn stærsti sjónvarpsviðurður ársins fer í loftið í janúar. **Emsjé Gauti** er nýr kynnir og **Ágústa Eva, Dr. Gunní, Jakob Frimann** og **Marta María** mæta fersk til leiks sem dómara þáttarins. Fylgstu með **Ísland Got Talent** frá byrjun.

365.is | Sími 1817

365



Hrannar Snær Magnússon t.v. og Jakob Danielsson æfa skíðagöngu af kappi í Lillehammer þessa dagana. MYND/HÓLMFRÍÐUR VALA SVAVARSDÓTTIR



Í hópnum eru 17 krakkar úr Skíðafélagi Ólafsfjarðar, Ísafjarðar og Skíðafélaginu Ulli, sem drífa sig á fætur klukkan átta á morgnana og þræða brautirnar af miklum mót í nístandi frosti.

ÆFA Í NÍSTINGSFROSTI

Skíðaganga Hópur unglunga er við æfingar í Lillehammer í Noregi þessa dagana frá Skíðafélagi Ólafsfjarðar, Ísafjarðar og Skíðafélaginu Ulli í Reykjavík. Krakkarnir skemmta sér hið besta í nístandi frostinu.

MARAPON

RÉTTUR



STÖÐ 2 MARAPON FYLGIR ÁSKRIFT-PAKKANUM!

RÉTTUR Í MARAPONI

Þriðja þáttaröðin af **Rétti** sló svo sannarlega í gegn á síðustu vikum. Nú eru þessir nýju þættir af Rétti ásamt fyrri þáttaröðunum tveimur komnir á **Stöð 2 Marapon**. Á Stöð 2 Marapon finnur þú **yfir 1.000 klt.** af frábæru sjónvarpsefni sem þú getur horft á hvenær sem þér hentar.



Hrannar Snær Magnússon og Jakob Danielsson eru 14 ára strákar sem æfa skíðaþróttina af kappi. Hrannar sækir Grunnskóla Fjallabyggðar og Jakob stundar Grunnskóla Ísafjarðar. Þeir eru staddir í æfingaferð í Lillehammer í Noregi ásamt hópi unglunga frá Ísafirði, Ólafsfirði og Reykjavík í nístandi frosti og skemmta sér vel.

„Það er kalt, í dag (miðvikudag) var 23 stiga frost,“ segir Hrannar. „Það var allt í lagi, við erum mjög vel klædd og erum alltaf á hreyfingu. Það er helst að manni verði kalt á kinnunum og á puttunum,“ bætir hann við. Hrannar æfir með Skíðafélagi Ólafsfjarðar og æfir einnig fótbolta. Hann byrjaði 7 ára að æfa skíði og hefur margoft staðið á verðlaunapalli á mótum. „Ég hef orðið Andrésarmeistari og verið á palli á unglingsmeistararamótum og bikarmótum,“ segir Hrannar.

KEPPIR Í ÚTLÖNDUM

Jakob fór að æfa skíði markvisst eftir að hann flutti til Ísafjarðar, nú ára, og hefur eins og Hrannar keppt á fjölmörgum mótum. „Ég keppti um daginn á móti hér í Noregi, í Beitostölen,“ segir hann. „Svo fer ég til Innsbruck í Austurríki að keppa í International Children Games næstu daga, ásamt öðrum krökkum frá Íslandi. Flýg einn frá Ósló og hitti hópinn í München. Þaðan förum við til Innsbruck.“ Jakob segist oft hafa komið til Noregs áður. „Ég fór í sumarskíðaskóla í Noregi með vinum mínum í sumar,“ segir hann og Hrannar var í tvær vikur í Geilo í fyrravetur. „Að æfa og leika mér. Það var mjög gaman.“

GAMAN Á ÆFINGUM

Báðir segjast strákarnir skemmta sér vel í æfingabúðunum. Krakkarnir drífa sig á fætur klukkan átta og eru mættir á æfingu klukkan tíu. „Á milli æfinga borðum við, hvílum okkur, bræðum undir skíðin okkar og horfum á skíðagöngu í sjónvarpinu,“ útskýrir Hrannar.

Fáið þið eitthvað gott að borða? „Já, við borðum mjög mikið þegar

” Lillehammer er þínu eins og Ísafjörður Noregs, mikill skíða- og útivistarbær en hér er líka afþreying og menning. Hér er yndislegt að vera.

Daníel Jakobsson

æfingarnar eru svona langar, þá er mikilvægt að fá hollan mat,“ segir Jakob. „Við fáum fisk og ávexti og grænmeti,“ segir hann. „Og kjötbollur, hangikjöt og pasta,“ segir Hrannar.

Þegar talið berst að mat kemur í ljós að kokkurinn í ferðinni er ekki ókunnugur brekkunum í Lillehammer en Daníel Jakobsson, faðir Jakobs, keppti þar á Vetrarólympíuleikunum 1994.

„Ég reyni nú að láta karlagrobbið vera en það kemur kannski ein og ein saga,“ segir Daníel, spurður hvort hann sé að rifja upp frægðartakta úr brekkunum fyrir krakkana. „Við erum með þjálfara hér og ég er bara pabbi og kokkur. Ég reyni því að vera ekki að skipta mér of mikið af.“

ÍSAFJÖRÐUR NOREGS

Daníel hefur oft sinnis heimsótt Lillehammer ásamt fjölskyldunni síðustu ár. Segir Lillehammer þann stað sem hann vildi helst búa á, fyrir utan Ísafjörð. Ólympíuleikarnir séu honum þó ekki endilega svo hugleiknir.


„Þá vorum við alveg lokuð af inni á ÓL-leikvanginum. Minningarnar þaðan eru ekki það sem er mér efst í huga heldur bara þetta magnaða andrúmsloft sem er hér og ég heillast svo mikið af. Sama andrúmsloft og er á dalnum á Ísafirði,“ segir Daníel. „Lillehammer er þínu eins og Ísafjörður Noregs, mikill skíða- og útivistarbær en hér er líka afþreying og menning. Hér er yndislegt að vera.“

heida@365.is



GLÆSILEGAR DANSKAR
INNRETTINGAR
 Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM,
 GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.



Baðherbergi



Góðar hirslur




Innbyggðar uppþvottavélar




Pottaskápar




Allar útfærslur




Fataskápar



Sérsmíði



Þvottahús



Úrvalið er hjá okkur

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.



Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Mán. - föst. kl. 09-18 • Laugardaga kl. 11-15



friform.is

BÍLAR & FARARTÆKI



Bílamarkaðurinn



LAND ROVER Range rover evoque dynamic. Árgæð 2012, ekinn 60 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Skoðar skipti Rnr.231414. Bílamarkaðurinn 567-1800 bílamarkadurinn.is



VOLVO Xc60. Árgæð 2013, ekinn 49 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Rnr.232802. Bílamarkaðurinn 567-1800 bílamarkadurinn.is

Bílamarkaðurinn
Smíðuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800



RENAULT Clio authentic. Árgæð 2014, ekinn 71 PKM, bensín, 5 girar. Verð 1.680.000. Rnr.302011.



NISSAN Qashqai se. Árgæð 2013, ekinn 107 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.301319.

Bílasalan Planid
Korputorgi, Reykjavík
Sími: 517 0000
Opíð 10-18. Lau 12-16
www.planid.is



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is



Kia Rio EX 1.4 dísel. Árgæð 2011, ekinn 84 PKM, dísel, 6 girar. Verð 1.590.000. Rnr.991628. 2 ár eftir af verkefniúbygð.



MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI 4matic. Árgæð 2014, ekinn 20 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.790.000. Rnr.991519.



TOYOTA Yaris terra. Árgæð 2012, ekinn 49 PKM, bensín, 5 girar. Verð 1.890.000. Rnr.991450.



VOLVO S60 turbo 20v. Árgæð 2007, ekinn 145 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.991515.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



HÖFÐABÍLAR



SÁ ÓDÝRASTI.
SKODA Octavia ambiente. Árgæð 2012, ekinn 86 PKM, dísel, 5 girar. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Verð 2.580.000. Rnr.210257.



GLÆSILEGT EINTAK.
CHEVROLET Captiva. Árgæð 2014, ekinn 71 PKM, dísel, sjálfskiptur. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Verð 4.590.000. Rnr.110522.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



Chrysler Town & Country Limited, 6/2014, ek 63 þús km, sjsk, stow & go, einn með öllu, 3 dvd skjáir og fl, ásett verð 6.690 þús, er á staðnum, raðnr 152278.

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15
www.100bilar.is

500-999 þús.



SJÁLFSKIPTUR SPARIBAUÐUR - 590 ÞÚS
FORD FIESTA '03 ek.134 þús, ssk. búið að skipta um tímareim, ný skoðaður 17, góð dekk, frábær bíll sem eyðir litlu, verð 590 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

Bílar óskast



STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚSI

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

ÓSKA EFTIR BÍL Á 150 TIL 500ÞÚS STGR


Fólksbíll eða jeppling eða jeppa Má þarfnast smávægilegra lagfæringa Skoða allt.. Uppl. í síma 777 3077

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

0-600 STAÐGREITT

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíll. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507



Vissir þú að...
börn eiga rétt
á vernd og umönnun

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Bátar



Smíðum álfurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thevegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikla. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is



FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN

Getum bætt við okkur verkum í flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.

Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð
Tímavinna og tilboð

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

Parf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fög? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171

LEKUR PAKIÐ ?

Pakpappalagnir / Pakviðgerðir. Á steyp og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar



Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Vísu 566 7311 euro
Tímapantarnir í síma 8694650

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

SKEMMTANIR

Hljómberðsleikari óskar eftir söngkonu 45-55 ára. Uppl. á antonben@simnet.is

RAFVIRKJUN

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



Fáðu þér appið!
www.fasteignir.is

KEYPT & SELT**Til sölu**

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hak, gúllas, snitsel og steikur. 15% afsláttur í janúar. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarólía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA**Nudd****TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þór, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI**Húsnæði í boði****TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**

129 - 5000 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Stúdíóbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 92þ. Eldri en 30 ára, barnlaus. f. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

Atvinnuhúsnæði**GÓÐ FJÁRFESTING**

Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubíll í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLÖDAGEYMSLA.IS
Búslöðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA**Atvinna í boði****KAFFI MILANO FAXAFENI 11**

Óskum eftir að ráða fólk í hlutastarf virka daga. Uppl. á netfang milano@simnet.is

**Olíudreifing****MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI****OLÍUDREIFING ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRA STAÐSETTAN Á REYÐARFIRÐI TIL FRAMTÍÐARSTARFA.**

Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Oddsson í síma 477 1525.

Umsóknir sendist á odr@odr.is fyrir 21. janúar.

Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is

**AÐSTOÐ VIÐ BAKARA**

Bakarameistarinn óskar eftir duglegum starfsmönnum í vinnusal og að aðstoð við bakara. Góður og skemmtilegur vinnuandi. Umsækendur þurfa að vera snyrtilegir, stundvísir og vinnusamir. Vinnutími frá 8-16 virka daga.

Áhugasamir fylli út umsókn á bakarameistarinn.is

STARFSMENN ÓSKAST Í STÁLSMÍÐJU.

Stálsmiðja í Hafnarfirði óskar eftir vönum starfs og verkamönnum. Mikil vinna í boði og góð laun fyrir góða menn.

Áhugasamir sendi umsókn merkt "Vinna/stálsmiðja" og ferilskrá á fagstal@fagstal.is

Atvinna óskast**VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannabjónusta - Proventus.is S. 782-8800

HEFST 31. JANÚAR

ÍSLAND GOT TALENT HEFST AFTUR

FYLGSTU MEÐ FRÁ BYRJUN

Ísland Got Talent hefst aftur. Hæfileikafólk stígur á sviðið þegar einn stærsti sjónvarpsviðburður ársins fer í loftið í janúar. Fylgstu með Ísland Got Talent frá byrjun.

365

365.is | Sími 1817

Draumabíllinn er á sjálfsalinn.is

Nýr auglýsingamiðill fyrir farartæki þar sem kaupendur og seljendur ganga frá bílaviðskiptum milliliðalaust

SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT

ENGIN SÖLULAUN



SJÁLFSALINN.IS

fasteignir



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, Sími 570 4500, OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Hulduhlíð 36 - Mosfellsbæ.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



94,4 fm. íbúð með sérinnangi að meðtaldri 5,6 fm. geymslu í Mosfellsbæ. Stór afgirt viðarverönd í suður. 3 herbergi. Frábær staðsetning þar sem grunnskóli, leikskóli og sundlaug eru í göngufæri. Gervihnattadiskur fylgir með íbúðinni. Híti í stéttum framan við hús. Verð 30,9 millj. Verið velkomin.

Tryggvagata 4-6. Útsýnisíbúð á efstu hæð.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



Glæsileg útsýnisíbúð á 5. hæð (efstu) með suðursvölum á þessum eftirsóttu stað við höfnina. Stórfenglegt útsýni yfir höfnina, að Esjunni og víðar til norðurs og fallegt útsýni yfir borgina frá svölum í suðri. Nýlegir gluggar, gler og svalahurð í íbúðinni. Íbúð með mikla möguleika á frábærum stað í miðbænum í göngufæri við verslun, þjónustu og menningu. Verð 35,9 millj. Verið velkomin.



JÖFUR

ATVINNUHÚSNÆÐI

534 1020

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

GOTT VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI



Höfundarréttur www.ja.is

TIL SÖLU / LEIGU

Bifröst, 311 Borgarnesi
Verslunarhúsnæði
Stærð 416,5 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:



Helgi Már Karlsson

Löggiltur leigumíðlari
Löggiltur fasteignasali

534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Til sölu/leigu 416,5 fm verslunarhúsnæði fasteignanr. 231-0469 á Bifröst. Húsnæðið hýsti áður dagvöruverslun en gæti nýst í ferðatengda starfsemi og léttan iðnað. Nánari upplýsingar í 421-5460 eða hjá skuli@urtusteinn.is



Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur
- kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent

Gráhellu – Selfoss

Til sölu eignarlóðir á besta stað í suðurbyggð Selfossar.

Svæðið er vel skipulagt íbúðarsvæði með frágengnum götum og gangstéttum og lagnir eru inn á lóðir.

Heimtaugar eru að mestu komnar.

Lóðirnar seljast sem ein heild og í boði er að kaupa eignarhaldsfélagið sem á þær.

70 lóðir í 8 raðhúsallengjum,
(miðað er við að húsin séu á einni hæð) við Gráhellu.

12 einbýlishúsaloðir í stærðum 950-1180 fm,
(nýtingarhlutfall 0,35 f. hús á einni hæð) við Hraunhellu.

Um er að ræða eignarlóðir sem eru strax byggingarhæfar. Gatnagerðargjöld fullgreidd.



Nánari upplýsingar og afhendingu gagna má fá hjá:
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is sími: 695 5520

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmuða 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

www.miklaborg.is

- með þér alla leið -

www.miklaborg.is




ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?


Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.


/// Gengi júansins miðað við dollar



/// Hlutabréfaverð í Kauphöllinni í Sjanghæ síðustu 12 mánuði



/// Hagvöxtur í Kína 2005–2015



Jón segir það ekki standast. „Ástæðan fyrir því að það er rangt er að bankakerfið í heiminum er miklu stöndugra en það var árið 2008. Eigið fé banka hefur tvöfaldast ef ekki meira. Bankar eru með mjög mikið lausafé sem liggur bara á reikningum í seðlabönkum. Þannig að bankarnir eru miklu betur staddir til þess að mæta áhlaupi en þeir

voru árið 2008. Af því að bankarnir eru í svo góðri stöðu, almennt talið, á Vesturlöndum þá er mjög ólíklegt að við fáum sama ástand og 2008.“

Hefur áhrif um allan heim

Jón segir að búast megi við að hægari umsvif í kínverska hagkerfinu valdi minni hagvexti á Vesturlöndum.

„Af því Kína er svo stórt og mikil-

282%

voru skuldir Kínverja sem hlutfall af landsframleiðslu um mitt ár 2014. Skuldahlutfallið var 157 prósent árið 2007.

vægt land þá hefur það svo mikil áhrif á framboð og eftirspurn í öðrum löndum.“ Þá sé mikið af skuldum Kínverja fengið að láni frá Evrópu og Bandaríkjunum.

„Ef fjármálakreppa verður í Kína og fyrirtæki þar fara að verða gjaldþrota og geta ekki mætt skuldbindingum sínum hefur það bein áhrif á marga fjárfesta á Vesturlöndum.“



Miklar lækkanir í kínverskum kauphöllum hafa komið illa við fjárfesta. FRÉTTA-
BLAÐIÐ/AFP



Á meðan við prentum fyrir þig...

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar
Fjölóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!



Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

DR. GUÐMUNDUR
HÁLFDANARSSON

Ráðinn forseti hugvísinda HÍ

Dr. Guðmundur Hálfðanarsson hefur verið ráðinn forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands frá 1. janúar. Guðmundur lauk doktorsprófi í evrópski félagsögu frá Cornell-háskóla í Bandaríkjunum árið 1991. Guðmundur hefur gegnt mikilvægum stjórnunarstörfum innan Háskóla Íslands. -sg

SIGURJÓN K. SIGURJÓNSSON



Sigurjón nýr forstöðumaður hjá OR

Sigurjón K. Sigurjónsson hefur tekið við stöðu forstöðumanns notenda- og reikningsþjónustu á þjónustusviði Orkuveitu Reykjavíkur. Sigurjón er viðskiptafræðingur og rafvirkjameistari að mennt og starfaði sem framkvæmdastjóri fjármála hjá Orkubúi Vestfjarða, áður en hann slóst í hóp OR-starfsfólks fyrir um sjö mánuðum. -sg

LÁRA INGÓLFSDÓTTIR



Tekur við stjórn fjármála ÍE

Lára Ingólfssdóttir hefur verið ráðin fjármálastjóri Íslenskrar erfðagreiningar frá 4. janúar síðastliðnum. Lára starfaði sem director of corporate services hjá Alvogen frá árinu 2014 og áður hjá Íslenskum fjárfestingum sem fjármálastjóri í tvö ár. Hún starfaði á fjármála-sviði Íslenskrar erfðagreiningar og deCODE á árunum 2001-2012 og fyrir þann tíma sem aðalbókari hjá B&L. -sg

Fyrirverandi Íslandsmeistari í ólympískum skylmingum

Jónmundur Guðmarsson er nýr framkvæmdastjóri hjá GAMMA. Hann var áður bæjarstjóri á Seltjarnarnesi og framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Áhugamálin eru fleiri en pólitik. Hann er með fjólubláa beltið í karate, er fyrirverandi skylmingakappi og segir að ganga til rjúpna á góðum degi vera yndislega upplifun.

SVIPMYND

JÓN MUNDUR GUÐMARSSON „GAMMA er bæði traust og framsækið fyrirtæki. Ég hef þekkt til þess og starfsmanna félagsins í þó nokkur ár og fylgst vel með og ég lit á þetta sem mjög gott tækifæri fyrir mig og er mjög spenntur yfir því að byrja í nýju starfi.“ segir Jónmundur Guðmarsson. Hann var á dögunum ráðinn í starf framkvæmdastjóra hjá fjármálfyrirtækinu GAMMA. Hann mun hefja störf þann fyrsta febrúar. Hann verður einn fjögurra framkvæmdastjóra félagsins og mun stýra sviði sölu og viðskiptaþróunar á Íslandi og á erlendum mörkuðum.


Jónmundur er með BA-próf í heimspeki og stjórn málafræði frá Háskóla Íslands og meistaragráðu í alþjóðastjórnmálum frá Oxford-háskóla í Englandi.

Hann var áður bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, frá 2002 til 2009, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins árin 2009 til 2014 og hefur síðustu tvö ár gegnt starfi framkvæmdastjóra sænska fyrirtækisins Beringer Finance á Íslandi.

Jónmundur segir óhætt að segja það að hann hafi mikinn áhuga á stjórnmálum, hann eigi að baki fimmtán ára feril sem atvinnustjórnmálamaður. Hann segist hafa lagt stjórnmálin á hilluna í bili, alla vega sem virkur þátttakandi. „Ég fylgist auðvitað vel með stjórnmálum og tek þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins en sem atvinnumaður í þeirri grein hef ég lagt skóna á hilluna.“

Kona Jónmundar er Sigríður Ólafsson, húsmóðir og netverslunarrekandi. Þau eiga sjö börn sín á milli. „Þó að þetta séu orðnir uppkomnir krakkar að mestu leyti er mjög mikið um að vera, stór hópur kemur í mat, barnabörn komin í hópinn og mikið líf og fjör. Það fer drjúgur tími í fjölskylduna og börnin og ég hef tilhneigingu til að velja að vera heima ef ég hef val.“ segir Jónmundur.

Hann segist í gegnum tíðina hafa



Jónmundur Guðmarsson var í fimmtán ár atvinnumaður í stjórnmálum en hefur lagt atvinnumennskuna á hilluna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

●● Að ganga til rjúpna á góðum degi á fjöllum er ein sú yndislegasta upplifun sem maður getur fundið fyrir á Íslandi.

Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri hjá GAMMA

haft fjölmörg áhugamál. „Þau sérstökustu eru karate, leirdúfuskotfimi og ólympískar skylmingar sem ég náði reyndar að verða Íslandsmeistari í á sínum tíma.“

Í seinni tíð segist hann þó hafa verið með hefðbundnari áhugamál, eins og fluguveiði, skotveiðar, útivist og líkamsrækt. „Við hjónin eigum tvo hunda og annar þeirra þarf nú mikla hreyfingu þannig að við þurfum annaðhvort bæði eða annað okkar að fara út í klukkutíma sama hvernig viðrar.“

Jónmundur segir sérstaklega

gaman að fara á rjúpnaveiðar. „Að ganga til rjúpna á góðum degi á fjöllum er ein sú yndislegasta upplifun sem maður getur fundið fyrir á Íslandi. En ég hef líka stundað gæsaveiðar og farið á hreindýr nokkur skipti.“

Aðspurður segist Jónmundur hafa náð fjólubláa beltinu í karate. „Ég var stutt frá því að taka brúna beltið sem er beltið fyrir neðan það svarta þegar ég flutti til útlanda. Ég efa þó að ég gæti leikið margt eftir sem ég gat í gamla daga.“

saeunn@frettabladid.is

Hagnaður Haga eykst um 15 prósent milli ára

Hagar högnuðust um 845 milljónir króna á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember. Hagnaðurinn var 15,3 prósentum meiri en á sama tímabili fyrir ári. Á fyrstu níu mánuðum rekstrarárs Haga, sem hefst þann 1. mars, nam hagnaðurinn 2,8 milljörðum. Hann var 17 milljónum hærri en á sama tímabili fyrir ári.

Hagar hafa gefið út að verkföll hafi sett svip sinn á afkomuna á fyrsta fjórðungi rekstrarársins.

Fyrirtækið seldi vörur fyrir 57,2 milljarða króna á níu mánuðum og nam hagnaðurinn fimm prósentum af veltu.

Framkvæmdir við nýtt húsnæði Banana, dótturfélags Haga, við Korngarða eru langt komnar og hyggst félagið flytja starfsemi þangað fyrir febrúarlok samkvæmt því sem fram kemur í uppgjörinu. Þá mun verslun Hagkaups í Smáralind minnka um helming og verða 5.600 fermetrar.

Framlegð Haga var 13.896 milljónir króna eða 24,5 prósent á tímabilinu. Framlegðin jókst litillega eða um 0,4 prósentstig milli ára.

Eigið fé Haga nemur 15,6 milljörðum og er eiginfjárlutfall 52,5

845

milljónir króna var hagnaður Haga á síðasta þriggja mánaða tímabilinu september til nóvember.

prósent. Skuldir Haga nema 14,1 milljarði króna og eignir 27,4 milljörðum króna.

Í tilkynningu frá Högum kemur fram að drög að uppgjöri desembermánaðar líti vel út, niðurstaðan sé betri en á fyrra ári. Þá fari janúarútsölur hægt af stað en áætlanir félagsins geri ráð fyrir sambærilegum horfum og á fyrra ári í janúar og febrúar.

Hagar reka 58 verslanir og fjögur vöruhús undir vörumerkjunum Bonus, Hagkaup, Aðföng, Bananar, Ferskar kjötvörur, Hýsing, Útilif, Zara, Debenhams, Topshop, Evans, Dorothy Perkins, Karen Millen og Warehouse. -ih



Verkföll komu illa við rekstur Haga á fyrri hluta ársins en afkoman hefur batnað á síðari hluta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BMW EFFICIENT DYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.

BMW X1

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure



NÝR OG SPENNANDI BMW X1.

VERÐ FRÁ 5.790.000 KR.

BMW X1 sDrive18d

Sjálfskiptur, framhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl
Eldsneytisnotkun frá 4,3 l/100 km*
Verð frá 5.790.000 kr.

BMW X1 xDrive18d

Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl
Eldsneytisnotkun frá 4,8 l/100 km*
Verð frá 6.490.000 kr.

Staðalbúnaður er meðal annars sjálfskipting, 17" álfelgur, LED dagljós, lykillaus ræsing, loftkæling, aðgerðahnappar í stýri, handfrjáls Bluetooth símabúnaður og tónlistarstreymi, Eco - Comfort og Sport akstursstillingar, veggþéð 18,2 cm, upphituð sæti og speglar, nálgunarvari aftan, 6,5" litaskjár í mælaborði og iDrive stjórnölva.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Flóttamenn

Óttar Snædal
hagfræðingur Samtaka
atvinnulífsins

Sértu velkominn heim, yfir hafið og heim

Við skulum gleðjast yfir því, Íslendingar, að ein okkar helsta áskorun skuli snúa að því hvað við erum farnir að lifa lengi. Auknar lífslíkur og lægri fæðingartíðni eru merki velmegunar en barneignum fækkar iðulega þegar þjóðir efnast. Þessi jákvæða þróun verður þess þó valdandi að hlutfallslega fækkar þeim sem eru á vinnufærum aldri og sjáum við fram á tilfinnanlegan skort á vinnuafli á komandi árum.

Við þessu er lausn. Gerum fólk í auknum mæli kleift að flytja hingað og starfa án þess að einblína á hvaðan það kemur. Lítt heldur til þess hvort viðkomandi finni sér starf enda er ekkert sem segir að besta fólkíð fæðist innan EES-svæðisins. Slik stefna væri í senn mannúdarstefna en um leið skynsamleg og hagfelld öllum hlutadeigandi. Lítt og með önnur viðskipti er ljóst að ráði einhver erlendan starfskraft þá vænkast hagur beggja og er fátt jafn truflandi fyrir óbreytta hagfræðinga og að sjá vinnuveitanda grátklökkann í sjónvarpinu vegna þess að starfsmanni hans var vísað úr landi.

Umræðan hverfist nú mjög í kringum fólk sem flýr stríðshráð svæði. Vissulega er það aðkallandi og flókinn vandi en á sama tíma er það staðreynd að fólk byrjaði ekki að drukkna í opnum bátum á Miðjarðarhafinu árið 2013. Sókn fólks frá fátækari ríkjum til Vesturlanda á sér mun lengri sögu, en leitað er þangað sem vinnuframlag er verðmeira og tækifæri meiri. Skortur á öðrum leiðum gerir bátana einfaldlega vænlegasta kostinn.

Lítt og með aðra haftastefnu er of ströng innflytjendalöggjöf okkur skaðleg. Jákvæð högrann áhrif innflytjenda eru aftur á móti vel þekkt og skrásett en tilkomu þeirra er mætt með aukinni fjárfestingu, auknum umsvifum, og er það engin tilviljun að fjölbreytni er mikil í blómlegustu borgum heims. Áhrif innflytjenda hafa verið metin jákvæð á bæði hagvöxt og laun í stærri ríkjum og má ætla að hér á landi geti jákvæðu áhrifin verið umtalsvert meiri. Við erum fámenn þjóð með miklar auðlindir og jarðnæði og aukin stærðarhagkvæmni á ýmsum sviðum væri okkur mjög til góðs.

Engum dylst að ýmsir aðrir vinklar eru á móttöku innflytjenda en einungis hagrænir. Mistök eru til að læra af þeim og jafnvel betra er að læra af mistökum annarra. Standa þarf vörð um það sem gerir landið eftirsóknarvert en á sama tíma er það okkur í hag að marka almenna jákvæða stefnu gagnvart þeim sem vilja búa hér og starfa.

Telja skiptimynt



Verkamenn telja smámynt fengna úr þvottavélum og þurrkurum í þvottahúsum borgarinnar Zhengzhou í Kína. FRÉTTABLAÐID/AFP

Sjálfskaparvíti Kínverja



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Það hefur ekki verið góð byrjun á árinu fyrir fjármálamarkaði í heiminum, sérstaklega hafa kínversku verðbréfamarkaðirnir farið illa.

Ýmsir þættir hafa stuðlað að öróa á mörkuðunum, en ég vil sérstaklega undirstrika þrjú atriði. Í fyrsta lagi heldur Seðlabanki Bandaríkjanna áfram að gefa til kynna frekari vaxtahækkunar þrátt fyrir merki um að það sé að hægja á bandaríska hagkerfinu. Í öðru lagi, og að hluta til tengt hertum aðgerðum bandaríska seðlabankans, er sú staðreynd að áhyggjur af kínverska hagkerfinu fara vaxandi. Og í þriðja lagi er aukin

stjórn máspenna á milli Írans og Sáði-Arabíu.

Af þessum ástæðum hefur mesta athyglin beinst að aðstæðum í Kína og því er ólilegt að spyrja hvað sé raunverulega að gerast þar.

Loforðið um gengisfellingu reynist rétt

Almennt er enginn vafi á því að í Kína hægir nú verulega á kerfislægum hagvexti og líklegt er að þessi samdráttur haldi áfram næstu áratuginna þar sem Kína stendur frammi fyrir alvarlegum mótbýr, sérstaklega vegna mjög óhagstæðrar lýðfræðilegrar þróunar. Vinnufæru fólk í Kína mun einfaldlega fækka og þar með hægist á hagvexti.

Í slíkum kerfislægum mótbýr gætu Kínverjar þurft veikari gjaldmiðil, en vandamálið er að kínverski seðlabankinn hefur í gegnum tíðina tengt kínverska gjaldmiðilinn, renminbi, fast við bandaríska dollarann.

Hins vegar hefur þrýstingurinn á seðlabankann, um að leyfa renminbi að fljóta, farið vaxandi síðasta árið og markaðir hafa í auknum mæli veðjað á að Kína verði fyrir eða síðar að leyfa renminbi að veikjast verulega.

Eina raunverulega spurningin er því ekki hvort kínversk stjórnvöld leyfa meiri háttar gengisfellingu renminbi, heldur hvenær þetta gerist og hvort það verður skipulega eða ekki.

Og að miklu leyti hafa kínversk yfirvöld kynt undir væntingum um meiri háttar gengisfellingu þar sem seðlabankinn hefur gefið til kynna að hann muni leyfa renminbi að veikjast smám saman. En það er erfitt að stjórna hægfaru gengissígi því þegar maður segir fjárfestum að maður ætli að hefja gengissig í smáum skrefum taka allir til fótanna.

Þetta er einmitt það sem við sjáum núna. Útflæði gjaldeyris hefur aukist gríðarlega og það hefur sett mikinn þrýsting til lækkunar á renminbi. Það er því þverstæðukennt

að á meðan kínversk yfirvöld vilja veikari gjaldmiðil hefur seðlabankinn orðið að grípa inn í á gjaldeyris-mörkuðum til að hægja á veikingu gjaldmiðilsins.

Hin undarlega afleiðing þessa er að kínverski seðlabankinn er nú að herða peningamarkaðsskilyrði sín í aðstæðum þar sem hann ætti að vera að slaka á peningamálastefnunni. Þarna er kjarninn á bak við verðhrunið á kínversku verðbréfamörkuðunum, en þetta er líka lykilástæða fyrir áframhaldandi verðlækkun á hrávörumarkaði og almennum áhyggjum af ástandi alþjóðahagkerfisins.

Vegna hins kerfislæga mótbýrs í kínverska hagkerfinu og versnandi efnahagsástands er erfitt að sjá aðra valkosti fyrir kínversk stjórnvöld en að leyfa renminbi að fljóta frjálst, og eins og ástandið er núna myndi það sennilega leiða til frekar mikillar veikingar gjaldmiðilsins.

Eina raunverulega spurningin er því ekki hvort kínversk stjórnvöld leyfa meiri háttar gengisfellingu renminbi, heldur hvenær þetta gerist og hvort það verður skipulega eða ekki.

Bankarnir og samfélagið

HIN HLÍÐIN

Bjarnveig
Eiríksdóttir
HDL.LLM.



Bankasýsla ríkisins lagði fram í síðustu viku stöðuskýrslu varðandi fyrirhugaða söluméðferð á eignarhlut ríkisins í Landsbankanum hf. í samræmi við heimild fjárlaga ársins 2016. Fyrirhuguð sala hefur vakið vangaveltur um skipulag og

hlutverk bankans, hvort ríkið eigi áfram meirihluta í Landsbankanum og hann muni jafnvel starfa sem samfélagsbanki.

Óljóst er hvað átt er við með samfélagsbanka, annað en að slíkur banki starfi samkvæmt öðrum lög-málum en almennt tíðkist í banka-starfsemi, jafnvel að bankinn verði ekki rekinn með arðsemismarkmið að leiðarljósi heldur reyni að yta undir samkeppni á bankamarkaði með lægri þjónustugjöldum og útlánsvöxtum.

Ljóst er að reglur um ríkisaðstoð innan EES setja hugmyndum um

lægri arðsemiskrófur af hálfu ríkisaðila skorður. Sem eigandi banka er starfar á samkeppnismarkaði ber ríkinu að haga sér sem hver annar markaðsfjórðing. Í þessu felst að ríkið þarf að áskilja sér viðunandi endurgjald af starfsemi. Að öðrum kosti er viðbúið að litid yrdi svo á að um ríkisaðstoð til bankans væri að ræða. Vissulega veita EES-reglur ákveðið svigrúm fyrir ríkisaðila að styrkja fjármálastarfsemi sem sinnir almannaþjónustu eins og stuðningur við starfsemi íbúðalánasjóðs sýnir. Í fljótu bragði verður þó ekki séð að almenn við-

skiptabankþjónusta geti fallið undir almannaþjónustuhugtakið.

Það getur ekki verið neitt lögmál að ríkisaðstoð þurfi til að reka samfélagsbanka. Í skýrslu Samkeppnis-eftirlitsins frá 2013, Fjármálaþjónusta á krossgötum, segir að aukinn rekstrarkostnaður bankanna hafi leitt til þess að samkeppnisaðhaldi í bankþjónustu sé áfátt en samkeppni hvetur fyrirtæki til hagráðingar. Vera má að frumkvæði ríkisins þurfi til að efla samkeppni ef viðskiptabankarnir þrír eru enn of værukærir. Í Svíþjóð á ríkið bankann SBAB sem hefur það hlutverk

að efla samkeppni á fjármálamarkaði. Bankinn býður húsnaðislán og tekur við innlánum. Yfirbygging er lítil og áhersla er lögð á netvæðingu þjónustu. Þá eru mörg dæmi um samfélagsbanka í eigu einkaaðila sem gengið hafa vel, t.d. samvinnu-sparisjóðurinn Merkur Andelskasse í Danmörku sem hlaut umhverfis-verðlaun Norðurlandaráðs fyrir nokkrum árum. Sjóðurinn sinnir hefðbundinni bankþjónustu með áherslu á sjálfbærni í þjóðfélaginu. Kannski er kominn tími til að endurvekja sparisjóðina með nýjum áherslum?

FRÉTTABLAÐIÐ

61,1%

Íbúa á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 12–80 ára lesa
Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla
sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

61,1% lesa
Fréttablaðið

26,9% lesa
Morgunblaðið



Skv. prentmiðlakönnun Gallup, júlí–sept. 2015.



Allt sem þú þarft ...

Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Viðbót, ekki bylting

Streymiþjónustan Netflix var opnuð á dögnum hér á landi. Þrátt fyrir þetta er Netflix engin nýjung á heimilum landsmanna, en gert er ráð fyrir að 20 til 30 þúsund heimili í landinu hafi áskrift eftir krókkaleiðum gegnum Bandaríkin. Áhugavert verður að sjá hvort þessir áskrifendur haldi sig við bandarísku þjónustuna (sem hefur mun meira efnisúrval) eða skipti yfir í þá íslensku.

Það er að mörgu leyti aðdáunarverð ákvörðun hjá Netflix að hefja löglega starfsemi á Íslandi, en félagið hefur um árabíl haft talsverðar tekjur hér. Sé miðað við að bandaríska Netflix hafi að jafnaði tuttugu þúsund áskrifendur á Íslandi og að hver áskrifandi borgi átta dali á mánuði, gerir það tæpar tvær milljónir Bandaríkjadala á ári eða u.þ.b. 260 milljónir íslenskra króna.

Þetta er hreinn hagnaður. Ekkert starfsmannahald, enginn kostnaður af efniskaupum og enginn skattur, STEF gjöld eða annað í ríkissjóð. Má því lauslega áætla að ríkissjóður hafi orðið af tekjum upp á ríflega 100 milljónir króna á ári vegna starfsemi Netflix í landinu.

Mismunandi efnisúrval hjá bandarísku og íslensku þjónustunni skýrist af því að birtingarréttur afþreyingarefnis er seldur svæðisbundið, þ.e.a.s. kaupandi á hverju markaðssvæði fyrir sig kaupir einkarétt á sínu svæði. Netflix hefur ekki keypt efni í miklu magni fyrir Ísland, auk þess sem það efni sem þeir eiga í Bandaríkjunum er oft á tíðum í eigu þeirra aðila sem fyrir eru á íslenska markaðnum. Því er mun meira úrval á bandarísku þjónustunni.

Líklegt er að frekar dragi saman með úrvali í Bandaríkjunum og hér á landi, enda hafa stóru kvikmyndaverin á borð við Warner, Fox og fleiri dregið úr viðskiptum sínum við Netflix, aðrir borga betur til lengri tíma. Sumir, eins og HBO, hafa svo alfarið neitað að skipta við Netflix.

Svar Netflix hefur verið aukin áhersla á eigin framleiðslu. Þar er oft á ferðinni gæðaefni, en framleiðslugeta Netflix er ekki slík að eigið efni geti komið alfarið í stað efnis frá stúdíórisunum með sína gríðarstóru efnislagera. Netflix hefur einblínt á kaup á þessu gamla efni hingað til.

Styrkur Netflix liggur í þeirra eigin efni, annað er oft á tíðum í senn gamalt og sennilega á útleið. Þeir hafa truflað en alls ekki slátrað gamla viðskiptamódelinu úr bransanum. Neytendur geta fagnað tilkomu Netflix sem viðbót á markaðinn, en sjónvarpsfyrirtækin geta sennilega sofið róleg.

9,5%

**AUKNING Í VIRÐISAUKA-
SKATTSKYLDRI VELTU**

Velta í virðisaukaskattskyldri starfsemi í september og október 2015 nam 640 milljörðum króna, 3,4 prósent aukning milli ára skv. tölum Hagstofunnar. Á síðustu 12 mánuðum hefur veltan aukist mest í rekstri gististaða og veitingastaða og í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð.

4.000

SAGT UPP HJA BP

Breska oliufélagið BP tilkynnti í gær að það hygðist segja upp fjögur þúsund starfsmönnum, þar af sex hundruð á Norðursjó. Uppsagnirnar koma í kjölfar sjötíu prósentu verðlækkana á hráolíu síðustu átján mánuði. Öll störfin tengjast olíuleit eða borun eftir olíu. Fækkunin nemur fimm prósentum af heildarstarfsmannafjölda BP sem er um átta tíu þúsund manns.

11.01.2015

Ég ræddi við ráðuneytið og ráðherra um það að það gengi ekki árið 2015 og núna árið 2016 að það gengi ekki að búa til reglur um bann við tilteknum lánaformum. Og ég mæltist til þess við ráðherra að hann stæði með mér í þessu máli.

Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



... LIFUN

'TRÚBROT'

Tónlist hinnar godsagnakenndu hljómsveitar TRÚBROTS verður flutt á sviði Eldborgar þann 12. febrúar. Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, ...LIFUN, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár. Meðlimir TRÚBROTS, þau Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Shady Owens, skipa hljómsveitina ásamt þeim Eyþóri Gunnarssyni, Friðriki Karlssyni, Gunnlaugi Briem, Jóhanni Ásmundssyni, Pétri Grétarssyni, Stefáni Jakobssyni, Andra Ólafssyni og Stefaníu Svavarsdóttur. Ekki missa af sannkallaðri veislu í Hörpu þar sem tónlist TRÚBROTS fær að hljóma og andi hippakynslóðarinnar svífur yfir vötnum.

12. FEBRÚAR Í ELDBORG

HREINT

Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Midasala á tix.is, midasölu Hörpu og í síma 528-5050.

HARPA DÆGURFLUGAN



FJÖLVARP
 Þeir sem fá sér
FJÖLVARPSPAKKA
 fyrir 1. febrúar fá
 fyrsta mánuðinn
 á **0 kr.**

Allt á milli himins og jarðar í tveimur sneisafullum pökkum

FJÖLBREYTT ERLENT EFNI

365

Fjölvarp Veröld og Fjölvarp Evrópa veita þér aðgang að bíómyndum, íþróttum, fréttu- og fræðsluefni, skemmtipáttum, barnaeefni og alls kyns öðru skemmtilegu og vonduðu sjónvarpsefni. Þú færð **1.000 kr. afslátt** á mánuði af Fjölvarpi Veröld og Fjölvarpi Evrópu ef þú ert með aðra sjónvarpsáskrift hjá 365.



FJÖLVARP VERÖLD



6.590 kr.
Aðeins 220 kr. á dag

FJÖLVARP EVRÓPA



3.290 kr.
Aðeins 110 kr. á dag

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

- 532** Nika-óeirðirnar í Konstantínópel.
1229 Sauðafellsförl, synir Þorvalds Vatnsfirðings drepa fimm og særa 12.
1234 Órækja Snorrason drepur Odd Álason á Eyri við Arnarfjörð.
1610 Galileó Galilei uppgötvar Kallistó, fjórða tungl Júpíters.
1923 Fárviðri brýtur 50–60 m skarð í Örfiriseyjargarðinn, aðalhafnargarð Reykjavíkur.
1949 Frumsýnd er kvikmyndin Milli fjalls og fjöru eftir Loft Guðmundsson, fyrsta íslenska litmyndin með tali og í fullri lengd.
1953 Josip Broz Tito er kosinn forseti Júgóslavíu.
1957 Wham-O-fyrirtækið framleiðir fyrsta frisbidiskinn.
1975 Guðmundur Sigurjónsson verður stórmeistari í skák, 27 ára.
1975 Stórtjón verður í bruna á Reykjavíkurlugvelli er flugsýli og fleiri byggingar brenna.
1976 Mikill jarðskjálfti, 6,5 stig á Richter, verður í grennd við Kópasker og veldur miklu tjóni.
2002 Forseti Bandaríkjanna, **George W. Bush**, fellur í yfirlíð eftir að saltkringla stóð í honum.



Gætir jafnvægis, þótt sagnfræðin sé honum kær

Dr. Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, tók nýverið við starfi forseta Hugvísindasviðs Háskóla Íslands.

Dr. Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, tók í upphafi mánaðar við starfi forseta Hugvísindasviðs Háskóla Íslands en forseti Hugvísindasviðs er æðsti yfirmaður og akademiskur leiðtogi fræðisviðsins og stjórnar daglegri starfsemi þess.

Guðmundur tók við starfinu af Ástráði Eysteinsyni prófessor, sem hefur verið forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands frá upphafi embættisins á haustmíssi árið 2008. Guðmundur segir þó að hann hafi ekki lengi stefnt að embættinu heldur hafi einfaldlega gripið gæsina er hún gafst. „Ég tók nú eiginlega bara þessa ákvörðun þegar forveri minn gaf til kynna að hann hygðist láta af embætti,“ segir hann glaður í bragði og bætir við: „Ég fór nú ekkert að hugsa um þetta fyrr en það var ljóst að staðan myndi losna.“

Guðmundur var skipaður í stöðu Jóns Sigurðssonar, prófessors við Háskóla Íslands árið 2012, og hefur starfað sem lektor, dósent og prófessor í sagnfræði við háskólann og birt mikið af fræðigreinum á alþjóðlegum sem og innlendum vettvangi auk ýmissa ritstarfa.

Guðmundur lauk bakkalárprófi í sagn- og fornleifafræði frá Háskóla Íslands árið 1980 og kandidatsprófi í sagnfræði frá háskólanum tveimur árum síðar. Meist-



Guðmundur Hálfðanarson lauk doktorsprófi í evrópskri félags sögu frá Cornell-háskóla í Bandaríkjunum árið 1991.

araprófi í sagnfræði lauk hann árið 1985 frá Cornell-háskóla í Bandaríkjunum og doktorsprófi í evrópskri félags sögu frá sama skóla árið 1991.

Hann skellir strax upp úr þegar hann er spurður að því hvort hann muni leggja sérstaka áherslu á sagnfræðideildina. „Ég mun gæta jafnvægis, mér er sagnfræðin auðvitað mjög kær en ég mun gæta hagsmuna allra þeirra greina sem falla undir

sviðið,“ segir Guðmundur staðfastur og bætir við að sviðið sé mjög breitt og því auðheyrta að spennandi og krefjandi verkefni eru fram undan.

Á Hugvísindasviði eru fjórar deildir; deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, guðfræði- og trúarbragðafræðideild, íslensku- og menningardeild og sagnfræði- og heimspekideild.

gydaloo@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur,
Kristmundur Halldórsson
 fyrrverandi skrifstofustjóri,
 Bræðratungu 36,

lést 6. janúar sl. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 13.

Gróa Jónatansdóttir



Antonía Sigríður Jónsdóttir
 frá Steinaborg, Berufjarðarströnd,
 síðast til heimilis að Norðurbrún 1,
 Reykjavík,

lést fimmtudaginn 7. janúar.
 Hún verður jarðsungin frá Áskirkju
 föstudaginn 15. janúar kl. 13.00.

Antonía Sveinsdóttir
Anna María Sveinsdóttir
Helga Haraldsdóttir
 og aðrir vandamenn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
 tengdafaðir, afi og langafi,

Sverrir Jónatansson

húsasmiðameistari,
 Grænumýri 6, Seltjarnarnesi,

lést mánudaginn 11. janúar á
 hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin verður
 auglýst síðar.

Sigrún Árnadóttir

Olgeir Skúli Sverrisson
Elin Sjöfn Sverrisdóttir
Steinunn Svansdóttir
Árni Rúnar Sverrisson
Sigrún Björk Sverrisdóttir
Sverrir Þór Sverrisson
Sigurrós Hermannsdóttir
Gunnar Þór Indriðason
Gunnar Bjarnason
Ólafía Ásgeirsdóttir
Stefán Karl Magnússon
Björk Nielsdóttir



Ástkær eiginmaður minn,
 faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Þór Halldórsson

læknir,

sem lést 2. janúar síðastliðinn,
 verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju
 þriðjudaginn 19. janúar kl. 13.

Auður Ingólfssdóttir

Guðlaug Þórsdóttir
Jóna Þórsdóttir
Bolli Þórssón
Hjalte Þór Þórssón
Ingólfur Kristjánsson
Lars Peter Jensen
Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
 og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
 tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Kristjánsson

Hrafnakletti 1, Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju
 laugardaginn 16. janúar kl. 14.00.

Jónína Kristín Eyvindsdóttir

Eyvindur S. Magnússon
Kristján Á. Magnússon
Magnús H. Magnússon
Ólafía G. Sigurvinsdóttir
Brandís M. Hauksdóttir
 barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær eiginmaður minn,
 faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Magnús Óskarsson

húsasmiðameistari,
 Hamratungu,

lést sunnudaginn 3. janúar. Útförin fer
 fram frá Skálholtsdómkirkju laugardaginn
 16. janúar kl. 13.00.

Puríður Jónsdóttir

Jón Arnar Magnússon
Harpa Sigríður Magnúsdóttir
Einar Kári Magnússon
Hulda I. Skúladóttir
Unnsteinn S. Snorrason
Lilja Rún Bjarnadóttir
 og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
 amma, langamma og langalangamma,


Arnfríður Jónsdóttir

Hrafnistu, Reykjavík,
 áður búsett á Selfossi,

lést föstudaginn 8. janúar.
 Útförin verður auglýst síðar.

Sigurður G. Sigurðsson
Tryggvi Sigurðsson
Ingibjörg Sigurðardóttir
Elin María Sigurðardóttir
 og afkomendur.

Kristbjörg Einarsdóttir
Henry Þór Gränz
Richard Ö. Richardsson



Ástkær eiginmaður minn,
 faðir okkar og tengdafaðir,

Jón Þórisson

leikmyndateiknari,

sem lést á heimili sínu á nýársdag,
 verður jarðsungin frá Fossvogskirkju
 föstudaginn 15. janúar 2016 kl. 13. Þeir sem
 vildu minnast hans láti Heimahlynningu Landspítala og
 Krabbameinsfélagið njóta þess.

Ragnheiður Steindórsdóttir
Steindór Grétar Jónsson
Margrét Dórothea Jónsdóttir
Kristjana Björg Reynisdóttir
Jón Geir Jóhannsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
 tengdafaðir, afi og langafi,

Bjarni Sveinbjörnsson

yfirvélstjóri,
 Öldugötu 52,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
 þann 10. janúar síðastliðinn.
 Jarðarför auglýst síðar.

Ragna Matthíasdóttir

Sveinbjörn M. Bjarnason
Elin B. Bjarnadóttir
Matthías Æ. Bjarnason
Ebba Sverrisdóttir
Adolf Árnason
 barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
 amma og langamma,

Ólöf Sigríður Gísladóttir

Dalbraut 20, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 26. desember.
 Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk
 hinnar látnu. Við þökkum góða umönnun á
 deild 13-E. Þökkum íbúum og starfsfólki Dalbrautar fyrir
 samveruna á liðnum árum.

Sigríður Gunnarsdóttir
Kristín Gunnarsdóttir
Gunnar Gunnarsson
Magnús Ingvar Þorgeirsson
Sigurjón Guðmundsson
Brynja Þórarinsdóttir
 ömmu- og langömmubörn.



LÉTT ÖL KYNNIR:

Instagram Twitter Facebook #hlust2016



HLUSTENDA VERÐLAUNIN 2016

KOMDU INN Á BYLGJAN.IS, FM957.IS, X977.IS EÐA VÍSIR.IS OG VELDU ÞAÐ SEM ÞÉR FANNST SKARA FRAM ÚR Í ÍSLENSKRI TÓNLIST Á ÁRINU 2015

HLUSTENDAVERÐLAUNIN VERÐA AFHENT Í KRAFTMIKILLI OG GLÆSILEGRI TÓNLISTARVEISLU Í HÁSKÓLABÍÓI 29. JANÚAR Í BEINNI ÚTSENDINGU Á STÖÐ 2

LAG ÁRSINS

HAILSLIDE - JÚNÍUS MEYVANT
CRYSTALS - OF MONSTERS AND MEN
SEE HELL - AGENT FRESCO
NO MORE - GLOWIE
ÁST SEM ENDIST - PÁLL ÓSKAR
SKÁL FYRIR ÞÉR - FRÍÐRIK DÓR

PLATA ÁRSINS

GÍSLI PÁLMI - GÍSLI PÁLMI
BENEATH THE SKIN - OF MONSTERS AND MEN
DESTRIER - AGENT FRESCO
TVÆR PLÁNETUR - ÚLFUR ÚLFUR
EASY STREET - DIKTA
18 KONUR - BUBBI & SPAÐADROTTNINGARNAR

SÖNGVARI ÁRSINS

JÓKULL JÚLIÚSSON
PÁLL ÓSKAR
ARNÓR DAN
FRÍÐRIK DÓR
HAUKUR HEIÐAR
JÚNÍUS MEYVANT
RAGNAR ÞÓRHALLSSON

NÝLÍÐI ÁRSINS

GLOWIE
AXEL FLOVENT
ALDA DÍS
FUFANU
MARÍA ÓLAFSDÓTTIR
STURLA ATLAS

ERLENDI LAG ÁRSINS

THINKING OUT LOUD - ED SHEERAN
UPTOWN FUNK - MARK RONSON
GO - THE CHEMICAL BROTHERS
DREAMS - BECK
EX'S AND OH'S - ELLE KING
CAN'T FEEL MY FACE - THE WEEKND
HELLO - ADELE

FLYTIANDI ÁRSINS

OF MONSTERS AND MEN
JÚNÍUS MEYVANT
ÚLFUR ÚLFUR
GÍSLI PÁLMI
PÁLL ÓSKAR
DIMMA
KALEO

SÖNGKONA ÁRSINS

NANNA BRYNDÍS HILMARSDÓTTIR
GLOWIE
ALDA DÍS
HULDA KAREN KOLBRÚNARDÓTTIR
MARGRÉT RÚNARSDÓTTIR
STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR
MARÍA ÓLAFSDÓTTIR

MYNDBAND ÁRSINS

GEGNUM DIMMAN DAL
BRENNUM ALLT
HÆPIÐ
STRÁKARNIR
CRYSTALS
SEE HELL
WAY DOWN WE GO
ÍNÆSTA LÍFI


BYLGJAN 989



Tónlist

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Í dag og fimmtudag verður áfram köld norðanatt og el eða dálítill snjókoma, en léttskýjað sunnan- og vestanlands.

Fimmtudagur

Reykjavík ☀️ -4° ← 5	Ísafjörður ☁️ -4° ← 3	Akureyri ☁️ -5° → 2
Egilsstaðir ☁️ -2° ↓ 9	Kirkjubæjarkl. ☀️ -3° ↓ 6	Hveravellir ☁️ -9° ↓ 6

Föstudagur

Reykjavík ☀️ -6° ← 6	Ísafjörður ☁️ -6° ↗ 7	Akureyri ☀️ -11° ↗ 6
Egilsstaðir ☁️ -13° ↗ 5	Kirkjubæjarkl. ☁️ -4° ↙ 5	Hveravellir ☀️ -12° ↘ 2

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- afl
 - stefna
 - púka
 - arr
 - tveir eins
 - kompa
 - skýla
 - átt
 - reik
 - fálm
 - átt
 - tílræði
- LÓDRÉTT**
- klastur
 - slá
 - strits
 - kóf
 - andvar
 - hlaup
 - flinkur
 - yfirstétt
 - fyrirboði
 - áfæti

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LAUSN

LÁRÉTT: 2. þrek, 6. úr, 8. ára, 9. sig, 11. ft, 12. kíeffi, 14. slæða, 16. sv, 17. ríð, 18. pát, 20. sa, 21. áras, 10. gell, 13. fær, 15. aðal, 16. spá, 19. tál.

Sudoku

LÉTT

1					5	9
8			3	7	1	
		4				2
					7	3
5	9	6	7		2	8
6	1		8		4	5
		5	1	6		
	6	8				3

MIDLUNGS

				5		9
			4		9	5
	3	5		8		6
	6	2	1	9		
8				4	6	
	9			7		2
2	8	9		1		
4	1		6			
	7	6		2		3

ÞUNG

		8	3			
	1	6	8		7	
		4			2	6
		9		3		1
5			1			2
8	3					
				2	6	
			7			3
			4	8		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudokuro

8	9	2	6	5	3	7	1	4
1	4	5	2	7	8	3	9	6
3	6	7	4	9	1	5	8	2
6	1	9	3	2	5	8	4	7
7	5	3	8	4	6	1	2	9
2	8	4	7	1	9	6	3	5
9	7	1	5	8	2	4	6	3
4	3	8	9	6	7	2	5	1
5	2	6	1	3	4	9	7	8

Skák Gunnar Björnsson

Nenasjév átti leik gegn Mutsj-metov í Novosíbrsk árið 1989.



Hvítur á leik

1. Dg5+!! fxxg5 2. Hxa6+ (eða 2. Hc6+) og svartur er mát.
www.skak.is: Umfjöllun á Reykjavíkurskáknotið á Chess-vibes.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Fáðu þér appið!
www.fasteignir.is

Lífið

STÓRSKEMMTILEGT
drullumall
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
SÝNT Í TJARNARBÍÓ



Gríman 2015

Barnasýning ársins
Sproti ársins

Sun. 17. jan kl. 13.00

Sun. 24. jan kl. 13.00

Sun. 7. feb kl. 13.00

Sun. 21. feb kl. 13.00



- DV



"Lífið er yndisleg sýning!"
- Morgunblaðið

ALLAR STJÖRNURNAR Í HÚSINU!

"Það er allt fallett við þessa sýningu!"
- G.S.E Djöflaeyjan

Í UPPSETNINGU LEIKHÚSSINS 10 FINGUR SEM SLÓ Í GEGN MEÐ LEIKRITID SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN
LEIKARAR SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR OG SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON LISTRÆNIR STJÓRNENDUR CHARLOTTE BØVING OG HELGA ARNALDS



MIÐASALA Á MIDI.IS OG Í TJARNARBÍÓ



Teflir saman svart-hvítum samtíma og liðinni tíð

Þrjár ljósmyndasýningar verða opnaðar í Þjóðminjasafninu um næstu helgi og þar á meðal sýningin Andvari þar sem Katrín Elvarsdóttir teflir saman verkum fimm nútímaljósmyndara og tveggja úr fótum safnsins.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Þjóðminjasafnið hefur á liðnum árum gert talsvert af því að sýna ljósmyndir, bæði gamlar og nýjar, og næstkomandi laugardag verða opnaðar þrjár sýningar innan veggja safnsins. Stærsta sýningin kallast Andvari og þar getur að líta svart-hvítar landslagsmyndir eftir fimm samtímaljósmyndara og tvo frá liðinni tíð. Sýningarhöfundur er Katrín Elvarsdóttir og hún segir að verk samtímaljósmyndanna séu flest ný af nálinni.

„En svo eru líka á sýningunni myndir úr safnaeigninni eftir tvo áhugaljósmyndara frá síðustu öld, þá Arngrím Ólafsson og Sigurð Tómasson. Sigurður var úrsmiður og Arngrímur prentari en þeir ferðuðust báðir mikið um landið og tóku myndir. Það sem var hvað merkilegast við það sem Sigurður gerði var að hann bæði tók mikið af stereoscope-myndum, en þá eru teknar tvær myndir í einu og svo skoðað í sérstökum kiki til þess að fá þrívídd, og svo tók hann líka fyrstur Íslendinga litmyndir. Það var reyndar mjög snemma á öldinni. Svo erum við með ákaflega skemmtilegar myndir eftir Arngrím þar sem hann og vinir hans, nokkrir ljósmyndarar, eru að ferðast um landið. Það er ákaflega gaman að sjá þar myndavélarnar sem þeir voru með, klæðaburðinn, gömlu bílana og annað sem skapar sterkan tíðaranda í myndunum.

Í samtímaljósmyndunum er íslensk náttúra líka mjög áberandi. Regnbogamyndir frá Lilju Birgisdóttur, ferðalag frá Kristínu Hauksdóttur, alveg ný verk eftir Daniel Reuter, Claudia Hausfeld er hins vegar með texta þar sem hún leitast við að lýsa upplifun sinni af því að fara og skoða myndasafn en hún er reyndar með eina mynd líka. Síðan fengum við danskan ljósmyndara frá Berlín sem heitir Joakim Eskildsen sem er talsvert þekktur og hann er með svart-hvítar myndir frá 1989-93 sem voru teknar víða á Norðurlöndum, þar á meðal hér.“

Katrín segir ástæðuna fyrir því að hún hafi ákveðið að tefla saman verkum þessara ljósmyndara vera að hana hafi langað til þess að setja upp svart-

hvíta sýningu. „Ég fór að skoða hverjir hafa verið að vinna mikið svart-hvít og út frá þeim sýningum sem ég hef séð undanfarin ár þá datt mér þessi hópur í hug. Tvö þeirra eru reyndar þýsk, þau Claudia og Daniel, og búa bæði hér en það var bara tilviljun að þau urðu fyrir valinu. Síðan hafði ég unnið áður í stórum verkefnum fyrir Þjóðminjasafnið og vissi að það væri mjög margt þar sem kæmi til greina og sófn þessara tveggja karla hafa aldrei verið sýnd áður. Þetta er bara búið að liggja í geymslum og mér fannst vera kominn tími til að draga þessar finu myndir fram í dagsljósið.

Mér finnst þetta koma vel út og passa skemmtilega saman þrátt fyrir aldersmun og ólíka nálgun. Það er flott að sjá hvað var í gangi á þessum tíma sem eldri myndirnar eru frá. Sigurður var afskaplega góður ljósmyndari og svo mikil stemning í myndunum frá Arngrími. Það er talað um að myndirnar eftir Sigurð séu frá því um 1925 til 1945 en myndir Arngríms líkast til um 1930 til 1950 en þetta er reyndar eitthvað sem þyrfti að rannsaka frekar.“

Sýningin í Þjóðminjasafninu er hluti af Ljósmyndahátíð Íslands sem hefst á fimmtudaginn en um níu sýningar verða opnaðar í tengslum við hátíðina á næstu dögum. Tvær minni sýningar verða einnig opnaðar í Þjóðminjasafninu á laugardaginn og Katrín segir að það sé líka ákaflega skemmtilegar sýningar. „Annars vegar er það sýningin Einstæðar mæður sem er úrval úr seríu eftir kanadíska ljósmyndarann Annie Ling en hún var hérna í fyrra og myndaði þessa seríu. Þetta eru litmyndir og eiginlega heimildaljósmyndun þar sem útlendingur kemur til Íslands heillast af þessu fyrirbæri, Einstæðar mæður, og fer að rannsaka það með myndavélinni. Henni finnst íslenskar einstæðar mæður mun sjálfstæðari en til að mynda þar sem hún býr í New York og það er gaman að sjá þetta með hennar augum.

Loks er að svo Norðrið í norðrinu sem var upprunalega sýnd á Byggðasafninu Hvoli á Dalvík. Þar verða sýndir munir og ljósmyndir frá Ittoqqortoormiit á Grænlandi, mjög spennandi sýning. Þannig að þetta eru allt skemmtilega ólíkar og forvitnilegar sýningar.“



Katrín Elvarsdóttir er höfundur sýningarinnar Andvari sem verður opnuð í Þjóðminjasafninu næsta laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Fjall eftir Joakim Eskildsen.



Ein af ljósmyndum Arngríms Ólafssonar á sýningunni Andvara.

Sérstök eftirvænting í loftinu

Fjórir ungir, íslenskir tónlistarmenn koma fram með símfóniunni í kvöld í Eldborgarsal Hörpu. Þeir unnu árlega einleikarakeppni sem hljóm-sveitin og Listaháskólinn standa fyrir og þetta eru því fyrstu skref þeirra á stóru sviði með atvinnu-hljómsveit. Þeir eru Heiðdís Hanna Sigurðardóttir einsöngvari, Sigríður Hjördis Indriðadóttir flautuleikari, Jónas Ásgeir Ásgeirsson harmonikkuleikari og Ragnar Jónsson sellóleikari.

Keppnin er opin tónlistar-nemendum á fyrsta háskólastigi, óháð því hvaða tónlistarskóla þeir sækja, og Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor LHÍ, segir tilganginn þann að styðja við efnilegustu tónlistar-nemendurna og gefa á sama tíma áhærendum tækifæri til að fylgjast með þeim. „Stemningin á tónleikunum er jafnan einstök,“ segir hún og undir það tekur Arna Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri hljóm-sveitarinnar.



Stór stund framundan hjá Ragnari sellóleikara, Jónasi Ásgeiri harmonikkuleikara, Heiðdís Hönnu einsöngvara og Sigríði Hjördisi flautuleikara.

„Það er óhætt að segja að það sé stór stund þegar vinningshafar keppninnar stíga á svið með hljóm-sveitinni og alltaf sérstök eftirvænting í loftinu að heyra í

nýjum ungum einleikurum,“ segir hún.

Fluttur verða þrjár einleikskonserter á tónleikunum, forleikur og aríur. gun@frettabladid.is

ÚTSALA!
20-80%
AFSLATTUR!

AFGHIII 120116 #2

rekkjan
HEILSURÚM



ÆVINTÝRAFERÐ TIL ÍSLANDS

Með íslenska skemmtiferðaskipinu Ocean Diamond 11. til 24. maí

PERSÓNULEG STEMNING, FRÁBÆR MATUR OG ÞJÓNUSTA.

Íslenska skemmtiferðaskipið Ocean Diamond fékk nýlega verðlaun Sambands þýskra farþegaskipa fyrir ferðir sínar kringum Ísland síðasta sumar. Nú gefst Íslendingum tækifæri til að fara í ævintýraferð með skipinu frá Hamborg, um Norðursjóinn og eyjar Atlantshafsins áður en þeir upplifa ferðalag á sjó kringum land sitt með algjörlega nýjum hætti. Um borð er íslensk fararstjórn og skemmtun, persónuleg stemning er meðal áhafnar og farþega, frábær matur og þjónusta.



Sigt er frá Hamborg til Newcastle, Orkneyja, Hjaltlandseyja, Færeyja og svo einstök sigling kringum landið okkar áður en komið er til Reykjavíkur.

FÆREYJAR
ÞÓRSHÖFN
VESTMANNA, MYKINES

HJALTLANDSEYJAR
LEIRVIK



ORKNEYJAR
KIRKWALL

NEWCASTLE
(PORT OF TYNE)

HAMBORG

England

Þýskaland



EINSTÖK UPPLIFUN

Um borð í Demantinum eru 15 slöngubátar sem eru notaðir í hvala- og fuglaskoðun – í svokölluðum „Soft Expedition“ ævintýraferðum. 106 manna áhöfn er um borð auk íslenskra leiðsögumanna. Skipið tekur 224 farþega. Hentug stærð skipsins gerir kleift að koma farþegum á staði sem hin hefðbundnu skemmtiferðaskip komast ekki á. Þannig munu farþegar Ocean Diamond geta upplifað margt af því áhugaverðasta á eyjum Atlantshafsins og á Íslandi.

Verð frá 280.000 á mann miðað við þrjá í káetu - fullt fæði innifalið.
Verð frá 420.000 kr. á mann miðað við tvo í káetu -fullt fæði innifalið.

Nánari upplýsingar á www.icelandprocruises.is eða í síma 510 3600

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

3 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
BESTA MYND, BESTI LEIKSTJÓRI OG BESTI LEIKARI

LEONARDO DICAPRIO TOM HARDY
WILSON-ORHEELEY, LÍPI PÁRNÁ
THE REVENANT
BYGGU Á SONNUM ATGANGUM

16 FORSÝND A MÖRGUN
TRYGGDU PÉR MIÐA

THE HATEFUL EIGHT
THE END OF QUENTIN TARANTINO
GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
★★★★★
- MBL - BÍÓVEFURINN - USA TODAY

16

L
JENNIFER LAWRENCE
ROBERT DE NIRO
MICHELLE YEOH COOPER
GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
JOY
Frá leikstjóra Silver Linings
Playbook and American Hustle
★★★★★
- S.G.S., MBL

BIG SISTERS DON'T ALWAYS KNOW BEST.
TINA FEY AMY POEHLER
SISTERS

12

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðasala og nánari upplýsingar

THE HATEFUL EIGHT
16

DADDY'S HOME
16

STAR WARS THE FORCE AWAKENS
9

SISTERS
12

SNATI KALLI BJARNNA SMÁFOLKID
L

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
THE HATEFUL EIGHT 5, 9
DADDY'S HOME 8, 10:10
STAR WARS 2D 5
SISTERS 8, 10:30
SMÁFOLKID 2D 5:50

SAMBÍÓ NÁÐU Í SAMBÍÓ APPID
ÞAÐ MARGBORGAR SIG

Frábær grínmynd með Will Ferrell og Mark Wahlberg í aðalhlutverkum.
Pökkum frábærar viðtökur Yfir 75.000 manns

NYÁRSMYNDIN 2016
★★★★★
BOSTON GLOBE
HASARATRÍÐIN GERAST EKKI FLOTTARI
MEIRIHÁTTAR ÁRAMÓTASPRENGJA
POINT BREAK
LUKE BRACEY
EDGAR RAMIREZ
TERESA PALMER
RAY WINSTONE

DADDY'S HOME
★★★★★
OFWCOM
WHAT CULTURE

STAR WARS THE FORCE AWAKENS
★★★★★
K.O. VISIRIS
USA TODAY
TOTAL FILM
S.G.S. MÖRGUNLABIÐ

SNATI KALLI BJARNNA SMÁFOLKID
L

GÓÐA RISAEDLAN
★★★★★
L

EGILSHÖLL
DADDY'S HOME kl. 5:50 - 8 - 10:10
POINT BREAK kl. 5:30 - 8 - 10:30
STAR WARS 3D kl. 5:10 - 8
STAR WARS 2D kl. 10:15
GÓÐA RISAEDLAN kl. 5:10

KEFLAVÍK
DADDY'S HOME kl. 8 - 10:10
POINT BREAK kl. 10:55

AKUREYRI
DADDY'S HOME kl. 8 - 10:10
STAR WARS 3D kl. 7:10 - 10:10
GÓÐA RISAEDLAN kl. 5:50

ALFABAKKA
DADDY'S HOME kl. 5:50 - 8 - 9 - 10:10
POINT BREAK kl. 8 - 10:30
STAR WARS 3D kl. 5:30 - 8:30
STAR WARS 2D kl. 6 - 7 - 10
STAR WARS 2D VIP kl. 5 - 8
SMÁFOLKID kl. 5
GÓÐA RISAEDLAN kl. 5:50

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
DADDY'S HOME kl. 5:50 - 8 - 10:10
POINT BREAK kl. 8 - 10:30
STAR WARS 3D kl. 6 - 9
GÓÐA RISAEDLAN kl. 5:50

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

13. JANÚAR 2016

Tónlist

Hvað? Volante – Sonur sæll
Hvenær? 16.30
Hvar? Prikíð Kaffihús

Hvað? Trúbadorinn Alexander
Hvenær? 21.00
Hvar? American Bar

Hvað? Trúbadorarnir Ellert og Roland
Hvenær? 21.00
Hvar? English Pub

Hvað? Join Grúska Babúska, Just another Snake Cult & Milkhouse
Hvenær? 21.00
Hvar? Húrra
Aðgangseyrir 1.000 krónur

Hvað? Benjamín Náttmörður og Birgir Bragason
Hvenær? 20.00
Hvar? Björgarðurinn
Benjamín Náttmörður og Birgir Bragason halda uppi notalegrri djasstemningu í Björgaröðnum. Aðgangur ókeypis.

Fundir

Hvað? Kostnaður við bakverki í Svíþjóð
Hvenær? 12.00
Hvar? Háskóli Íslands, stofa 108
Opinn fyrirlestur á vegum Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum og Háskóla Íslands. Gylfi Ólafsson,



Dansverkið Predator eftir Sögu Sigurðardóttur hefur verið sett upp aftur í Tjarnabíó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

heilsuhagfræðingur og doktorsnemi við Karolinska Institutet í Stokkhólmi, kynnir rannsóknir sínar. Fyrirlesturinn er hluti af námskeiðinu Málstofa doktorsnema í lýðheilsuvísindum. Fundurinn fer fram á íslensku og er öllum opin.

Hvað? Nýlegar úrlausnir á sviði hafréttar
Hvenær? 12.00
Hvar? Háskóli Íslands, stofa 103 í Lögbergi

Nigel Bankes prófessor heldur fyrirlestur á ensku um nýlegar úrlausnir á sviði hafréttar. Nigel Bankes er prófessor í náttúruauðlindarétti við Calgary-háskóla og einnig adjúntkt við laga-deild og KG Jebsen Centre for the Law of the Sea við Tromsøháskóla. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Hvað? Bættur lífstíll – breyttar venjur
Hvenær? 20.00
Hvar? Lifandi markaður

Uppákomur

Hvað? Borðspilakvöld Nexus
Hvenær? 19.00
Hvar? Nexus, Nóatúni 17

Hægt að koma og setjast niður með öðrum borðspilavinum og prófa eitthvað nýtt eða taka eitthvað gamalt og gott. Allir velkomnir

Hvað? Nina Zurier – Ef ég hefði verið
Hvenær? 10.00-17.00
Hvar? Sjóminjasafnið í Reykjavík

Verkin á sýningunni eru sögur af því hvernig líf Ninu hefði hugsanlega geta orðið ef hún hefði alist upp á Íslandi í stáðinn fyrir í miðvesturríkjum Bandaríkjanna.

Verkin byggja á ljósmyndum úr safneign Ljósmyndasafnsins í Reykjavík. Nina hefur margsinnis komið til Íslands og eytt miklum tíma í að fara yfir gamlar ljósmyndir frá Íslandi. Aðgangseyrir er 1.500 krónur fyrir fullorðna, frítt inn fyrir börn 18 ára og yngri, eldri borgara og öryrkja.

Hvað? Þar sem landið rís
Hvenær? 12.00-19.00
Hvar? Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Peter Holliday sýnir nýjustu ljósmyndaröð sína um eldgosíð í Heimaey sem hófst þann 23. janúar 1973. Þessar ofsafengnu jarðhræringar höfðu óafturkræf áhrif á útlit og landslag eyjanna, fjölmörg heimili grófust undir hrauni sem breiddi úr sér yfir hluta byggðarinnar. Allir velkomnir.



Volante og Sonur sæll sjá um að þeyta skífum á Prikínu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA HELGADÓTTIR

Dans

Hvað? Predator – Dansverk
Hvenær? 21.00
Hvar? Tjarnabíó

Predator er dansverk sem sýnt er í þremur þáttum þar sem kór-söngur, eróbíkk, klúbbateknó og velur varpa fram birtingarmyndum þjónningar, náð hennar og fegurð. Verkið er í sviðssetningu Sögu Sigurðardóttur og Reykjavík Dance Festival. Miðinn kostar 2.900 krónur.

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Glænýja Testamentið 17:45, 22:15
A Perfect Day 18:00, 20:00
Magic in The Moonlight ... 18:00

45 Years 20:00
Youth 20:00, 22:00
Hrútar 22:00

YOUTH

45

Uppistand

Hvað? Segðu einhvað fyndið
Hvenær? 21.30
Hvar? Boston Reykjavík, Laugavegi 28B

Uppistandskvöld í boði Brió og Gull. Fram koma: Ólafur Sverrir, Greipur Hjaltason, Ólafur Freyr, Sigurður Anton og Marlon Pollock

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

MEXÍKÓVEISLA Í BÓNUS

100%
Ungnautahakk

300 kr.
Verðlækkun pr. kg



1.598
kr. kg

Íslandsnaut
Ungnautahakk
Verð áður 1898 kr. kg



FLJÓTLEGT OG GOTT



359
kr. 350 g

Santa Maria
Chunky Salsa, 350 g, 3 teg.



229
kr. 230 g

Santa Maria
Taco Sauce, 230 g, 2 teg.

**RISA
POKI**



359
kr. pk.

Santa Maria
Tortilla Chips, 500 g



329
kr. pk.

Santa Maria Soft Tortilla
Mjúkar vefjur, 8 stk.



359
kr. pk.

Santa Maria Wrap Tortilla
Stórar vefjur, 6 stk.

BONUS EKKERT BRUÐL

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.40 Big Time Rush
08.05 The Middle
08.25 Anger Management
08.50 Weird Loners
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Spurningabomban
11.05 Mindy Project
11.30 Sullivan & Son
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Lóa Pind. Örir Íslendingar
13.45 Hið blómlega bú 3
14.15 White Collar
15.00 Mayday. Disasters
15.45 Impractical Jokers
16.05 Welcome to the Family
16.30 Big Time Rush
16.55 Baby Daddy
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag Andri, Margrét Erla, Lóa Pind og Pétur Jóhann færa þér skemmtilegan þjóðmálapátt í beinni útsendingu á hverjum degi. Áhugaverð umræða, fróðlegar fréttaskýringar og skemmtileg sjónarhorn.
19.20 Vikingalottó
19.25 The Middle
19.50 Heimsókn
20.10 Covert Affairs
20.55 Flesh and Bone
21.55 Catastrophe
22.25 Bones Tiunda þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.
23.10 Atvinnumennirnir okkar
23.40 NCIS
00.25 Stalker
01.10 Magic Magic
02.45 When Harry Met Sally
04.20 Premium Rush
05.50 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

10.20 Exeter - Liverpool
12.00 Sampdoria - Juventus
13.40 KR - Stjarnan
15.25 Körfuboltakvöld
17.05 Ítölsku mörkin
17.25 Doncaster - Stoke
19.10 Haukar - Stjarnan BEINT
21.10 Tottenham - Leicester
22.50 Ensku bikarmörkin
23.20 Haukar - Stjarnan

SPORT 2

07.30 Newcastle - Man. Utd.
12.40 Premier League World
13.10 Aston Villa - Crystal Palace
14.50 Bournemouth - West Ham
16.30 Swansea - Sunderland
18.10 Newcastle - Man. Utd.
19.50 Liverpool - Arsenal BEINT
22.00 Man. City - Everton
23.40 Chelsea - WBA
01.20 Tottenham - Leicester

GOLFSTÖÐIN

09.00 PGA Tour
13.00 PGA Tour - Highlights
13.55 PGA Tour
17.55 Golfing World
18.45 Inside The PGA Tour
19.10 PGA Tour
23.10 Golfing World

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

18.00 Fresh off the Boat
18.20 Sullivan & Son
18.45 Top 20 Funniest
19.30 One Big Happy
19.55 Schitt's Creek
21.10 Last Ship
21.55 American Horror Story: Freak Show
22.55 Discovery Atlas
00.30 One Big Happy
00.50 Schitt's Creek
02.00 Last Ship
02.40 American Horror Story: Freak Show
03.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Rasmus Klumpur
07.55 UKI
08.00 Lukku-Láki
08.23 Kalli á þakinu
08.47 Ævintýraferðin
09.00 Ofurhundurinn Krypto
09.25 Ljótí andarunginn og ég
09.47 Hvellur keppnisbill
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.45 Doddi litli og Eyrnastór
10.55 Tommi og Jenni
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Rasmus Klumpur
11.55 UKI
12.00 Lukku-Láki
12.23 Kalli á þakinu
12.47 Ævintýraferðin
13.00 Ofurhundurinn Krypto
13.24 Ljótí andarunginn og ég
13.46 Hvellur keppnisbill
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.45 Doddi litli og Eyrnastór
14.55 Tommi og Jenni
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Rasmus Klumpur
15.55 UKI
16.00 Lukku-Láki
16.23 Kalli á þakinu
16.47 Ævintýraferðin
17.00 Ofurhundurinn Krypto
17.24 Ljótí andarunginn og ég
17.46 Hvellur keppnisbill
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.45 Doddi litli og Eyrnastór
18.55 Tommi og Jenni
19.00 Arthúr 2

Doddli litli og Eyrnastór
KL. 10.45, 14.45 og 18.45



GULLSTÖÐIN

18.45 The Big Bang Theory
19.05 Friends
19.30 New Girl
19.55 Modern Family
20.20 Tekinn 2
20.45 Chuck
22.00 Cold Case
22.45 Cold Feet
23.35 Broadchurch
00.25 The Sopranos
01.15 Tekinn 2
01.40 Chuck
02.50 Cold Case
03.35 Cold Feet
04.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

11.20 Battle of the Year
13.10 Enough Said
14.45 The Last Station
16.40 Battle of the Year
18.30 Enough Said
20.05 The Last Station Söguleg mynd um rithöfundinn Tolstoy og eiginkonu hans. Í skrifum sínum lagði hann lítið upp úr veraldlegum gæðum en meira upp úr andlegum hugsjónum. Hann varð þó bæði auðugur og frægur sem var á skjön við það sem hann var talsmaður fyrir. Með aðalhlutverk fara Helen Mirren, James McAvoy og Christopher Plummer.
22.00 Runner, Runner
23.35 Independence Day Sagan hefst á venjulegum sumardeg. Allt í einu dregur fyrir sólu. Óhugnanlegur skuggi færast yfir jörðina og spurningunni um líf á öðrum hnöttum hefur verið svarað. Í einni andrá er lífi alls mannkyns umturnað. Verur utan úr geimnum sitja um jarðarbúa og þeir verða að snúast til varnar. Hörkuspennandi stórmynd sem fékk meðal annars Óskarsverðlaun fyrir tæknibrellur.
01.55 Edge of Darkness
03.50 Runner, Runner

RÚV

15.20 Rætur
15.50 Finnland - Ísland BEINT
17.45 Táknálmálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Finnbogi og Felix
18.18 Sigildar teiknimyndir
18.26 Finni kostur
18.50 Krakkfréttir
18.54 Vikingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Ævar vísindamaður
20.40 Frú Brown
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Þeir sem þora
23.25 Glæpasveitin
00.25 Kastljós
00.55 Fréttir
01.10 Dagskrárlök

SKJÁREINN

08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Kitchen Nightmares
09.45 Minute to Win It
10.30 Pepsi MAX tónlist
13.25 King of Queens
13.50 Dr. Phil
14.30 Black-ish
14.55 The Good Wife
15.40 America's Next Top Model
16.20 Solsidan
16.40 Life in Pieces
17.05 Grandfathered
17.30 The Grinder
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 The Late Late Show
19.50 The Millers
20.15 Survivor
21.00 Complications
21.45 David Bowie - Five Years in The Making of an Icon
22.35 The Tonight Show
23.15 The Late Late Show
23.55 Sleeper Cell
00.40 Agents of S.H.I.E.L.D.
01.25 Zoo
02.10 Complications
02.55 The Tonight Show
03.35 The Late Late Show
04.15 Pepsi MAX tónlist



19:50
HEIMSÓKN

Sindri Sindrason heimsækir íþróttasérfræðinginn Hjörvar Hafliðason sem nýlega tók íbúðina sína skemmtilega í gegn.

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:15
COVERT AFFAIRS

Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunar.



21:00
FLESH AND BONE

Dramatískir þættir um Claire sem er ungur og hæfileikarík dansari í New York. Hún lifir og hrærist í kröfuhörðum dansheiminum og á ekki alltaf sjö dagana sæla.



22:00
CATASTROPHE

Önnur þáttaröðin um hinn ameríska Rob og hina írsku Sharon sem hófu kynni sín á skemmtistaði í London og upp frá því réðust örlög þeirra.



22:00
RUNNER, RUNNER

Spennymynd frá 2013 með Ben Affleck og Justin Timberlake í aðalhlutverkum.



22:00
COLD CASE

Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar á morðdeildinni við að leysa úr gömlum og rykföllnum sakamálum.



Krakka stöðin | 18:00
DÓRA LANDKÖNNUÐUR

Skemmtilegur þáttur með vinsælustu vinkonu allra barna, Dóru og apanum hennar Klossa.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.

365.is

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100


FM 102,9 Lindin

Tíu stærstu málaflokkarnir

Mestu varið í vexti, velferð og heilbrigði

Vaxtakostnaður er stærsti einstaki útgjaldaliður hins opinbera. Þess vegna ákvað Alþingi að greiða niður skuldir með fjármunum sem renna á þessu ári í ríkissjóð vegna áætlunar um afnám fjármagnshafta. Sú ákvörðun leiðir til lækkunar á vaxtakostnaði til framtíðar. Þannig skapast tækifæri til að lækka skatta og álögur á almenning eða fjárfesta frekar í velferð, menntun og innviðum.

Tíu stærstu málaflokkarnir í fjárlögunum 2016 eru þessir, taldir í milljörðum króna:



Er ættartré Íslendinga ekki eins og kústur?

Grínistinn **Jimmy Carr** fjallar um ferilinn og álit sitt á Íslendingum í viðtali við Fréttablaðið. Carr er þekktur um allan heim og er til að mynda með á sjöttu milljón fylgjenda á Twitter. Hann kemur til landsins í mars og treður upp í Hörpu og Hofi á Akureyri.

Hvað segirðu, hvað ætti ég að skoða þegar ég kem til Íslands?“ spyr grínistinn Jimmy Carr, sem væntanlegur er til landsins í mars. Carr hefur áður komið til landsins og skoðaði sig þá vel um og segist ætla að gera enn betur, enda ákaflega hrifinn af landi og þjóð. Þessi vinsæli grínisti fer yfir ferilinn og kynni sín í samtali við blaðamann Fréttablaðsins.

Reyndi alvöru vinnu

Jimmy Carr fæddist í september 1972 í London í Englandi. Hann á ættir að rekja til Írlands og segist sjálfur vera „plast-Íri“, sem er hugtak notað um brottflutta Íra. Jimmy Carr hefur vakið athygli á heimsvísu fyrir mjög sérstakan stíl í uppistandi; Carr er beittur og oft með marga stutta brandara. Að ræða við hann í síma er í raun ekki ósvipað og heyra hann halda uppistand. Blaðamaður hreinlega tárast úr hlátri oft á tíðum.

„Ég reyndi að vera í alvöru vinnu þegar ég var yngri, en það gekk ekkert,“ segir hann með skemmtilegan tón í röddinni. Carr er með gráðu í stjórnmálafræði og gekk vel í skóla.

„Ég fékk vinnu í olíuindnaðinum, þar sem ég var alvarlegur, með skjalatösku og í jakkafötum,“ bætir hann við en síðar leitaði hugurinn í fjölmiðla og á sviði. Upp úr aldamótum fór Carr að vekja athygli fyrir frammistöðu sína á sviði og árið 2002 hlaut hann Time Out-verðlaunin sem besti uppistandari Bretlands.

Íslendingar skilja mikið

Stór hluti grínsins sem Carr býður upp á er hláðinn kaldhæðni. Og oft á tíðum leikur hann sér með orð og merkingar. „Sýningarnar mínar eru svolítið breytilegar á milli landa. Þegar ég treð upp í landi þar sem enska er ekki móðurmálið, reyni ég að byrja á bröndurum sem eru auðskiljanlegir, sem hjálpa fólki að aðlagast. En á Íslandi þarf ég ekki mikið að huga að þessu. Íslendingar skilja mjög djúpan húmor og eru mjög góðir í ensku,“ segir grínistinn.

Jimmy Carr hefur troðið upp um allan heim og er einn af fáum breskum grínistum sem hafa náð vinsældum í Bandaríkjunum. Hann hefur margoft komið fram í stærstu spjallþáttunum þar í landi, auk þess sem hann stýrði þætti á sjónvarps-

stöðinni Comedy Central í tvö ár. Til viðbótar hefur Carr leikið í bandarískum kvikmyndum.

Eru ekki allir Íslendingar skyldir?

„Þegar ég kom síðast til landsins skoðaði ég alla helstu ferðamanna-staðina, núna langar mig að gera eitthvað öðruvísi. Hvað get ég gert?“ spyr Carr. Hann hreinlega krefur blaðamann um svör, sem stingur upp á að kíkja í miðbæ Reykjavíkur á föstudags- eða laugardagskvöldi, að reyna að verða sér úti um íslenskan þorramat og sitthvað fleira. „Hvernig skemmtið þið ykkur eiginlega? Erud þið ekkert hrædd um að „pikka“ óvart upp frændur eða frænkur ykkar? Eru ekki allir Íslendingar skyldir? Mér skilst að ættartré íslensku þjóðarinnar sé eins og kústur að stærð,“ segir hann og bætir einhverju við sem blaðamaður heyrir ekki fyrir hlátrinum í sjálfum sér.

Carr treður upp í Hörpu og Hofi á Akureyri í mars, en örfáir miðar eru eftir á baðar sýningarnar. Því hefur verið ákveðið að bæta við aukasýningu þann 5. mars í Háskólabíói og hefist miðasala á hana þann 21. janúar. kjartanati@365.is

STAÐREYNDIR UM JIMMY CARR

- Hann tróð fjórum sinnum upp hér á landi árið 2014. Aðeins tók á bilinu fimm til fimmtán mínútur að selja hverja sýningu upp, að sögn talsmanna Senu, sem fluttu hann inn.
- Gestir á sýningum hans eru yfirleitt beðnir um að skilja sóma-kenndina eftir heima, Carr gerir grín að öllu.
- Carr hélt uppistand í sýndarveruleikanum Second Life árið 2007. Um hundrað manns horfðu á uppistandið.
- Árið 2009 fór Carr í tónleikaferðalag með bandarisku rokksvéitinni The Killers. Brondon Flowers, einn meðlima sveitarinnar, sagði frá því í viðtali fyrir um þremur árum, að Jimmy Carr hafi verið innblástur lagsins Deadlines and Commitments.



Skelltu í Sheperd's Pie

Þessi uppskrift miðast á við þrjá til fimm.

500 g nautahakk

Ólífuoía

3 gulrætur

1 meðalstór laukur

3 hvítlauksgearar

4 tsk. tómátpúrri

1 ½ dl rauðvín

2 dl kjúklingsað (soðið vatn og kjúklingateningur)

Væn skvetta af Worcestershire-sósu

2 tsk. rósmarín

Nokkur lárviðarlauf

Salt og nýmalaður pipar

Hitið olíu á pönnu og steikið hakkið, kryddið til með salti og pipar.

Rifið niður gulrætur, hvítlauk og lauk með rifjarni.

Bætið öllu öðru saman við og blandið þessu mjög vel saman. Smakkið auðvitað til.

Leyfið þessu að malla við vægan hita í 10-15 mínútur, blandið lárviðarlaufum saman við en takið þau svo í burtu þegar hakkblandan er sett í eldfast mót.

Kartöflumús gegnir lykilhlutverki í þessum rétti. Setjið hakkblönduna í eldfast mót.

Setjið karöflumús ofan á hakkblönduna.

Smyrjið vel yfir hakkblönduna Saldrið að lokum duglega af ferskum parmesanosti yfir.

Setjið réttinn inn í ofn við 180°C í 20-25 mínútur.

Uppskrift fengin frá Evu Laufeyju Kjarnan.

Leitar að verkefnum í Gulli byggir

Gunnlaugur Helgason, umsjónarmaður þáttarins Gulli byggir, leitar nú að verkefnum til þess að fylgjast með fyrir þáttinn Gulli byggir. Fjallað verður um verkefnið í þættinum sem sýndur verður á Stöð 2 í haust og mega þau ekki taka lengri tíma en þrjá til fjóra mánuði í framkvæmd.

Umsóknarfrestur rennur út þann 15. janúar næstkomandi en Gulli segist ánægður með hversu margir hafa sett sig í samband við hann en tekur fram að hann taki enn við umsóknum.

„Ég er byrjaður að fara í gegnum þetta og það eru mörg flott og athyglisverð verkefni,“ segir hann hress og bætir við: „Það eru mörg verkefni úti á landsbyggðinni sem ég er mjög ánægður með og bara alls konar. Ég er alveg í skjýjunum með þessa þáttöku.“ Á annað hundrað umsóknir hafa borist en serían sem fer í sýningu í haust er önnur í röðinni hjá Stöð 2.

Gulli sjálfur hefur gaman af og segist við gerð þáttanna sameina tvö áhugamál, fjölmiðla og lagfæringar og breytingar á húsum auk viðhaldsvinnu sem fólk getur sjálft sinnt. „Þegar fólk framkvæmir eitthvað sjálft þá verður það svo ánægt með verkið, sérstaklega ef það hefur ekki staðið í einhverju svona áður, það kann einhvern veginn betur að meta útkomuna,“ segir hann glaður í bragði að lokum.

Þeim sem hafa áhuga á að vera með er bent á að senda tölvupóst á gullibyggir@stod2.is fyrir 15. janúar. Í tölvupóstinum skal koma fram einföld lýsing á verkefninu, símanúmer og myndir af verkefninu ef nokkur kostur er á.



Gulli Helga stýrir þáttunum Gulli byggir á Stöð 2.

Yuasa rafgeymar



YUASA

Með hverjum keyptum Yuasa rafgeymi færðu 20% afslátt á Ctek hleðslutæki.

THULE
SWEDEN

Bretta- og skíðafestingar



LIQUI MOLY


Efnavörur fyrir bíla

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is



Hljómsveitin Fufanu sló í gegn á Eurosonic í fyrra. MYND/FLORIAN TRYKOWSKI



Photos: NASA/GSFC

OLÍA OG GAS Á NORÐURSKAUTINU: ÁBYRGÐ OG SKYLDUR

Talið er að á Norðurskautinu sé að finna gríðarlegt magn gass og stærstu ónýttu olíulindir sem fyrirfinnast. Auðlindanýting í hinni óblíðu náttúru Norðurskautsins er flókin og hún gæti haft víðtækar afleiðingar. Á málstofu í Háskólanum í Reykjavík ræða þrjú reyndir fræðimenn á sviði alþjóðalaga þau úrræði sem í boði eru ef umhverfisskaði verður á Norðurskautinu og íbúar þess verða fyrir tjóni.

Málstofa í HR, fimmtudaginn 14. janúar kl. 14-16 í stofu M209.

Viðburðurinn fer fram á ensku og er skipulagður af lagadeildum Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri með stuðningi frá sendiráði Kanada.

Dagskrá

Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, býður gesti velkomna

Stewart Wheeler, sendiherra Kanada á Íslandi, heldur opunarávarp

Hydrocarbon activities in the Arctic: Who pays if we get it wrong?

Rachael Lorna Johnstone, prófessor í lögfræði við HA og Háskólann á Grænlandi

Design considerations for a liability and financial assurance regime in domestic law

Nigel Bankes, prófessor í náttúruauðlindarétti við Háskólann í Calgary í Alberta, Kanada og aðjúnkt við lagadeild háskólans í Tromsø, Noregi og KG Jebsen miðstöðina í hafrétti í Tromsø

How can non-Arctic states defend the common heritage of mankind in the central Arctic Ocean?

Bjarni Már Magnússon, lektor við lagadeild HR og Fulbright Arctic Initiative-styrkþegi

Fundarstjóri er Page Wilson gestafræðimaður við lagadeild HR og lektor í alþjóðasamskiptum og lögfræði við Háskólann á Grænlandi.

Málstofan er öllum opin og aðgangur er ókeypis

Hægt verður að fylgjast með ráðstefnunni á netinu á sílóðinni: livestream.com/ru/arcticoil

@haskolinn
#haskolinnrvk

Sex íslensk nöfn á Eurosonic

Tónlistarhátíðin og ráðstefnan hefst í Hollandi í dag. Íslensk nöfn hafa gert góða ferð út.

Sex íslenskar hljómsveitir og listamenn koma fram á Eurosonic-tónlistarhátíðinni sem fram fer í Hollandi í vikunni. Íslensku sveitirnar sem fram koma á hátíðinni í ár eru rokkhljómsveitirnar Muck, Pink Street Boys, Kontinuum og þá koma þeir Axel Flóvent og Svavar Knútur einnig fram. Hin hálfíslenska hljómsveit When Airy Met Fairy með Þórunni Egilsdóttur í broddi fylkingar kemur einnig fram. Þórunn er íslensk en búsett í Lúxemborg og gerði það gott í The Voice í Þýskalandi.

Eurosonic er ekki einungis tónlistarhátíð heldur einnig tónlistarráðstefna, þar sem fulltrúar allra stærstu popp- og raftónlistarhátíða í Evrópu, Bandaríkjunum og víðar, ásamt ríkisútvarpsstöðvum Evrópu og Norðurlandanna mætast. Hún er jafnframt hugsuð fyrir bransafólk og hafa íslenskir listamenn vakið mikla lukku á hátíðinni undanfarin ár.

„Það hafa margar íslenskar hljómsveitir gert góða ferð á Eurosonic og má þar nefna FM Belfast, sem var þarna árið 2009 og sló í gegn. Í framhaldi af því hefur hún hefur verið með mikla og góða útgerð á festivöllum í Evrópu,“ segir Sigtryggur Baldursson, trommuleikari og framkvæmdastjóri Útón, spurður út í hvað slík hátíð geti haft í för með sér fyrir hljómsveitir og listamenn.

„Það er talið í endann hver fær flestar festivalsbókanir og fékk FM Belfast gífurlega mikið af festivalsbókunum á sínum tíma, en sveitin er enn á fullu að spila hér og þar. Svo fékk Ásgeir Trausti mikið af bókunum þegar hann fór á Eurosonic árið 2013,“ bætir Sigtryggur við.

Ísland var svokölluð fókusþjóð á hátíðinni í fyrra en þá komu nítján íslensk nöfn fram á hátíðinni og þá var einnig boðið upp á pallborðsumræður um Iceland Airwaves og tónlistartengda ferðamennsku, enda Ísland verði mjög framarlega í tónlistarheiminum, sérstaklega miðað við höfðatölu.

Fleiri íslensk nöfn hafa gert góða ferð út eins og meðal annars Fufanu og Mammút. „Þetta er öflug bransahátíð og nú erum við að reyna að fá ákveðna aðila til að koma og tékka á ákveðnum böndum,“ segir Sigtryggur.

IQ Magazine verður meðal annars með umfjöllun um íslensku nöfnin á hátíðinni.

Sigtryggur segir mikið af umsóknum um að fá að koma fram á Eurosonic berast á ári hverju. „Við biðjum bönd um að sækja um. Það sóttu einhver fjórutíu til fimmtíu bönd um í fyrra og svo velur Eurosonic þau bönd sem koma fram. Við höfum ekki mikið um það að segja hvað þeir velja,“ segir Sigtryggur spurður út í fyrirkomulag. Eurosonic fer fram dagana 13.-16. janúar.

gunnarleo@frettabladid.is



Sigtryggur Baldursson, trommuleikari og framkvæmdastjóri Útón, tók til máls í fyrra. MYND/FLORIAN TRYKOWSKI



Hljómsveitin Árstíðir, sem hefur verið iðin við tónleikahald erlendis, gerði það gott á hátíðinni í fyrra. MYND/FLORIAN TRYKOWSKI

PAMPERS GÆÐABLEYJUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Botnverð á Pampers bleyjum í Iceland



Pampers®


ÓTRÚLEGT
VERÐ



TILBOÐ Á BLEYJUM

1199 kr. pakkinn

PAMPERS
ALLAR STÆRÐIR - STÓRIR PAKKAR



Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró. Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausán greiðslufrest. Skráðu þig á www.netgiro.is

 **Netgíró**
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

BRODDAR

Frá snjokeðjuframleiðandanum Veriga



Fjallgöngubroddar

- 13 punkta broddar
- Askja fylgir með
- Soðin samskeyti
- Sterkar lamir
- Ryðfritt stál
- Frostþolið gúmmí
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

Verð 5900 kr.



Sterkir utanslóðabroddar

- Góðir utanslóðabroddar
- Geymslupoki með beltastöng
- Soðin samskeyti
- Ryðfritt stál
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

Verð 5490 kr.



Innanbæjarbroddar

- Henta við hálar aðstæður
- 10 punktar veita hámarks grip
- Passa á flestar gerðir skófatnaðar
- Hágæða gúmmíteygja
- Auðveldir í notkun
- Geymslupoki fylgir
- Stærðir M (36-41), L (39-46), XL (45-48)

Verð 2890 kr.



Grófir innanbæjarbroddar

- Gripa vel í hálku
- Grófir án gadda
- Fara innfyrir þröskuld án þess að skemma gólf (t.d. verslanir)
- Stærðir M (36-41), L (41-44,5), XL (45-48)

Verð 6490 kr.



GG-sport

Smíðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi,
sími: 571 1020 • www.ggsport.is

Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is



Þórir Sæmundsson er spenntur fyrir að takast á við hlutverk Badda FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Baddi er efnilegur en glímir við Bakkus

Þórir Sæmundsson undirbýr sig fyrir hlutverk í Djöflaeyjunni sem sett verður upp sem söngleikur í Þjóðleikhúsinu næstkomandi vor.

Þessi saga er algjör gimsteinn," segir Þórir Sæmundsson um Djöflaeyjuna sem sett verður upp sem söngleikur í Þjóðleikhúsinu í mars. Þórir fer þar með hlutverk hins goðsagnakennda Badda sem margir muna eftir úr mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar þar sem Baltasar Kormákur lék Badda. Nú leikstýrir Baltasar hins vegar verkinu ásamt Atla Rafni Sigurðssyni.

„Þetta leggst rosalega vel í mig, Æfingar byrja núna 25. janúar. Sýningin er vel mönnuð og mjög spennandi vinna fram undan. Ég leik Badda eða Bjarna Heinrich Kreuzhage. Hann er efnilegur maður sem glímir við algengan sjúkdóm, alkóhólisma. Hann er töfari, brotinn og þjáður einstaklingur," segir Þórir spenntur fyrir komandi verkefni. Þórir hefur starfað hjá Þjóðleikhúsinu undanfar-

in ár og hefur farið þar með fjöldann allan af hlutverkum; meðal annars í Sjálfstæðu fólki, Ævintýrum í Latabæ, Karitas, Oliver, Brennuvögunum, Norway Today, Skilaboðaskjóðunni og Kardemommubænum svo að eitt hvað sé nefnt.

„Það er þakklátt starf að fá að gleða 500 manns og senda alla brosandir heim, fá að skellihlæja með æðislegum kollegum baksviðs og fá að stunda almennilega líkamsrækt á meðan.“

Þórir leikur núna Hróa hött í sýningunni í hjarta Hróa hattar og hefur gaman af. „Það er virkilega gaman, sérstaklega þar sem sýningin er mjög vinsæl og skemmtileg. Nokkrar vina-beiðnir og „poke“ hafa komið á mitt borð upp á síðkastið," segir Þórir aðspurður hvort hann hafi fengið aukna athygli eftir að hafa brugðið sér í hlutverk Hróa hattar.

gudrunjona@frettabladid.is

Hver leikur hvern

Þórir Sæmundsson leikur Badda en Baltasar Kormákur lék hann í kvikmyndinni.



Katrín Halldóra Sigurðardóttir leikur Dollý en Halldóra Geirharðsdóttir fór með hlutverk hennar.



Baltasar Breki leikur Grjóna sem var leikinn af Ingvari Sigurðssyni í myndinni.



Arnmundur Ernst Backman leikur Danna sem Sveinn Geirsson lék.

Verður góð leikhúsupplifun



Atli Rafn leikstýrir Djöflaeyjunni ásamt Baltasar Kormáki

Djöflaeyjan er nýr söngleikur, byggður á metsölubókum Einars Kárasonar. Verkið fjallar um drama, sorgir og sigra fjölskyldu Karólínu spákonu, og mannlífið í braggahverfum Reykjavíkur á eftirstriðisárunum. „Sem stendur er þetta verk í vinnslu en kemur til með að vera góð leikhúsupplifun, með mikilli tónlist. Þeir sem koma til með að stjórna tónlistinni eru meðal annars Sigurður Guðmundsson, Guðmundur Kristinn Jónsson og Guðmundur Óskar Guðmundsson," segir Atli Rafn Sigurðsson leikstjóri spurður um hvernig þeir komi til með að setja Djöflaeyjuna upp sem söngleik.

FORRITUN TIL FRAMA

FORRITUNARBRAUT NTV ER TVEGGJA ANNA NÁM
BÆÐI Í HEFÐBUNDINNI FORRITUN OG SKÝJAFORRITUN.
FORRITUN ER FJÖLBREYTT, SKAPANDI OG ALÞJÓÐLEG
STARFSGREIN SEM STÖÐUGT VANTAR NÝJA OG FERSKA
STARFSKRAFTA. NÁMIÐ BYGGIR MEÐAL ANNARS
Á STÖÐLUÐUM NÁMSKEIÐUM FRÁ MICROSOFT.

NÆSTU NÁMSKEIÐ:

FORNÁM Í FORRITUN

hefst 11. janúar

DIPLÓMANÁM Í FORRITUN

hefst 1. febrúar

SKÝJAFORRITUN

hefst 2. febrúar



NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnaþróun og fer fram í litlum hópum í nánú samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu- og
viðskiptaskólinn

Bakpankar

Erlu Bjargar
Gunnarsdóttur



Bjarnargreiði við kassann

Þegar ég drep á bílnum á bílastæðinu fyrir framan Bónus þyrmir yfir mig. Þetta er litrík kvíðablanda. Hvað á ég að hafa í matinn? Nenni ekki að bera sex poka upp á fjórðu hæð. Töm og innkaupafírrt andlit fjöldans. Börnin mín kvíða aftur á móti eingöngu einu. Það er hvort ég verði þeim til skammar á kassanum enn eina ferðina.

Þau eru brött í grænmetinu, verða þögul í mjólkurkælinum en hjá niðursuðuvörnum eru þau orðin stjórn. Ég lifi nefnilega á brúninni og kík aldrei á netbankann minn. Með þeim afleiðingum að ég gleymi stundum að borga reikninga. Og fer stöku sinnum fram yfir heimild. Svo á ég það til að gleyma pin-númerinu. Og alltaf fæ ég þetta í hausinn í Bónus!

Augnablikið er því spennuþrungid þegar ég skelli kortinu í posann og bið eftir heimildinni. Alltaf gott að hafa smá spennu í lífinu, segi ég hlajandi og hress við börnin sem stara stift á posaskjáinn. Varirnar herptar saman og öndunin hröð. En ef eitthvað klikkar vipa ég bara upp símanum og græja. Millifæri eða gref upp nýtt pin-númer. Ekkert stress. (Nema þegar ég finn ekki símann.) Á meðan hleypur roði í kinnar barnanna sem láta augun reika milli unglingsins á kassanum sem finnst þetta jafn vandræðalegt og sistækkandi röðinni á eftir okkur. Eitt barnið hefur hreinlega gufað upp í þessum aðstæðum.

En aldrei hefur einhver komið og boðist til að borga fyrir mig. Þið vitið. Eins og er í tisku þessa dagana. Þetta eru fallegar sögur og er ég viss um að ég fengi aftur trú á mannkyninu. En ég er hrædd um að það yrði til þess að börnin færu aldrei aftur með mér í Bónus. Vandræðagangurinn og athyglin myndu vera kornið sem fyllir mælinn. Og það er alls ekki gott að missa burðardýrin. Búandi á fjórðu hæð.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Amarbakka



Iceland



ÁSTRÍÐA
Að breyta þinni hugmynd í veruleika. Færa úr tölvutæku formi í fullkominn prentgrip. Þar liggur okkar ástríða.



Framtíðin er full af möguleikum

Öllum þykir gaman að velta fyrir sér hvað framtíðin muni færa þeim af spennandi viðfangsefnum og áskorunum.

Okkar hlutverk er að auðvelda þér að leggja grunn að farsælli framtíð með traustri fjármálaráðgjöf.

Kynntu þér það sem við höfum að bjóða á arionbanki.is eða komdu við hjá okkur til að ræða þína framtíð.

 Arion banki
- fyrir framtíðina